Suðurlandsvegur

Bugða

Rauðhólar

Stóri-Rauðhóll

Snið 53

Hólmsá

Heiðmerkurvegur

Oddgeröisnes

Helluvatn

Elliðavatn

Hrauntúnstjörn

Kirkjuhólmatjörn

95-100m

90-95m

85-90m

80-85m

75-80m

70-75m

≤70m

0 300 m

N



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Fólkvangur
- Vegur
- Heimreið (til skýringar)
- Stofnstígur
- Útivistarstígur
- Náttúrustígur
- Reiðleið
- Reiðleið-einhesta
- Bílastæði
- Áningarstaður
- Áningarstaður hestamanna
- Útsýnisstaður
- Fornleifar 100 ára og eldri
- Fornleifar 1920-1930
- Fornleifar <1930
- Fornleifar <1940
- Endurgerð brúar yfir Helluvatn (byggingarreitur)
- Brunnsvæði vatnsverndar
- Fjarsvæði B
- Brú
- Öryggissvæði vegna grunnvatns
- Öryggissvæði vegna yfirborðsvatns
- Grannsvæði

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____

þann _____ 202__ og í

_____

þann _____ 202__.

Tillagan var auglýst frá _____ 202__ með athugasemdafresti til _____ 202__ . Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 202__.

_____.

BR.	DAGS.	BREYTING	TEKN.

RAUÐHÓLAR

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ - BORGARTÚN 12-14, 411-1111

LANDMÓTUN ehf. HAMRABORG 12 , 200 KÓPAVOGUR - S: 575 5300 - KT. 561204-2760 - NETF: landmotun@landmotun.is

RAUÐHÓLAR-FÓLKVANGUR

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARÚPPDRÁTTUR

SKIPULAG: ÓÖG
TEIKNAÐ: DG, BG
SAMÞYKKT:
KT.

KVARÐI 1: 3.000 A1 | KÓPAVOGUR | DAGS: 22.03.2021

VERKNR. 0000-DU2001 | TEIKN. NR. 01 | BR. 20.04.2022

REYKJAVÍKURBORG

DEILISKIPULAG RAUÐHÓLA

TILLAGA

22. mars 2021

Br. 20. apríl 2022

Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir
Drífa Gústafsdóttir
Björk Guðmundsdóttir

Unnið fyrir: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____

þann _____ 202__ og í_____ þann _____ 202__.

Tillagan var auglýst frá _____ 202__ með athugasemdafresti til _____ 202__ .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 202__.

_____

Efnisyfirlit

1. Inngangur ... 6
1.1. Markmið ... 6
2. Forsendur ... 7
2.1. Staðsetning og afmörkun ... 7
2.2. Umhverfi og staðhættir – Grunnástand ... 7
2.3. Tengsl við aðrar áætlanir ... 11
2.3.1. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 ... 11
2.3.2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040 ... 12
2.3.3. Fólkvangur ... 14
2.3.4. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn Rauðhóla ... 15
2.3.5. Ástandsmat áfangastaða á friðlýstum svæðum: Rauðhólar 2019 ... 15
2.3.6. Vatnsvernd ... 16
2.3.7. Lög um náttúruvernd ... 18
2.4. Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum ... 20
2.4.1. Norðlingaholt ... 20
2.4.2. Tvöföldun Suðurlandsvegar ... 20
2.5. Fornleifaskráning ... 20
3. Deiliskipulag ... 23
3.1. Almennt ... 23
3.2. Samgöngur og innviðir:aðkoma, stígakerfi og áningarstaðir ... 23
3.2.1. Göngu- og hjólaleiðir ... 25
3.2.2. Útivistarstígar ... 25
3.2.3. Reiðleiðir og hestaáning ... 25
3.2.4. Áningarstaðir og fræðsla ... 26
3.2.5. Vegir og aðkoma ... 27
3.2.6. Bílastæði ... 29
3.2.7. Önnur umferð eða viðburðir ... 29
3.2.8. Sértækar aðgerðir vegna bílastæða og vega ... 29
4. Áhrifamat ... 31
5. Samráð ... 32
6. Afgreiðsla eftir auglýsingu ... 32

7. Heimildarskrá 33

Myndaskrá

Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðis. 7
Mynd 2. Vistgerðarkort af skipulagssvæðinu. 8
Mynd 3. Jarðfræðikort af höfuðborgarsvæðinu. 9
Mynd 4. Helstu staðhættir og núverandi stígakerfi. 10
Mynd 5. Landnotkun samkvæmtAðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030. 11
Mynd 6. Kort um náttúru og útivist í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Rauðhólar er innan rauða rammans. 13
Mynd 7. Kort af friðlýsingu Rauðhóla frá 1974. 15
Mynd 8. Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Samþykktur uppdráttur frá 2015. 19
Mynd 9. Skráðar minjar við Rauðhóla. Rauðir punktar 100 ára og eldri, gulir minjar frá 1917-1930, grænir 1930 og yngri og bláir 1940 og yngri 21
Mynd 10. Stígar og slóðar sem verður lokað 24
Mynd 11. Allir stígar og slóðar innan skipulagssvæðisins 24
Mynd 12 Hugmynd að fljótandi timburstíg fyrir gangandi 25
Mynd 13. Rannsóknarsnið í gervigíg númer 53 26
Mynd 14. Rannsóknarsnið í gervigíg númer 53 (NÍ, Anette Th. Meier, 2020). 26
Mynd 15. Hugmynd að nýjum áningarstað við gíg nr. 53. 26
Mynd 16. Hugmynd að nýjum áningarstað við aðalaðkomu við Rauðhóla. 27
Mynd 17. Bílastæði og áning við aðkomu að Rauðhólum 28
Mynd 18. Möguleg ásýnd bílastæðis við Rauðhóla eftir breytingar, horft til austurs. 28
Mynd 19. Möguleg ásýnd bílastæðis við Rauðhóla eftir breytingar, horft til suðurs. 29

Töfluskrá

Tafla 1 Samantekt á ástandi áfangastaða á friðlýstum svæðum við Rauðhóla 16
Tafla 2. Samantekt á aldursflokkun minja. 21
Tafla 3 Minjatafla fyrir skráningarsvæðið 22

1. Inngangur

Fólkvangurinn Rauðhólar eru innan borgarhluta Árbæjar, hluti af jörðinni Elliðavatni. Rauðhólar voru friðlýstir sem fólkvangur 1974 og er stærð fólkvangsins um 1,3 km^2.

Deiliskipulagið nær yfir allan fólkvanginn og lítillega út fyrir jaðar hans, heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er um 145 ha að flatarmáli. Jörðin Elliðavatn eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

Samhliða skipulagsvinnunni er í gangi samstarfshópur um fólkvanginn. Í samstarfshópnum eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar og vinnur hópurinn að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Rauðhóla. Áætlunin er hugsuð sem stjórntæki til að móta framtíðarsýn og leggja fram stefnu um verndun fólkvangsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi.

Mat á umhverfisáhrifum hefur ekki verið unnið fyrir svæðið þar sem deiliskipulagið fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Ekki eru fyrirhugaðar neinar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins sem falla undir og eru tilgreindar í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, viðauka 1 eða 2.

Deiliskipulaginu fylgir áhrifamat skv. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þeir umhverfisþættir sem skoðaðir eru í áhrifamatinu eru:

- **Landslag og ásýnd**
- **Náttúru- og menningarminjar**
- **Vistkerfi og landgæði**
- **Útivist**
- **Samfélag**
- **Vatnsvernd**

1.1. Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að hlúa að svæðinu og stuðla að vernd með því að skilgreina og afmarka svæði og leiðir sem lúta að því að tryggja að umhirða, rekstur og framkvæmdir séu í anda skilgreindra markmiða.

Leiðir að markmiðum:

- Skilgreina aðalleiðir gangandi og ríðandi vegfarenda um svæðið til að auka upplifun ólíkra útivistahópa í sátt við náttúruna.
- Skilgreina akstursleiðina um Heiðmerkurveg og skoða hvort bæta eða færa þurfi tengingu inn í átt að Heiðmörk.
- Skilgreina bílastæði og fjölda þeirra við Rauðhóla og upphafstað fyrir útivist á svæðinu.
- Settar verða fram áætlanir um hvernig styrkja megi tengingar við græna stíginn um svæðið sem á að liggja innan græna trefilsins og tengja saman, í samvinnu við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.
- Kortlagðar verða helstu náttúruminjar, s.s. jarðminjar og vistgerðir og metið verndargildi og settir fram verndarskilmálar eftir þörfum.
- Skilgreindar verða sértækar aðgerðir sem skal viðhafa þar sem svæðið er á skilgreindu vatnsverndarsvæði og nálægt brunnsvæði.

- Skilgreindar verða hvaða tegundir af umferð eða athöfnum er ekki leyfileg.
- Minjar verða merktar og settar fram aðgerðir eftir þörfum til að hlúa að þeim og vernda.

2. Forsendur

2.1. Staðsetning og afmörkun

Deiliskipulagssvæðið er Rauðhólar og aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúna að Helluvatni. Fólkvangurinn sjálfur er um 1,3 km^2 að stærð, svæðið er u.þ.b. 1 km austan við byggðina í Norðlingaholti. Mörk fólkvangsins markast að mestu leyti af ánni Bugðu sem rennur við norður, norðaustur, norðvestur og vestur hluta svæðisins. Við Heiðmerkurveg fylgja mörkin línu sem dregin er um 200 metra austur af veginum. Þaðan er dregin lína sem nær um 800 metra til suðurs og suðvesturs þar til komið er yfir brúna yfir Suðurá. Ákveðið hefur verið að stækka skipulagssvæðið lítillega út fyrir mörk fólkvangsins til að afmarka Heiðmerkurveg sem hluta af skipulaginu og þá sem fyrr segir yfir brúna að Helluvatni.

Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðis.

2.2. Umhverfi og staðhættir – Grunnástand

Frá þjóðvegi 1 liggur Heiðmerkurvegur um Rauðhóla og við hann eru 3 merkt bílastæðahólf fyrir gesti fólkvangsins og frá þeim stæðum liggja göngustígar um svæðið.

Svæðinu má skipta upp í þrjú svæði hvert með sín landslagseinkenni. Fyrsta er raskaði hluti Rauðhóla sem einkennast af óreglulegri lögun hólanna og mikilli manngerðri íhlutun og öðruvísi



Mynd 2. Vistgerðarkort af skipulagssvæðinu.

gróðurfari, annað er ám lítt röskuðum hlutum Rauðhóla þar sem hólarnir eru ávalari og huldir gróðurþekju og þriðja svæðið er jaðar svæðisins sem einkennast af flatlendi og votlendi (sjá mynd 4).

Íbúar höfuðborgarsvæðisins sækja töluvert inn á svæðið til að stunda útivist, t.a.m. í göngu-, reið- og hjólaferðir. Nálægð hesthúsa í Víði- og Almannadal auka reiðumferð umtalsvert á svæðinu en hestamenn ríða frá hesthúsahverfunum, ýmist sér til yndisauka eða ferðaþjónustu, og liggur leið þeirra oft í gegnum fólkvanginn.

Í næsta nágrenni við Rauðhóla eru vatnstökusvæðin Gvenndarbrunnar, Myllulækjarsvæði og Vatnsendakriki sem eru helstu vatntökusvæði neysluvatns fyrir höfuðborgarsvæðið.

Á svæðinu finnst votlendi (sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013) sem einkennist af starungsmýravist. Þá má auk þess finna grasengjavist, lyng- og mosahraunavist og alaskalúpínu.

Auk þess er að finna í nokkru mæli hraunlendi sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 á svæðinu. Náttúrulega framvindu gróðurs má sjá á þeim svæðum hólanna sem orðið hafa fyrir raski, en þau svæði einkennast aðallega af birki og víði sem breytt hefur úr sér frá nærliggjandi sumarbústaðalöndum. Á minna röskuðum hólum hafa grös og mosar breytt úr sér.

Ríkt fuglalíf er á svæðinu. Á vorin verpa ýmsar fuglategundir á votlendinu við ána Bugðu. Ber þá meðal annars að nefna hrossagauka, þúfutittlinga, endur, heiðlóu, spóa, stelk, maríuerlu, gæsir, jaðrakan og kríur. Reglulega sést til rjúpna í Rauðhólum. Auk þess hefur orðið vart við smyril, fálka, ref og mink í Heiðmörk, en ekki er þekkt að þessi dýr hafi átt óðal á Rauðhólum.

Rauðhólar eru gervigígar sem mynduðust fyrir um 4.500 árum, en gervigígar og hraun falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Hraunið var þunnfljótandi og þegar það komst í snertingu við vatn í Elliðavatni urðu gufusprengingar svo hraunið tættist í sundur og upp hlóðust gjallgígar. Rauðhólar þykja mjög jarðfræðilega merkilegir sökum þess að gervigígarnir eru afar sjaldgæfar jarðminjar á heimsvísu, en þó er að finna fleiri gervigígaþyrpingar á Íslandi.



Mynd 3. Jarðfræðikort af höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 4. Helstu staðhættir og núverandi stígakerfi.

2.3. Tengsl við aðrar áætlanir

2.3.1. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru Rauðhólar skilgreindir sem opið svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Rauðhólar eru jafnframt innan hins svokallaða græna trefils borgarinnar, sem myndar umgjörð um borgina og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis. Græni trefillinn er samfellt skógræktar- og útivistarsvæði þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt náttúrufar og lífríki og sambland skógræktar- og ósnortinna náttúrusvæða. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum er tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Heimilt er að reisa innan græna trefilsins byggingar og mannvirki sem tengjast skipulagðri útivistar og frístundaiðju. Skýrt skilyrði er að ekki verði tekið land undir slíka starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfinu. Í aðalskipulagi eru Rauðhólar jafnframt með nánari skilgreiningu útivistar; OP13 Rauðhólar en þar segir; „Handan við Bugðu er gróskumikið votlendi með gulvíðibrúskum. Það er á áhrifasvæði árinnar og tilheyrir friðlandinu í Rauðhólum. Rauðhólar eru þyrping gervigíga við suðausturjaðar Reykjavíkur og tilheyra Heiðmörk. Gervigígarnir mynduðust fyrir um 4600 árum þegar Elliðaárhraun rann. Upphaflega voru þeir 80 talsins en fækkaði á 20. öld sökum efnistöku. Mestur hluti efnisins var nýttur í Reykjavíkurflugvöll á tímum heimsstyrjaldarinnar síðari“.[1]



Mynd 5. Landnotkun samkvæmtAðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030.

[1] Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið (2014)

2.3.2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040

Deiliskipulag fyrir Rauðhóla er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um nálægð við fjölbreytt útivistarsvæði og náttúrulegt umhverfi sem eru undirstaða að lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu og markar m.a. sérstöðu höfuðborgarsvæðisins umfram önnur borgarsvæði. Í svæðisskipulaginu er m.a. eitt af leiðarljósunum/ markmiðum „Heilnæmt umhverfi og heilbrigt líf“ og er þar tekið fram að vefur útivistarsvæða gefur fólki kost á reglulegri hreyfingu í daglegum athöfnum og endurnæringu í frítíma, náttúrupplifun og jákvæðum, félagslegum samskiptum. Grænir geirar draga fram sérkenni landslags og tengja saman bláþráð strandlengjunnar og Græna trefilinn í jaðri borgarbyggðar. Tekið er fram að mikilvægt er að vernda óskert náttúrusvæði og tryggja að aukin ásókn skerði ekki verndargildi. Um ströndina og önnur útivistarsvæði liggur net stíga sem gefur möguleika á umhverfisvænum og heilnæmum ferðamátum um samfelldar leiðir milli sveitarfélaga og borgarhluta, og að mikilvægt sé að tryggja gott aðgengi að svæðum og greiðfæra leið milli þeirra.[2]

[2] Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 6. Kort um náttúru og útivist í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Rauðhólar er innan rauða rammans.

2.3.3. Fólkvangur

Samkvæmt 52. gr. laga um náttúruvernd 60/2013 er hægt að friðlýsa svæði sem fólkvang að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags. Friðlýsing fólksvangs skal miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Rauðhólar voru friðlýstir sem fólkvangur 1974, auglýsing nr. 185/1974 í Stjórnartíðindum B. Um reglur sem gilda um fólkvangin frá 1974 um friðlýsinguna segir:

„1. Fótgangandi fólki er heimil för um allr svæðið og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg að umferð fólks torveldist.

2. Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.“[3]

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir um Rauðhóla:

„Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stigar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatnsból og ræktað land enda er umferð óheimili innan slíkra girðinga. Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.“

Svæðið var á appelsínugula listanum hjá Umhverfisstofnun 2021. Svæði sem eru á appelsínugulum lista eru svæði sem er undir töluverðu álagi sem þarf að fylgjast vel með og bregðast við á ýmsan hátt.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Rauðhóla. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal meðal annars fjallað um landnýtingu, landvörslu, vöktun, fræðslu, miðlun upplýsinga og aðgengi ferðamanna. Áætlunin er hugsuð sem stjórntæki til að móta framtíðarsýn og leggja fram stefnu um verndun fólkvangsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi hans. Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

[3] Umhverfisstofnun. Auglýsing nr. 185/1974 í Stjórnartíðindum B-deild.



Mynd 7. Kort af friðlýsingu Rauðhóla frá 1974.

2.3.4. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn Rauðhóla

Samhliða deiliskipulagsvinnunni er í gangi starfshópur um fólkvanginn. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar og þar fer fram vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Rauðhóla. Áætlunin er sett fram í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að skilgreina markmið verndunar fólkvangsins og hvernig stefnt skuli að viðhaldi verndargildis svæðisins í anda sjálfbærrar þróunar og í samræmi við ákvæði um friðlýsingu svæðisins. Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf og að stjórnunar- og verndaráætlun séu einföld og upplýsingar séu settar fram á auðskiljanlegan hátt. Gert er ráð fyrir að gildistími áætlunarinnar verði 10 ár og að með henni fylgi aðgerðaáætlun sem gildir til 5 ára. Að fimm árum liðnum verður aðgerðaáætlunin endurnýjuð og uppfærð.

2.3.5. Ástandsmat áfangastaða á friðlýstum svæðum: Rauðhólar 2019

Rauðhólar Fólkvangurinn er vinsælt útivistarsvæði og í næsta nágrenni við Heiðmörkina og Elliðavatn. Gott en gamalt skilti er við eitt af bílastæðunum innan svæðisins sem sýnir göngu- og reiðleiðir um svæðið. Á svæðinu vantar þó merkingar eða stikur sem sýna legu göngustíganna og

nokkuð er um villuslóða. Reiðleið sem liggur um svæðið lítur vel út en er ómerkt. Svæðið ber þess þó merki að hestamenn hafi riðið víðar um svæðið og jafnvel upp á gervigígana með tilheyrandi raski. Virðist rask á gígunum vera mest næst bílastæðunum en gígarnir fjær eru í betra ástandi. Gróður er að mestu heilbrigður en ber merki ágangs. Töluverð lúpína finnst innan svæðisins.

Rauðhólar – ástand	Einkunn 2018	Einkunn 2019
Skipulag áfangastaðar	5,83	5,00
Innviðir áfangastaðar	5,24	5,56
Verðmæti áfangastaðar	5,51	5.00
Heildareinkunn áfangastaðar	**5,51**	**5,15**

Tafla 1 Samantekt á ástandi áfangastaða á friðlýstum svæðum við Rauðhóla

Breyting á milli ára

Reiðhjól og mótorhjól eru á svæðinu og eru för eftir þau víða utan stíga. För eftir hesta er víða um svæðið bæði á göngustígum og utan þeirra og eru göngustígar að breikka vegna þessa. t Á milli ára sést töluverður munur hvernig stígarnir hafa breikkað.

Úrbætur

Reykjavíkurborg og fleiri eru að vinna saman að úttekt á svæðinu til að setja fram úrbætur. Meðal annars þarf að bæta merkingar göngu- og reiðleiða og loka þarf villuslóðum. Þá er nauðsynlegt að slá lúpínu sem vex á svæðinu til að halda lúpínu í lágmarki og styrkja endurheimt á innlendum náttúrulegum tegundum.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Rauðhóla hófst í lok árs 2019. Umhverfisstofnun hefur í samstarfi við Reykjavíkurborg, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur unnið ákveðin vinnsludrög að stjórnunar- og verndaráætlun 2020-2029 fyrir Rauðhóla. Þar á meðal annars að setja fram aðgerðaráætlun til fimm ára um forgangsröðun aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu árum fyrir fólkvanginn Rauðhóla..[4]

2.3.6. Vatnsvernd

Skipulagssvæðið er samkvæmt samþykkt um vatnsverndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015á öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn , öryggissvæði fyrir grunnvatn og á grannsvæði vatnsverndar.. Öryggissvæðum er skipt í tvo flokka, allt eftir eðli svæðisins.

a) Öryggissvæði vegna grunnvatns: Svæði þar sem talið er að efni sem berast í jörð geti mögulega borist í grunnvatn og þaðan inn á áhrifasvæði vatnstökustaða.

b) Öryggissvæði vegna yfirborðsvatns: Svæði þar sem talið er að mengun á yfirborði geti mögulega borist inn á áhrifasvæði vatnstökustaða.

Samkvæmt samþykktinni þá skal þess meðal annars gætt að framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá ákvæði þessu ef metið er að lítil hætta sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar

[4] Rauðhólar í Heiðmörk,stjórnunar- og verndaráætlun 2020-2029, drög. Umhverfisstofnun 27.08.2020.

sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs. Afla skal starfsleyfis heilbrigðisnefndar fyrir framkvæmdum, áður en vegir eru gerðir, endurnýjaðir eða lagðir bundnu slitlagi.

Allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á öryggissvæðum skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Mannvirkjagerð þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita tímabundin starfsleyfi vegna rannsókna er tengjast nýtingu svæðisins. Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróm. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu. Ef efasemdir eru um nægjanlega afkastagetu eða virkni hreinsibúnaðar við fráveitu getur heilbrigðisnefnd kallað eftir úttekt á rekstraraðila eða kallað eftir öðrum fráveitulausnum.[5]

Í greinum 15-38 í samþykkt verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar. Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar eru raktar þær framkvæmdir, aðgerðir, vegir, starfsemi og fleira sem heimilaðar eða bannaðar eru innan grannsvæða. Hér á eftir er yfirlit yfir þær greinar sem tengjast beint þeim framkvæmdum sem deiliskipulagið leggur til.

17 gr. Við hönnun og uppbyggingu nýrri og eldri vega á grannsvæðum skal umferðaröryggi og mengunarvarnir lagt til grundvallar. Þar sem hætta er á útafakstri og á veghlutum þar sem grunnvatnsrennsli er til vatnsbóla skal tryggja fullnægjandi mótvægisaðgerðir.

18. gr. Nýja vegi skal ekki leggja á grannsvæði nema mikilvægar ástæður séu fyrir hendi. Þá skal að jafnaði ekki leggja bundnu slitlagi, en sé það gert skal nota steinsteypu eða malbik. Við allar framkvæmdir þar sem notaðar eru bifreiðar, vinnuvélar eða önnur tæki sem nota olíu af einhverju tagi, skal gætt fullnægjandi mengunarvarna. Notkun hálkuhamlandi eða rykbindandi efna er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

19. gr. Vegagerð og viðhald vega á svæðinu er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar sem setur nánari skilyrði um mengunarvarnir vegna framkvæmdanna. Leyfið skal ná til efna sem nota á í vegstæði og til gerðar slitlags sem skal vera steinsteypa eða malbik. Það skal ennfremur ná til mengunarvarna svo sem olíunotkunar og lekaskoðana á tækjum, til tímasetningar framkvæmda, staðsetningar vinnubúða og annarra atriða er málið kann að varða.

21. gr. Vegum og slóðum á grannsvæði sem hvorki er viðhaldið né standast kröfur vegna öryggisþátta m.t.t. mengunarhættu skal veghaldari loka fyrir almennri umferð en sé enginn veghaldari til staðar ber sveitarstjórn að loka fyrir umferð. Áningastaðir í og við Heiðmörk skulu hafðir sem fjærst brunnsvæðum.

23. gr. Þar sem almennir vegir liggja inn á eða að grannsvæði vatnsbóla skal eigandi vegarins láta koma fyrir skilti með nauðsynlegum upplýsingum fyrir vegfarendur um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun.

26. gr. Ræktun og uppgræðsla á grannsvæðum er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Þegar sótt er um slíkt leyfi skal leggja fram áætlun um framkvæmdina. Heilbrigðisnefnd setur þau skilyrði fyrir leyfinu sem hún telur eiga við hverju sinni og skal leyfið bundið við tiltekið svæði, árafjölda og framkvæmdaraðila.

[5] Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnessbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. 2015.

Í leyfinu skal tekið fram magn og meðferð áburðar og á hvaða tíma ársins dreifing sé heimil. Notkun tilbúins áburðar er eingöngu heimil í undantekningartilvikum.

37. gr. Við skipulag útivistar og umferðar skal þess gætt að mengunarhætta verði sem minnst. Umráðaaðili útivistarsvæðis skal sjá um að komið verði fyrir ílátum fyrir rusl þar sem það á við og að fram fari reglubundin tæming þeirra. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að fram fari reglubundin hreinsun á og við stíga og áningastaði.

Stjórn vatnamála

Unnið er að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósarvatni og strandsjó, til vistkerfa þeira og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaáætlun en áætlað er að vatnaáætlun taki gildi árið 2022. Innan fyrirhugaðs deiliskipulagssvæðis rennur áin Buga sem straumvatnshlotanúmerið 104-934-R og nefnist Hólmsá/Suðurá. Að auki nær skipulagssvæðið að hluta til Elliðavatns sem hefur vatnshlotanúmerið 104-303-L. Samkvæmt markmiðum laga og reglugerðar um stjórn vatnamála skulu vatnshlot vera mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Einnig er reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota og eiginleika, álagsgreiningu og flokkun sem eru til staðar og vísað er frekar í.

2.3.7. Lög um náttúruvernd

Á skipulagssvæðinu eru vistkerfi og jarðmyndanir sem falla undir sérstaka vernd samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 en þar segir í 61. grein í kafla X.

„X. kafli. Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl.

61. gr. Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.

a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, [20.000 m 2] 1) að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m 2 að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,

b. [sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré].

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar.

a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,

b. [fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.“[6]

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Elliðavatn er á tillögu Náttúrufræðistofnunar og er tilnefnt vegna ferskvatnsvistgerðar sem ber að hafa til skoðunar ef þessi tillaga Náttúrufræðistofnunar verði samþykkt.

[6] Alþingi, lagasafn, lög um náttúruvernd nr. 60/2013.



Mynd 8. Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Samþykktur uppdráttur frá 2015.

2.4. Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum

2.4.1. Norðlingaholt

Deiliskipulagið öðlaðist gildi 11.04.2003.

2.4.2. Tvöföldun Suðurlandsvegar

Um þessar mundir stendur yfir undirbúningur vegna fyrirhugaðra framkvæmda við tvöföldun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt almenningi árið 2019 og tillaga að matsáætlun hefur verið lögð fram til meðferðar Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr. 106/2000, og tillagan send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Í kjölfarið mun vera unnin tillaga að deiliskipulagi fyrir tvöföldunina.

Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ, áforma að tvöfalda Suðurlandsveg frá vegamótum við Bæjarháls að Hólmsá. Lagður verður 2+2 vegur og tengingum fækkað frá því sem nú er. Byggð verða þrenn mislæg vegamót. Gerðir verða nýir reið-, hjóla- og göngustígar. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi allra fararmáta og tryggja greiðari umferð um Suðurlandsveg. Vegurinn verður byggður í allt að fimm áföngum.

Í áföngum 1 og 2 verður vegurinn tvöfaldaður án mislægra vegamóta. Ný akbraut verður lögð austan núverandi vegar, aðlaga þarf tengingar mislægra vegamóta við Bæjarháls og tengingar við hringtorg við Breiðholtsbraut. Við vegamót Breiðholtsbrautar er landrými takmarkað og einnig er þrengt að vegsvæði við Rauðavatnsskóg. Á þeim vegkafla verður byggður vegur með þröngu vegsniði, tvöfalda þarf hringtorg við Norðlingavað.

Suðurlandsvegur liggur síðan á bökkum Bugðu (Hólmsár) austan Norðlingaholts á svæði sem að stórum hluta hefur verið raskað með ýmsum framkvæmdum. Tenging við Heiðmörk verður aðlöguð. Lögð verður áhersla á að raska ekki ánni og árbakkanum og því verður vegurinn tvöfaldaður til suðurs eftir að vegurinn þverar Bugðu (Hólmsá) og aftur verður yfirfærsla og breikkun til norðurs þegar farið verður yfir ána í annað sinn. Í áföngum 3 til 5 verða mislæg vegamót byggð við öll vegamótin á kaflanum nema við Heiðmerkurveg. Um er að ræða þrenn mislæg vegamót þ.e. við Breiðholtsbraut, við Norðlingavað og við Hafravatnsveg.

Framkvæmdin er matsskyld skv. tl. 10.07 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Árið 2009 gerði verkfræðistofan EFLA tillögu að matsáætlun vegna breikkunar Suðurlandsvegar sem var samþykkt af Skipulagsstofnun. Í kjölfarið var gerð frummatsskýrsla og nauðsynlegar rannsóknir tengdar þeirri vinnu voru framkvæmdar. Ekki var farið út í framkvæmdir á þessum tíma og því var frummatsskýrslan ekki send til Skipulagsstofnunar.

Í tillögu að matsáætlun sem liggur fyrir er fyrirhugaðri framkvæmd og framkvæmdasvæði lýst og er fjallað um umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum. Fjallað er um þá umhverfisþætti sem teknir verða til skoðunar í matinu. Þeir eru landnotkun, gróðurfar og vistlendi, fuglalíf, landslag og ásýnd, menningarminjar, hljóðvist og samgöngur. Í matsáætlun er jafnframt tilgreint hvaða gögn eru fyrir hendi sem nýtt verða við gerð matsins, hvaða rannsóknir hafa farið fram eða eru fyrirhugaðar vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

2.5. Fornleifaskráning

Elstu minjarnar á svæðinu eru áveitugarðar og vegir, auk laskaðrar rústar (214-106) sem ekki er ljóst hvaða hlutverk hafði, en hugsast getur að þar sé skáli, en ítarlegri fornleifarannsóknir þarf til að komast að því. Yngri minjar eru fjórtán í Rauðhólum og er helst að nefna þær minjar sem tilheyrðu barnaheimili Vorboðans (214-78). Auk þess teljast til þessa flokks minjar frá litlum kotum, Dísardal, Neðridal, Fögrubrekku og Heiðarbæ sem eru á svæði norðan við Bugðu.

Herminjar eru skráðar sjö, á svæðinu var Camp Tinker, þar sem voru um 70 braggar og önnur mannvirki. Einungis steyptar leifar fengu sérstök númer í þessari skráningu, svo sem steypt gólf sem hýstu loftvarnastjórnstöð og loftskeyta- eða fjarskiptamiðstöðina. Ummerki eftir mannvirki hersins er að finna víða á stóru svæði í Rauðhólum og er þetta svæði eitt af merkilegri herminjasvæðum í Reykjavík á eftir Reykjavíkurflugvelli og nágrenni hans. Nauðsynlegt er að koma upp menningarmerkingum í Rauðhólum og segja sögu setuliðins á svæðinu. Mikilvægt er að reyna að koma í veg fyrir að skógur og lúpína vaxi upp í Rauðhólum því þessi gróður eyðir ummerkjum um minjarnar. Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.



Mynd 9. Skráðar minjar við Rauðhóla. Rauðir punktar 100 ára og eldri, gulir minjar frá 1917-1930, grænir 1930 og yngri og bláir 1940 og yngri

Flokkur	Tegundir minja	Litur	Fjöldi
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	● Rauður	13
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur	3
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn	11
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	7
	Samtals		***34***

Tafla 2. Samantekt á aldursflokkun minja.

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-37		Áveita	Garður	●1850-1937	364895	401778		1	Sæmilegt	Nei
214-38		Stekkur	Heimild	●1800	365093	401505	3	2,5	Ómetið	Já
214-40	Gamli Elliðavatnsvegu	Vegur	Vegur	●1860-1870	364994	402406	968	2	Slæmt	Nei
214-77	Camp Tinker	Herbúðir, Ratsiárstö	Steyptu r	●1940	365431	402162			Sæmilegt	Nei
214-78	Vorboðinn	Barnaheimili	Heimild	●1933-1942	365135	401975	32	20	Ómetið	Já
214-79	Grundarkot	Bústaður	Heimild	●1900	365338	401680			Slæmt	Já
214-91	Stóri-Rauðhóll	Landamerki	Heimild	●1800	365970	402043			Ómetið	Að hluta
214-92	Br. Biörnsson	Sumarhús	Heimild	●1937	365329	401680	12	6	Gott	Nei
214-96		Garður	Hleðsla	●1900	365079	401783			Sæmilegt	Nei
214-97		Vatnsveita	Vatnsrör	●1907-1908	365034	401664			Ómetið	Nei
214-98	Rauðhólavegur, Tinker Road	Vegur	Vegur	●1920-1945	365643	401747			Gott	Nei
214-101	Skotmannahól	Skotgröf	Steinsteypa	●1940	365446	402012	7	7	Gott	Nei
214-102		Herminjar	Steinsteypa	●1940	365476	402034	31	12,5	Gott	Nei
214-103		Herminjar	Steinsteypa	●1940	365529	402128	31	12,5	Gott	Nei
214-104		Varðstöð	Hleðsla	●1940	365106	401930	3	3	Sæmilegt	Nei
214-105		Herminjar	Steinsteypa	●1940	365582	402024	21,5	7,1	Gott	Nei
214-106		Útihús	Rúst	●1850	365409	402002			Sæmilegt	Nei
213-9	Miðaftanshóll	Eyktarmark	Heimild	●1800	366084	401904			Ómetið	
213-70	Rauðhólavegur	Brú	Heimild	●1926-1990	366211	402048	6	5	Ómetið	Já
213-76	Gamli Rauðhólavegur	Vegur	Vegur	●1926	366354	402158	380	5	Gott	Nei
213-44		Gata	Heimild	●1850	366213	401648			Ómetið	Já
213-69		Borhola	Steypa	●1950	366165	402059	3,5	1,5	Gott	Nei
213-124		Vegur	Heimild	●1940	366054	402087			Slæmt	Að mestu
260-97		Stífla	Heimild	●1900	364764	401750			Ómetið	Já
260-121	Klapparholtsvað	Vað	Vegur	●1800-1900	365073	402513	6		Sæmilegt	Nei
260-155	Dísardalur	Kartöflugeymsla	Tóft	●1935-1987	365829	402530	10	6,5	Sæmilegt	Nei
260-156	Dísardalur	Óþekkt	Tóft	●1935-1987	365886	402488	10	9	Gott	Nei
260-157	Dísardalur	Ræktunarreitur	Garðlag	●1935-1987	365937	402453	50	46	Sæmilegt	Nei
260-164	Dísardalur	Ræktunarreitur	Garðlag, Matjurtagarð	●1935-1987	365812	402564	34	7	Gott	Nei
260-165	Neðridalur	Íbúðarhús	Heimild	●1935-1990	366032	402406	11	10	Ómetið	Já
260-167	Fagrabrekka	Íbúðarhús	Steypt plata	●1933-1971	366141	402347	10	11	Ómetið	Nei
260-168	Heiðarbær	Hús	Heimild	●1943-1971	366100	402341	8,6	5,5	Slæmt	Nei
260-183		Brú	Heimild	●1906-1954	365073	402513			Ómetið	Já

Tafla 3 Minjatafla fyrir skráningarsvæðið

3. Deiliskipulag

3.1. Almennt

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda um byggingar og framkvæmdir samkvæmt deiliskipulagi. Allar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins eru háðar leyfir Umhverfisstofnunar þar sem um fólkvang er að ræða sem og leyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna vatnsverndarsjónarmiða. Allar framkvæmdir og byggingar eru einnig háðar leyfi Minjastofnunar Íslands vegna menningarminja.

3.2. Samgöngur og innviðir:aðkoma, stígakerfi og áningarstaðir

Stígakerfi skipulagsins miðar að bættri skilgreiningu stígakerfis um viðkvæmt svæði Rauðhóla. Skilgreindar eru fjölbreyttar göngu- og reiðleiðir innan svæðisins og leiðir teknar út sem ekki þykja ákjósanlegar.

Skipulagið byggir á núverandi stígakerfi, en viðbætur við kerfið miða aðallega að því að bæta tengingar og bæta við fjölbreyttari útivistarmöguleikum.

Stígum er skipt í fjórar megingerðir: stofnstíga, útivistarstíga, reiðstíga og náttúrustíga. Stofnstígar eru skilgreindir sem meginstígar fyrir gangandi og hjólandi og aðgengi auðvelt en aðrir stígar fyrir gangandi eru útivistarstígar og náttúrustígar sem eru núverandi slóðar og troðningar og ekki endilega aðgengilegir öllum. Reiðstígar eru einungis ætlaðir hestamönnun og hestaumferð.

Umferð vélknúinna ökutækja svo sem bifhjóla, off-road hjóla/enduró hjóla, vespur eða annað sambærilegt eru ekki leyfð á stígakerfi Rauðhólasvæðisins. Ef um aðkallandi umferð er að ræða svo sem vegna sérstakra aðstæðna, viðhalds eða atburða, er hægt að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar í samræmi við stjórnar- og verndaráætlun Rauðahólasvæðisins, sjá jafnframt kafla 3.2.7 en einnig til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Endurskilgreining stíga innan Rauðhóla er til þess að vernda svæðið, bæta samgöngutengingar, skýra betur stígakerfi og möguleikum á gönguleiðum. Stígakerfi á Rauðhólasvæðinu fellur undir skilgreiningu útivistarstíga en stofnstígur liggur í vesturjaðri svæðisins og meðfram Heiðmerkurvegi. Stígakerfi innan Rauðhóla einkennist af lykkjum og er þéttast á röskuðum hluta þess. Fyrirkomulag stígaleiða miðar að möguleikum á fjölbreyttum hringleiðum þar sem flestir geti fundið hentuga leið og þannig verði svæðið aðgengilegra og höfði til sem flestra.



Mynd 10. Stígar og slóðar sem verður lokað



Mynd 11. Allir stígar og slóðar innan skipulagssvæðisins

Innan skipulagsins er mikið af slóðum og óæskilegum leiðum sem falla ekki að verndargildi svæðisins sem verður lokað og umferð stýrt frá þeim (sjá mynd 10). Mörkun gönguleiða á að vera látlaus en þó leiðandi og þar sem loka á leiðum er æskilegt að unnið verði að því að afmá ummerki og leiða fólk fram hjá.

Lega stíga á skipulagsuppdráttum er leiðbeinandi. Nákvæmari lega verður valin við nánari hönnun m.t.t. landslags, staðhátta, hæðarlegu og viðkvæmni svæða og yfirborðefnis.

3.2.1. Göngu- og hjólaleiðir

Stofnstígar eru 3-4m á breidd, yfirleitt með malbikuðu yfirborði. Stofnstígar eru megin samgönguæð gangandi og hjólandi vegfarenda. Þeir mæta kröfum um aðgengi fyrir alla alls staðar þar sem því verður viðkomið og eru í fyrsta forgangi varðandi viðhald. Stofnstígar sem eru skilgreindir og afmarkaðir sem slíkir eru aðallega ætlaðir gangandi og/eða hjólandi fólki. Stofnstígar eru skilgreindir með appelsínugulum lit á uppdrætti.

3.2.2. Útivistarstígar

Útivistarstígar eru minni stígar eða slóðar um 1-2m á breidd með lausu yfirborði og geta legið um torfærar og brattari leiðir en stofnstígar. Útivistarstígar sem eru skilgreindir og afmarkaðir sem slíkir eru einungis ætlaðir gangandi fólki. Þar sem göngustígur liggur yfir mýrlendi er gert ráð fyrir að hann sé 1-1,5m á breidd með timburborðum sem fljóta yfir mýrlendið. (sjá mynd xx). Útivistarstígar eru skilgreindir með dökkgrænum lit á uppdrætti.



Mynd 12 Hugmynd að fljótandi timburstíg fyrir gangandi

3.2.3. Náttúrustígar

Náttúrustígar eru slóðar eða troðningar sem liggja um svæðið. Mikið er af þess konar leiðum um svæðið og verðum lokað fyrir marga þeirra en skilgreindir verða þó áfram nokkrir náttúrustígar um raskaða hluta Rauðhóla.

3.2.4. Reiðleiðir og hestaáning

Reiðleið liggur þvert í gegnum Rauðhóla sem tengir hesthúsahverfin í Almannadal, Fjárborg og Víðidal. Innan skilgreindra og afmarkaðra reiðleiða er einungis gert ráð fyrir umferð hesta og hestamanna. Áning hesta er á tveimur stöðum innan svæðis, við útsýnisstað og austan Bugðu.

Gert er ráð fyrir tveimur tegundum af reiðstígum, annars vegar aðalleiðir þar sem gert er ráð fyrir stígum sem bera nokkra hesta sem ríða samsíða og hins vegar „einstigi“ sem gert er mjór stígur þar sem einungis einn hestur kemst fyrir. Einstigi eru aukaleiðir útaf aðalreiðstígum og mynda hringleiðir sem eru nyrst og austast á svæðinu.

3.2.5. Áningarstaðir og fræðsla

Tveir áningarstaðir eru skilgreindir á svæðinu og tveir útsýnisstaðir. Við aðkomu að svæðinu er aðaláningarstaður Rauðhóla sem einnig er upphaf gönguleiða sem liggja víðsvegar um svæðið. Annar minni áningarstaður er skilgreindur austur undir Stóra-Rauðhól í nálægð við snið 53. Á áningarstöðum er gert er ráð fyrir látlausum bekkjum og borðum og fræðslu- og upplýsingaskiltum um svæðið, náttúrufar og sögu. Við gíg 53[7] er rannsóknarsnið þar sem myndunarsaga Rauðhóla sést vel sem girða á af og koma fyrir fræðsluskilti. Tveir útsýnisstaðir eru skilgreindir innan svæðisins, annar á Stóra Rauðhól, en á þessum stöðum er víðsýnt til allra átta og þar verða staðsettar útsýnisskífur með helstu örnefnum. Uppbygging og umgjörð áningarstaða skal vera látlaus og æskilegt að nýta tilfallandi efni af svæðinu í hönnun. Staðsetning, útfærsla og nánari hönnun á áningarstöðum skal miðast við aðstæður á hverjum stað fyrir sig.

Mynd 13. Rannsóknarsnið í gervigíg númer 53

Fornleifaskráning liggur fyrir og skal merkja minjar með upplýsingaskiltum í samræmi við það. Ekki skal raska minjum og skulu minjar hafa a.m.k 15 verndarbelti frá fyrirhuguðum stígum og öðrum framkvæmdum, nema þar sem um er að ræða stíga sem þegar eru komnir og áætlað er að verði áfram í notkun. Staðsetning, útfærsla og nánari hönnun á upplýsingaskiltum skal miðast við aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Þó skal vera samræmt útlit á milli forms og efnisgerðar á skiltum fyrir allt svæðið.

Mynd 15. Hugmynd að nýjum áningarstað við gíg nr. 53.

[7] NÍ, Anette Th. Meier, 2020.

Mynd 16. Hugmynd að nýjum áningarstað við aðalaðkomu við Rauðhóla.

3.2.6. Vegir og aðkoma

Aðalaðkoma akandi umferðar að svæðinu er frá þjóðvegi 1, Suðurlandsvegi, um Heiðmerkurveg um Rauðhóla sem liggur inn í Heiðmörk. Heimilt er að leggja bundið slitlag á veginn en þá skal fylgja eftir þeim sértæku aðgerðum sem fram koma í kafla 3.2.8 um sértækar aðgerðir vegna bílastæða og vega. Samráð skal hafa við Veitur við allar framkvæmdir við vegi og bílastæði vegna vatnsverndarsjónarmiða. Stofnstígur liggur frá Norðlingaholti, yfir Bugðu og að Elliðavatnsál þar sem hann sameinast stofnstíg sem liggur meðfram Heiðmerkurvegi, frá Suðurlandsvegi og liggur þaðan yfir í Heiðmörk. Útivistarstígur Rauðhóla tengist stofnstígnum við Bugðu. Tenging reiðleiða inn á svæðið er á þremur stöðum, við Bugðu, við Elliðaárál og við Suðurlandsveg.

Gert er ráð fyrir að brú yfir Helluvatn verði endurnýjuð og að þar verði gert ráð fyrir bílaumferð, gangandi og hjólandi og einnig fyrir hestaumferð. Brúin gæti orðið allt að 10-14m löng en hægt væri að notast við núverandi brúarstæði og fyllingar. Skilgreindur er byggingarreitur á deiliskipulagsuppdrætti sem nær 7 metra í sitthvora áttína frá miðlínu núverandi brúar.

Mynd 17. Bílastæði og áning við aðkomu að Rauðhólum

Mynd 18. Möguleg ásýnd bílastæðis við Rauðhóla eftir breytingar, horft til austurs.

Mynd 19. Möguleg ásýnd bílastæðis við Rauðhóla eftir breytingar, horft til suðurs.

3.2.7. Bílastæði

Við Heiðmerkurveg er skilgreint eitt bílastæði og við það er aðaláningarstaður Rauðhóla. Á bílastæðinu er gert ráð fyrir um 34 bílastæðum og tveimur stæðum fyrir rútur. Akstur í gegnum bílastæðið er einstefna, frá austri til vesturs. Vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði skal gera ráð fyrir mengunarvörnum sem fela í sér að bílastæðið, leiðir að þeim og gönguleiðir verða klædd gegndræpu yfirborði. Við Heiðmerkurveg skal útfærsla miðast við að hægt verði að bregðast við mengunarslysum á skjótan hátt og við bílastæði skal koma fyrir olíugildru. Mikilvægt er að við nánari hönnun bílastæðis að það falli vel að landslagi og forðast skal allt óþarfa rask. Við hönnun á yfirborðsfrágangi verði leitast við að nýta efni af svæðinu eins og kostur er og að endurheimta náttúrulegan staðargróður, ekki skal leggja hefðbundnar túnþökur.

3.2.8. Önnur umferð eða viðburðir

Aðrar athafnir, umferð eða viðburðir en það sem nefnt er hér að framan, svo sem umfangsmiklar kvikmyndatökur eða ljósmyndarverkefni, skulu vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun Rauðhólasvæðisins. Hafa skal samband og samráð við Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun um hvort sækja þurfi um leyfi og leyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna vatnsverndarsjónarmiða.

3.2.9. Sértækar aðgerðir vegna bílastæða og vega

Rauðhólar eru að stærstum hluta vatnsverndarsvæði og því mikilvægt að hugað verði að vatnsverndarsjónarmiðum við útfærslu hönnunar og framkvæmda vega og samgöngubóta innan Heiðmerkur.

Lagt er til í samráði við veghaldara að farið verði í vissar aðgerðir til að draga úr hættu á að mengun berist í grunnvatn vegna bílaumferðar um svæðið:

- Gert er ráð fyrir að draga úr umferðarhraða og hámarkshraði verði takmarkaður við 50 km/klst og eftir atvikum lægri á völdum köflum innan svæðisins. Hönnun vega tekur mið af hraðatakmörkunum.
- Umferð olíuflutningabifreiða og annarra bifreiða með mengandi farm er bönnuð um Heiðmerkurveg. Undanskilin er umferð tengd veitumannvirkjum.

- Upplýsingaskilti verða sett upp við áningarstað við Rauðhóla varðandi lokanir, umferðarhraða og almennar upplýsingar um vatnsvernd og umgang svæðisins vegna vatnsverndarsjónarmiða. Mikilvægt að horft sé til hönnunarleiðbeiningar Umhverfisstofnunar varðandi skilti.
- Þar sem vegir liggja um grannsvæði verða settar olíugildrur en um er að ræða jarðvegsdúka beggja vegna vega fyllt með jarðvegi og grenndargróðri.
- Þar sem bílastæði eru staðsett verða settar olíugildrur en um er að ræða jarðvegsdúka beggja vegna vega fyllt með jarðvegi og grenndargróðri.
- Sé opið hraun í undirstöðunni þá þarf að huga sérstaklega að síukröfum og hugsanlega koma fyrir jarðvegsdúk á milli hrauns og jökulruðnings. Sé vegurinn lagður því sem næst beint ofan á núverandi land þá skal jarðvegurinn vera það péttur að olíumengun fer ekki hratt í gegn um hann og hægt sé að moka menguðum jarðvegi upp áður en mengunin berst niður í hraunið.

4. Áhrifamat

- Áhrif á **landslag og ásýnd**

Áhrif á landslag og ásýnd er einna helst af uppbyggingu við bílastæði og áningarstað við aðkomu að svæðinu. Með látlausri hönnun og efnisvali sem miðast við náttúrufar svæðisins eru áhrifin lágmörkuð. Uppbygging stíga hefur einnig áhrif þar sem leiðir verða sýnilegri, en um leið mun verða hægt að stýra umferð innan svæðisins, vernda svæðið og fara í aðgerðir til þess að afmá óæskilegar leiðir.

- Áhrif á **náttúru- og menningarminjar**

Í deiliskipulaginu er lögð fram tillaga að stígakerfi þar sem leitast er við að nýta núverandi leiðir í heildstætt stígakerfi en jafnramt að skilgreina leiðir sem ekki þykja ákjósanlegar og loka þeim. Meginhluti stígakerfisins er skilgreindur innan þess svæðis þar sem hólarnir eru mikið raskaðir en sneiða fram hjá heillegum gervigígum og lítt röskuðum. Mikið er um menningarminjar, sér í lagi herminjar á svæðinu sem ber að vernda en um leið er hægt að nýta þær til fræðslu um sögu svæðisins.

- Áhrif á **vistkerfi og landgæði**

Stígar innan svæðis Rauðhóla er að mestum hluta innan þess svæðis sem er mikið raskað en ekki að heillegum gervigígum eða votlendi. Uppbygging stíga og aðstöðu á svæðinu er mikilvægur þáttur í stýringu umferðar og vernd svæðisins og aðliggjandi svæða, þar sem komið er í veg fyrir óreiðu, átroðning, röskun á landi og oft tilviljanakenndri ferðir fólks um svæðið. Takmarkað aðgengi að vistkerfini er ætlað að stuðla að varðveislu þess. Mikilvægt er að allar framkvæmdir innan svæðisins verði unnan utan varptíma til þess að raska sem minnst fuglalífi á svæðinu.

- Áhrif á **útivist**

Stígakerfi svæðisins er miðað að fjölbreyttu hringkerfi með það að markmiði að sem flestir geti fundið leið sem hentar getu og úthaldi. Möguleikar á lengd leiða og erfiðleikastigi gerir svæðið aðgengilegt mörgum hópum. Góð aðstaða og skýrt leiðakerfi og upplýsingar stuðlar enn frekar að nýtingu svæðisins til útivistar.

- Áhrif á **samfélag**

Gott aðgengi að einstöku svæði í jaðri þéttbýlisins fjölgar möguleikum til útivistar og fjölbreytileika í upplifun. Miðlun upplýsinga og fræðsla er jákvæð í samfélagslegu tilliti og eykur líkur á að fólk gangi með virðingu um svæðið og stuðlar að betra öryggi með merktum gönguleiðum..

- Áhrif á **vatnsvernd**

Rauðhólar eru innan öryggissvæðis B samkvæmdt vatnsverndarsamþykkt frá 2015 en á öryggissvæðum B ríkir hætta á að yfirborðsvatn geti mengað grunnvatn. Ekki er talið að tillaga um stígakerfi eða áningastað geti hafi áhrif á vatnsvernd en fyrirhugað bílastæði getur haft möguleg neikvæð áhrif á vatnsvernd ef upp kæmi olíuleki eða annað álíka af bílum sem leggja á svæðinu. Verið er að leggja til að í stað þriggja bílastæðasvæða þá verði eitt sameiginlegt bílastæði og mengunarvarnir verði þess eðlis að tryggt verði að mengun berist ekki af yfirborði í grunnvatn t.d. með olíugildrum.

5. Samráð

Í upphafi vinnunnar var unnin skipulagslýsing um verkefnið þar sem fram kom hverjar séu áherslur við deiliskipulagsgerðina, tímaferill og samráðsaðilar. Kynning stóð yfir frá 7. maí 2020 til og með 28. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Vegagerðin dags. 12. maí 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 26. maí 2020, Skipulagsstofnun dags. 26. maí 2020, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 27. maí 2020, Umhverfisstofnun dags. 29. maí 2020 og Sveinbjörn Guðjohnsen dags. 30. maí 2020. Tekið var tillit til umsagna og athugasemda sem skiluðu sér í tillögugerðina við deiliskipulagið.

Helstu samráðsaðilar í skipulagsferlinu eru:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
- Framkvæmdastjórn um Vatnsvernd Höfuðborgarsvæðisins
- Vegagerðin
- Hestamannafélagið Fákur
- Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts
- OR/Veitur
- Skógræktarfélag Reykjavíkur

Tillagan var unnin í nánu samstarfi við Umhverfisstofnun og Orkuveitu Reykjavíkur og haldnir hafa verið nokkrir fundir með þeim sem og Hestamannafélaginu Fáki og Náttúrufræðistofnun Íslands.

6. Afgreiðsla eftir auglýsingu

Tillaga að deiliskipulagi Rauðhóla var auglýst frá 4. júní til 16. júlí 2021. Á auglýsingatíma bárust tvær athugasemdir og fjórar umsagnir. Gerðar voru breytingar á skipulagsgögnum í samræmi við umsagnir sem bárust. Til að mynda var kafli um vatnsvernd lagaður m.t.t. umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þar sem umfjöllun um vatnsvernd var lagfærð en vísað var í eldri svæðisskiptingu vatnsverndar og afmörkun á uppdrætti var lagfærð. Bætt var við umfjöllun um stjórn vatnamála í kafla 2.3.6 um vatnsvernd m.t.t. umsagnar Umhverfisstofnunar og umfjöllun um fornleifar og uppdráttur var uppfærður m.t.t. nýrrar fornleifaskráningar.

Gerðar voru einnig breytingar á reiðleiðum innan svæðisins og tveimur einhesta hringleiðum bætt við í vestur- og austurhluta deiliskipulagssvæðisins til að koma til móts við athugasemdir hestamanna á svæðinu. Ennfremur voru gerðar lagfæringar á legu á reið- og gönguleiða sem liggja frá Heiðmerkurvegi í áttina að skilgreindu bílastæði sem og meginreiðleiðinni sem liggur um Rauðhóla.

Frá auglýsingu deiliskipulags Rauðhóla hefur tekið í gildi nýtt Aðalskipulag Reykjavíkur með gildistíma til ársins 2040. Áfram gildir umfjöllun í greinargerð þar sem ekki var gerð nein breyting á stefnu svæðisins en skipt var út mynd af Aðalskipulagi Reykjavíkur á uppdrætti og sett inn hlutamynd af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

7. Heimildarskrá

Alþingi, lagasafn, lög um náttúruvernd nr. 60/2013. https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/151a/2013060.pdf.

Lena Rut Kristjánsdóttir, 2009. Rauðhólarfólkvangur, saga, verndun og nýting. Landbúnðarháskóli Íslands, Umhverfisdeild.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2020. Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson. Rauðhólar í Heiðmörk.

NÍ, Anette Th. Meier, 2020.

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 535/2011um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Byggingarreglugerð nr. 112/2012

Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið, 2014. Ritstjórn: Björn Axelsson og fleiri. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Reykjavík: Crymogea. Reykjavíkurborg, 2016.

Reykjavíkurborg, skipulagsfulltrúi, 2020. Rauðhólar, skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar. Stjórnartíðindi B nr. 555/2015.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skógræktarfélag Reykjavíkur 2020. Heimasíða.

Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2030.

Umhverfisstofnun. https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/raudholar_185_1974_fylgiskjal.pdf. Tekið af vef 22.mars 2021.

NÍ-20009

Rauðhólar í Heiðmörk

Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson

Unnið fyrir Reykjavíkurborg

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Rauðhólar í Heiðmörk

Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson

Unnið fyrir Reykjavíkurborg

NÍ-20009 Garðabær, nóvember 2020

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Mynd á kápu: Rauðhólar. Ljósm. Lovísa Ásbjörnsdóttir, 16. júní 2020.

ISSN 1670-0120

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6–8 210 Garðabæ
Sími 590 0500
http://www.ni.is ni@ni.is

Náttúrufræðistofnun Íslands
Borgum við Norðurslóð 600 Akureyri
Sími 590 0500
http://www.ni.is ni@ni.is

Skýrsla nr. NÍ-20009	**Dags, Mán, Ár** Nóvember 2020	**Dreifing** Opin
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Rauðhólar í Heiðmörk		**Upplag** 8
		Fjöldi síðna 23
		Kort / Mælikvarði
Höfundar Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson		**Verknúmer** 14338
Unnið fyrir Reykjavíkurborg		
Samvinnuaðilar		

Útdráttur

Rauðhólar eru gervigígaþyrping sem myndaðist fyrir 5200 árum þegar gaus í dyngjugígnum Leiti austan í Bláfjöllum og hraun úr honum rann í Elliðavog. Gervigígar eru frekar sjaldgæfir á heimsvísu. Þeir hafa fundist á reikistjörnunni Mars og svipar þeim mjög til gervigíga á Íslandi. Þetta gerir það að verkum að gervigígar á Íslandi hafa alþjóðlegt mikilvægi, eru með mikið verndargildi og í íslenskum náttúruverndarlögum njóta þeir sérstakrar verndar.

Í dag eru Rauðhólar í Heiðmörk friðlýstir sem fólkvangur. Stór hluti svæðisins er stórskemmdur vegna efnistöku sem var umfangsmest á árunum 1940–1950. Raskið hefur hins vegar opnað möguleika fyrir jarðvísindamenn að skoða innri gerð gervigíga þar sem aðgengi er gott og engir aðrir sambærilegir staðir eru til á landinu. Í jaðri Rauðhóla standa í dag eftir nokkrir heillegir gígar sem þarf að varðveita.

Verndargildi Rauðhóla felst fyrst og fremst í vísinda- og fræðslugildi. Þar er hægt að skoða uppbyggingu gervigíga og gervigígaþyrpinga myndaða við hringrás gufusprenginga og sjá leifar af fornu vatnaseti sem hraunkvikan rann yfir fyrir rúmum 5000 árum.

Rauðhólar hafa upp á mikið að bjóða sem útivistarsvæði og mikil upplifun er fyrir fólk að fara um svæðið. Leifar gervigíganna gefa svæðinu hrikalegt en jafnframt ævintýralegt útlit, auk þess sem litadýrð svæðisins er einstök. Hólarnir skapa skjól og rýmið á milli þeirra skapar tækifæri fyrir margskonar nýtingu.

Lykilorð Gervigígar, jarðminjar, fólkvangur, stjórnunar- og verndaráætlun, Rauðhólar, Leitarhraun	**Yfirfarið** María Harðardóttir

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR 7

2 NÁTTÚRUVERND 7

3 JARÐFRÆÐI SVÆÐISINS OG MYNDUN RAUÐHÓLA 8

4 VERNDARGILDI RAUÐHÓLA 16

5 ÁSTAND JARÐMINJA 17

6 ÁBENDINGAR UM NÝTINGU OG VERND RAUÐHÓLA 19

7 LOKAORÐ 21

8 HEIMILDIR 22

1 INNGANGUR

Vegna vinnu við deiliskipulag Reykjavíkurborgar og vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins Rauðhóla, óskaði Reykjavíkurborg eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands gerði jarðfræðiúttekt á Rauðhólum og nágrenni þeirra sem felst m.a. í að meta ástand jarðminja og afmarka óraskað svæði gervigíga. Slík úttekt kemur til með að nýtast við skipulagningu stíga og aðgengi á svæðinu.

Rauðhólar eru gervigígar sem myndast vegna samspils hraunkviku og vatns. Gervigígar og gervigígaþyrpingar frá nútíma finnast á mjög fáum stöðum utan Íslands og því er verndargildi þeirra mikið á heimsvísu. Þó að Rauðhólum hafi verið raskað að miklu leyti með efnistöku þá er verndargildi þeirra enn mikið. Á síðustu árum hafa ítarlegar rannsóknir íslenskra og erlendra jarðvísindamanna á Rauðhólum aukið þekkingu á myndun gervigíga og hafa þeir því mikið vísinda- og fræðslugildi.

Í tengslum við verkefnið voru farnar þrjár stuttar ferðir í Rauðhóla; 16. júní var gengið um svæðið og teknar ljósmyndir, 1. október var gengið um svæðið með Snorra Sigurðssyni hjá Reykjavíkurborg og 19. október var farin sérferð til að taka ljósmyndir af svæðinu með flygildi. Í vettvangsferðunum voru gervigígar skoðaðir og rask á þeim metið. Einnig var reynt að meta útsýnisstaði, gönguleiðir og mögulega fræðslustaði. Í úrvinnslunni voru skoðuð ýmis kort, loftmyndir frá mismunandi tímum og leitað í heimildum.

2 NÁTTÚRUVERND

Rauðhólar og nágrenni þeirra voru fyrst friðlýstir sem náttúruvætti árið 1961 en sem fólkvangur árið 1974. Reglur sem settar voru um fólkvanginn heimila för fótgangandi fólks um allt svæðið. Í auglýsingu kemur fram að óheimilt er að reisa girðingar eða annars konar tálmanir sem torvelda umferð fólks. Þá er óheimilt að reisa mannvirki eða gera jarðrask nema með tilskildu leyfi Umhverfisstofnunar. Eftirlit með fólkvanginum er í höndum náttúruverndarnefndar Reykjavíkur (Auglýsing um fólkvang í Rauðhólum nr. 185/1974). Í dag sér Skógræktarfélag Reykjavíkur um eftirlit á Rauðhólasvæðinu samkvæmt gildandi samningi við Reykjavíkurborg. Umhverfisstofnun fer með eftirlit og leyfisveitingar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 (Reykjavíkurborg 2020). Stærð fólkvangsins er samtals 1,3 km^2 en mörk fólkvangsins ná ekki yfir syðsta hluta Rauðhóla sem liggur við Helluvatn (1. mynd).

Samkvæmt náttúruverndarlögum skal verndun fólkvangs miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Gervigígar í Rauðhólum njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) en samkvæmt þeim ber að forðast að raska jarðminjum, t.d. ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir innan svæðisins. Í slíku tilfelli er skylt að afla framkvæmdaleyfis, eða byggingarleyfis, sem fer til umsagnar hjá Umhverfisstofnun og viðkomandi náttúruverndarnefnd nema að fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013).

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 eru Rauðhólar og áin Bugða, sem liggur norðan og vestan við fólkvanginn, hverfisvernduð (h15) og skilgreind sem opin svæði (OP19) (Reykjavíkurborg 2013). Við Bugðu er gróskumikið votlendi á flæðilandi og mikið fuglalíf.

1. mynd. Mörk fólkvangs og gervigíga í Rauðhólum.

Í aðalskipulagi segir að á svæðinu sé stefnt að því að halda uppbyggingu í algjöru lágmarki en bæta aðgengi um svæðið. Sunnan við Rauðhóla eru Elliðavatn (h17) og Suðurá (h16) sem einnig eru hverfisvernduð.

3 JARÐFRÆÐI SVÆÐISINS OG MYNDUN RAUÐHÓLA

Rauðhólar myndast í hrauni sem rann úr gígnum Leiti. Dyngjugígurinn Leiti er austan í Bláfjöllum í um 450 m hæð. Gígurinn er sporöskjulaga (300×150 m) og sést vel hvað hraunið hefur verið þunnfljótandi þar sem það slettist yfir gígbarmana. Hraunið náði mikilli útbreiðslu og rann í tvær áttir, til suðurs og til vesturs. Það þekur samtals ríflega 100 km^2 og rúmmálið er um 6,3 km^3. Meginstraumur Leitahrauns til suðurs rann vestan við Lambafell, síðan á milli Geitafells og Litlameitils, báðum megin við Krossfjöll og til sjávar við Ölfusárósa. Þessi syðri hluti Leitahrauns nefnist Lambafellshraun. Vestari hraunstraumurinn rann fyrst til norðausturs á milli Blákolls og Lambafells, að Húsmúla og niður á Sandskeið að Elliðavatni. Þaðan rann hraunið eftir þurrum farvegi Elliðaár og í Elliðavog. Þessi hluti Leitahrauns nefnist Svínahraun og Elliðavogshraun (Jón Jónsson 1971, 1978) (2. mynd).

Elliðavatn er talið hafa verið talsvert stærra þegar Elliðavogshraun rann í það og Rauðhólar mynduðust (Árni Hjartarson o.fl. 1998).

Aldursgreiningar á koluðum jurtaleifum undir Leitahrauni gefa til kynna að það hafi runnið fyrir um 5200 árum (Sinton o.fl. 2005). Ofan á Leitahrauni, vestan og norðan við Lambafell, liggur Svínahraunsbruni (12,4 km^2) sem rann úr Nyrðri- og Syðri Eldborg árið 1000 (Sinton o.fl. 2005).



1:25.000 Sérstök vernd

Eldvörp og gervigígar

- Gjall- og klepragígur
- Gervigígar
- Gígaröð

Eldhraun á nútíma

- Svínahraunsbruni, 1.000 ára e.kr.
- Leitahraun, 5.200 ára

1:600.000 Berggrunnur og höggun

Gígar frá nútíma

- Gígur
- Gossprunga frá nútíma
- Dyngjugígur
- Misgengi tengt virku gosbelti
- Jarðskjálftasprungur á Suðurlandi

Berggrunnur

- Setlög frá nútíma
- Söguleg basísk og ísúr hraun, yngri en 871 e.kr.
- Forsöguleg basísk og ísúr hraun, eldri en 871 e.kr.
- Súrt gosberg, eldra en 11.000 ára
- Móberg, bólstraberg og setlög, yngra en 0,8 milljón ára
- Grágrýti, yngri en 0,8 milljón ára
- Eldra grágrýti, 0,8 til 3,3 milljón

Mælikvarði 1:225.000

10 km

1. mynd. Jarðfræðikort þar sem nákvæmar útlínur Leitahrauns og Svínahraunsbruna eru lagðar ofan á berggrunnskort (Náttúrufræðistofnun Íslands 2017, 2019).

Nokkrir þekktir hellar eru í Leitahrauni, t.d. Raufarhólshellir og Árnahellir. Gervigígar koma fyrir á nokkrum stöðum í hrauninu, þar eru Rauðhólar helstir en einnig má nefna Tröllabörn og gervigíga suðaustan við Nátthagavatn. Rauðhólar ná yfir um 0,8 km^2 svæði (Náttúrufræðistofnun Íslands 2017).

Gervigígar og rannsóknir

Gervigígar myndast þegar hraunkvika flæðir yfir votlendi, árfarvegi eða grunn stöðuvötn. Botnskorpa hraunsins nær að halda vatninu frá kvikunni þar til hún að lokum brestur vegna ofan á liggjandi þunga. Við það kemst vatnsmettað undirlagið í snertingu við kvikuna og kemur af stað gufusprengingum. Öflugar sprengingar ná upp í gegnum hraunið og gervigígur hleðst upp. Gervigígar eru frábrugðnir raunverulegum gígum því þeir hafa ekki lóðrétta gosrás, heldur berst kvikan lárétt til gíganna í lokuðum hraunrásum undir yfirborði. Gervigígar geta verið stakir en gervigígaþyrpingar, eins og Rauðhólar, eru algengar á Íslandi (3. mynd). Gervigígaþyrpingar eru flestallar í basalthraunum en þó eingöngu í hellu- eða klumpahraunum (sem er uppbrotin gerð af helluhraunum) (Þorvaldur Þórðarson 2013).

Á eldvirkum svæðum fyrir utan Ísland eru gervigígar frá nútíma ekki algengir en eru þekktir, t.d. á Hawaii þar sem slíkir gígar hafa myndast á grunnsævi og á Galapagos-eyjum (Þorvaldur Þórðarson 2013).



3. mynd. Gervigígar á Íslandi (Fagents o.fl. 2017, Náttúrufræðistofnun Íslands 2017).

Best þekktu gervigígar landsins eru allir frá nútíma og innan virka gosbeltisins eða tengdir hraunum sem eru upprunnin þaðan. Stærstu gervigígasvæðin á Íslandi eru Landbrotshólar (150 km^2), Álftavershólar (35 km^2), gervigígar við Mývatn (30 km^2) og í Aðaldal (28 km^2) (Fagents o.fl. 2007).

Áhugi alþjóðlegra jarðvísindamann á gervigígum jókst talsvert þegar fyrstu myndir frá reikistjörnunni Mars fóru að berast til Jarðar upp úr 1970 og sýndu gígaþyrpingar sem nú hafa verið túlkaðar sem gervigígar. Gervigígar á Mars eiga margt sameiginlegt með gervigígum á Íslandi, t.d. hvað varðar formgerð, jarðfræðilegar myndunaraðstæður og eldvirkni (Fagents o.fl. 2007).

Rauðhólar voru rannsakaðir, kortlagðir og ljósmyndaðir snemma á tuttugustu öld (von Komorowicz 1912) svo upphaflegt útlit svæðisins er þekkt (4.–7. mynd). Á þessum tíma voru jarðvísindamenn ekki búnir að átta sig á myndun gervigíga og fjallar von Komorowicz um Rauðhóla eins og um alvöru gjallgíga sé að ræða. Á korti hans eru merktir 98 gígar með tölustöfum og er gígur númer 53 einn af stærstu gígunum. Austast á korti von Komorowicz eru merktir „hornitos“ sem á íslensku kallast hraundrýli og er önnur gerð af gervigígum. Hraundrýlin við Rauðhóla eru ekki sjáanleg í dag.



4. mynd. Kort af Rauðhólum snemma á 20. öld (von Komorowicz 1912).

5. mynd. Rauðhólar, horft úr suð-suðaustri (von Komorowicz 1912).

6. mynd. Horft úr vestri yfir miðhluta Rauðhóla (von Komorowicz 1912).

7. mynd. Horft úr norðri. Gervigígur númer 53 er fyrir miðri mynd (von Komorowicz 1912).

Vegna efnistöku í Rauðhólum hefur orðið til góð aðstaða til rannsókna á gervigígum þar sem auðvelt er að sjá uppbyggingu þeirra og hægt að rekja myndunarsögu svæðisins. Innri gerð Rauðhóla hefur verið rannsökuð ítarlega á síðustu árum og rannsóknirnar hafa gefið mikilvægar upplýsingar um hvernig gervigígar myndast. Hamilton o.fl. (2017) rekja flókna myndunarsögu Rauðhóla út frá sniði í gíg númer 53 (von Komorowicz 1912) (8. mynd). Sniðið er um 13,5 m á hæð og er því skipt í fjórar misþykkar einingar. Í hverri einingu koma fyrir endurteknar syrpur af gjósku og gjalli og þar inn á milli er fíngert set sem upphaflega var hluti af fornu vatnsmettuðu undirlagi (9.–10. mynd).

Ryðrauður litur er dæmigerður fyrir mestallt gjallið í Rauðhólum. Það má skýra að einhverju leyti með járnoxun en einnig er talið líklegt að mikið af gjallinu sé þakið þunnu lagi af rauðleitri eðju úr vatnasetinu (Hamilton o.fl. 2017).

8. mynd. Fyrir miðri mynd er gervigígur númer 53. Ljósm. Lovísa Ásbjörnsdóttir, 19. október 2020.



9. mynd. Rannsóknarsnið í gervigíg númer 53 með mismunandi syrpum af gjalli og gjósku. Ljósm. Anette Th. Meier, 16. júní 2020.

10. mynd. Greinilega má sjá fíngert rauðlitað vatnaset neðst í rannsóknarsniðinu. Ljósm. Lovísa Ásbjörnsdóttir, 19. október 2020.

Efnisnám í Rauðhólum

Það er ljóst að í upphafi 20. aldar þóttu Rauðhólar sérstæðir og Íslendingar jafnt sem erlendir ferðamenn sóttu þangað til útivistar, rannsókna eða listsköpunar. Þetta á ennþá við í dag þó landslagið hafi breyst.

Rauðhólar voru að mestu leyti óraskaðir þangað til um 1940 þegar landið var hernumið af Bretum í seinni heimsstyrjöldinni. Hernáminu fylgdu miklar framkvæmdir og samhliða þeim komu til sögunnar stórtækari vinnuvélar en höfðu áður verið til í landinu. Á stríðsárunum varð mikil þörf fyrir jarðefni í vegi og húsgrunna, en stærsta framkvæmdin var lagning Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýri. Rauðamöl þótti gott efni í ofaníburð og í Rauðhólum var auðvelt að sækja það og moka beint upp á vörubílspalla.

Á 60 ára afmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags árið 1949 hélt Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur (1950) erindi um náttúruvernd. Þar nefnir hann innreið vélamenningar og eyðileggingu Rauðhóla. Árið 1949 var enn verið að moka úr hólunum til ofaníburðar á vegum, t.d. í Hringbraut. Sigurður harmar það að ekki hafi verið skilið eftir ósnert svæði í stað þess að vaða eftirlitslaust í hólana og eyðileggja allt svæðið.

Á örfáum árum stórskemmdust Rauðhólar vegna efnistöku og á loftmynd sem var tekin 28. júlí 1954 (11. mynd) sést vel svæðið sem búið var að raska.



11. mynd. Rauðhólar árið 1954. Loftmynd frá Landmælingum Íslands, 28. júlí 1954 (Landmælingar Íslands 2020).

4 VERNDARGILDI RAUÐHÓLA

Gervigígar á Íslandi hafa alþjóðlegt mikilvægi þar sem þeir eru sjaldgæfir á heimsvísu. Á síðustu áratugum hefur mikil athygli beinst að gervigígum á Íslandi eftir að í ljós komu sambærilegar gervigígaþyrpingar á Mars. Hefur þessi uppgötvun leitt til vísindarannsókna sem snúa að myndun og gerð gervigíga sem hefur aukið enn frekar á verndargildi þeirra. Á Íslandi njóta allir gervigígar sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, en þar að auki eru Álftaversgígar, Skútustaðagígar og Rauðhólar friðlýstir. Þá eru gervigígar innan nokkurra annarra friðaðra svæða, t.d. í Þjórsárdal og Vatnajökulsþjóðgarði. Fyrir utan Rauðhóla eru flestar gervigígaþyrpingar landsins nokkuð heillegar þó að víða hafi verið kroppað í einstaka gíga vegna efnistöku, t.d. í Landbrotshóla.

Eins og fram hefur komið eru Rauðhólar mikið raskaðir eftir efnisnám og hafa stærstu gígarnir tapað upprunalegu formi og lögun. Raskið hefur hins vegar opnað möguleika fyrir jarðvísindamenn að skoða innri gerð gervigíga þar sem aðgengi er gott og engir aðrir sambærilegir staðir eru til á landinu. Í jaðri Rauðhóla standa í dag eftir nokkrir heillegir gígar sem þarf að varðveita.

Verndargildi Rauðhóla felst fyrst og fremst í vísinda- og fræðslugildi. Þar er hægt að skoða uppbyggingu gervigíga og gervigígaþyrpinga myndaða við hringrás gufusprenginga og sjá leifar af fornu vatnaseti sem hraunkvikan rann yfir fyrir rúmum 5000 árum. Deila má um fagurfræðilegt gildi Rauðhóla en þeir eru óneitanlega hrikalegir og litadýrðin mikil (12. mynd).

Jarðminjar sem hefur verið raskað er yfirleitt ekki hægt að endurheimta. Það á við um Rauðhóla en þeir hafa þrátt fyrir það mikið verndargildi bæði á lands- og heimsvísu.

12. mynd. Litadýrð Rauðhóla er mikil og innri gerð þeirra áhugaverð. Ljósm. Anette Th. Meier, 16. júní 2020.

5 ÁSTAND JARÐMINJA

Þegar horft er á Rauðhóla sem heild er varla lengur hægt að tala um að innan þeirra séu óröskuð svæði. Norðurhluti svæðisins er líklega minnst raskaður og þar vestan við eru nokkrir stakir heillegir gígar. Einnig eru nokkrir lítt raskaðir gígar syðst á svæðinu, þ.e. austan við Helluvatn, en trjágróður er farinn að skyggja á suma þeirra. Flestir gíganna eru lágir (13.–14. mynd). Í fólkvanginum, þar sem gervigígar eru heillegir, ætti að forðast framkvæmdir og beina göngustígum eða reiðleiðum framhjá þeim.

Í Rauðhólum hefur verið ýtt upp görðum, stórgrýti sett til hliðar og ónothæft jarðvegsefni sett í hrauka. Í sumum tilfellum er vafamál hvort um raunverulega gervigíga sé að ræða eða manngerða hóla (15. mynd). Á nokkrum stöðum hefur verið grafið gjall undan hraunkanti og því getur verið hætta á grjóthruni við hæstu og bröttustu hólana (12. mynd).

Gróður er að sækja á innan svæðisins, sérstaklega er lúpína áberandi, en einnig hávaxinn trjágróður af ýmsu tagi sem er að öllum líkindum sjálfsáður. Fólkvangurinn byggir á sýnileika jarðminja og því þarf að halda gróðri í skefjum. Þá geta rætur stórvaxinna trjáa auðveldlega raskað lagskiptingum jarðlaga. Víða erlendis eru sett inn ákvæði í stjórnunar- og verndaráætlanir um hreinsun gróðurs frá jarðminjum svo að þær séu sýnilegar og aðgengi að þeim gott. Sýnileiki jarðminja sem nýttar eru til fræðslu þarf að vera að minnsta kosti 75% (Gordon 2019).

13. mynd. Rauðhólar árið 2020. Myndin sýnir heillega eða lítið raskaða gervigíga.

14. mynd. Heillegustu gervigígarnir eru í nyrðri hluta svæðisins. Ljósm. Ingvar A. Sigurðsson, 19. október 2020.

15. mynd. Horft yfir svæðið til vesturs. Hólar blandaðir jarðvegi geta verið myndaðir úr tilfluttu efni sem ekki þótti eins gott efni og rauðamölin. Ljósm. Lovísa Ásbjörnsdóttir, 16. júní 2020.

6 ÁBENDINGAR UM NÝTINGU OG VERND RAUÐHÓLA

Heiðmörk er vinsælt útvistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og Rauðhólar eru hluti af því. Í dag einkennist útivistarsvæðið Rauðhólar af óskipulagi og lítið hefur verið gert til að bæta það, fyrir utan lagningu reiðleiða.

Rauðhólar hafa upp á mikið að bjóða og mikil upplifun er fyrir útivistarfólk að fara um svæðið. Leifar gervigíganna gefa svæðinu hrikalegt en jafnframt ævintýralegt útlit, auk þess sem litadýrð svæðisins er einstök. Rauðhólar hafa mikla möguleika til að vera vinsælt útvistarsvæði. Hólarnir skapa skjól og rýmið á milli þeirra skapar tækifæri fyrir margskonar nýtingu.

Lena Rut Kristjánsdóttir (2009) fjallar um sögu, nýtingu og verndun Rauðhóla í BS-ritgerð sinni við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar koma fram margar gagnlegar ábendingar er varða skipulag og framtíðarsýn. Hún setur fram SVÓT-greiningu þar sem greindir eru styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri í fólkvanginum sem gæti reynst vel í hönnun svæðisins.

Margir mismunandi hópar eru að nýta svæðið í dag sem getur skapað árekstra ef skipulag og stýringu vantar. Helstu notendur Rauðhóla eru:

- **Hestamenn:** Lagðir hafa verið reiðstígar um svæðið. Þeir eru mikið notaðir vegna tenginga við nálæg hesthúsahverfi. Reiðstígarnir eru áberandi innan svæðisins og eru þeir líka nýttir af göngufólki.

- **Göngufólk:** Göngustígar og útsýnisstaðir eru merktir á kort sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur nýlega gefið út (2019) og sett á upplýsingaskilti við Rauðhóla. Hins vegar eru engir

merktir göngustígar innan svæðisins sem stýra ferðum fólks. Þó nokkuð er um villustíga eða hentistíga, þannig að göngufólk fer oft ekki bestu leiðirnar um svæðið. Þetta getur haft áhrif á ásýnd gervigígana, t.d. ef margar stígar eru sjáanlegar upp á hæstu hóla og meiri hætta er á að viðkvæm gróðurþekja, t.d. mosi, verði fyrir raski.

- **Ferðamenn:** Þrátt fyrir að innviði vanti er þetta vinsæll áningarstaður ferðamanna. Þrjú merkt bílastæði eru við Rauðhóla.

- **Skólar:** Öll stig menntakerfisins geta nýtt sér Rauðhóla til fræðslu. Algengt er að sjá leikskólahópa í Rauðhólum en svæðið nýtist líka háskólanemum í náttúrufræðum, umhverfis- og ferðamálum og ýmiss konar skipulagsfræðum. Þá gætu Rauðhólar verið vettvangur fyrir nemendur í listsköpun.

- **Hjólreiðamenn og ökumenn vélhjóla:** Víða má sjá ummerki eftir hjól innan Rauðhóla. Hjólreiðamenn geta vel nýtt sér skipulagðar gönguleiðir innan fólkvangsins og ættu þeir ekki að valda raski á stígum svæðisins. Vélhjól, hvort sem það eru mótorhjól, fjór- eða sexhjól eiga aftur á móti ekki erindi í fólkvanginn þar sem þeim fylgir bæði rask og hljóðmengun. Við suma hólana eru greinileg ummerki eftir vélhjól, t.d. yfir gervigíg númer 53.

- **Listamenn:** Ýmsir listamenn hafa nýtt sér Rauðhóla til listsköpunar og í kringum 1990 var starfrækt útileikhús í Rauðhólum.

- **Vísindamenn:** Rauðhólar eru áhugavert rannsóknarsvæði fyrir ýmis fagsvið.

16. mynd. Hestamenn í Rauðhólum. Ljósm. Anette Th. Meier, 16. júní 2020.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til eftirfarandi til að auka vernd og útivistargildi Rauðhóla:

- **Göngustígar, hjólastígar og reiðstígar:** Skipuleggja þarf stígakerfi Rauðhóla og merkja vel. Reiðstígar geta haldið sér eins og þeir eru í dag, en gera þarf betur grein fyrir göngu- og hjólastígum. Alveg er mögulegt að leyfa umferð hjólreiðamanna á afmörkuðu svæði. Loka þarf einhverjum stígum en laga aðra. Til dæmis er óskiljanleg hringleið lögð í nágrenni menningarminja og lítið raskaðra gervigíga í nyrðri hluta svæðisins (14. mynd). Þessu „hringtorgi“ má loka og afmá ummerki þess.

- **Útsýnisstaðir, áningarstaðir og leiksvæði:** Merktir eru tveir útsýnisstaðir á göngukorti Skógræktarfélagsins og geta þeir haldið sér. Bæta þarf stígana að útsýnisstöðunum, þannig að augljóst sé hvar ganga skal upp hólana. Engir áningarstaðir eru í Rauðhólum þar sem hægt er að setjast niður og njóta landslagsins. Mætti vel koma upp slíkum stöðum innan raskaða svæðisins. Tjarnirnar sem hafa orðið til við efnisnám geta verið skemmtilegir áningarstaðir og leiksvæði barna. Varast ber að skipuleggja áningarstaði nálægt hólum þar sem hætta er á grjóthruni.

- **Fræðsla og upplýsingar:** Bæta má upplýsingar um sögu Rauðhóla. Setja má upp upplýsingaskilti við bílastæði sem sýnir gönguleiðir, útsýnisstaði og áningarstaði. Þá þurfa að vera upplýsingar um sögu svæðisins, jarðminjar, efnisnám og menningarminjar. Á skiltunum þarf að vara fólk við mögulegu grjóthruni við bröttustu gíghólana. Við rannsóknarsnið í gíg númer 53 má setja upp fræðsluskilti um innri gerð gervigíga. Reglulega þarf að hreinsa gjall frá sniðinu og fjarlægja gróður sem skyggir á. Á nyrðri hluta svæðisins er fjöldi húsgrunna og menningarminja sem þarf að gera grein fyrir.

- **Gróður:** Lúpína hefur sótt mikið á innan raskaða svæðisins og er æskilegt að hún sé fjarlægð. Þó nokkuð er um sjálfsáðan trjágróður, t.d. birki og víðir, sem getur fengið að vera svo lengi sem hann skyggir ekki á jarðminjar Rauðhóla. Ekki er æskilegt að planta hávöxnum trjám innan fólkvangsins og sjálfsáðar furur, greni eða aspir ætti að fjarlægja. Mosagróður myndar víða fallega kápur ofan á hólunum sem þarf að vernda fyrir ágangi.

7 LOKAORÐ

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar því að Reykjavíkurborg ætli að skipuleggja útivistarsvæðið Rauðhóla með bættri stýringu og stjórnun á komandi árum.

Samkvæmt náttúruverndarlögum er fólkvanginum ætlað að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Það er fyrir löngu orðið tímabært að sýna Rauðhólum þá virðingu sem þeir eiga skilið. Þrátt fyrir rask á gervigígum eru Rauðhólar áhugaverður staður jarðminja með mikið verndargildi. Svæðið er kjörið til útvistar, fræðslu og listsköpunar.

Rauðhólar eru minnisvarði um stórtækt efnisnám fyrri tíma sem raskaði merkum jarðminjum, en þeir geta líka verið áminning til framtíðar um vanhugsaðar framkvæmdir sem mikilvægt er að læra af.

8 HEIMILDIR

Auglýsing um fólkvang í Rauðhólum nr. 185/1974. ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/raudholar_185_1974.pdf [skoðað 5.11.2020]

Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson, ritstj., og Reynir Vilhjálmsson 1998. *Elliðaárdalur: land og saga.* Reykjavík: Mál og mynd (í samstarfi við Árbæjarsafn og Borgarskipulag Reykjavíkur).

Fagents, S.A. og T. Thordarson 2007. Rootless volcanic cones in Iceland and on Mars. Í: Mary Chapman, ritstj. *The geology of Mars: Evidence from Earth-Based Analogs,* bls. 151–177. Cambridge: Cambridge University Press.

Gordon, J.E. 2019: Geoconservation principles and protected area management. *International Journal of Geoheritage and Parks* 7(4): 199–210. DOI: 10.1016/j.ijgeop.2019.12.005

Hamilton, C.W., E.P. Fitch, S.A. Fagents og T. Thordarson 2017. Rootless tephra stratigraphy and emplacement processes. *Bulletin of Volcanology* 79(1): 11. DOI:10.1007/s00445-016-1086-4

Jón Jónsson 1971. Hraun í nágrenni Reykjavíkur. I. Leitahraun. *Náttúrufræðingurinn* 41(2): 49–63.

Jón Jónsson 1978. *Jarðfræðikort af Reykjanesskaga.* OS-JHD-7831. Reykjavík: Orkustofnun. https://orkustofnun.is/gogn/Skyrslur/1978/OS-JHD-7831-II.pdf [skoðað 5.11.2020]

Landmælingar Íslands 2020. *Loftmynd af Rauðhólum* (LI204-LI2-0264) tekin 28.7.1954. www.lmi.is/is/korta-og-landupplysingar/fjarkonnun/loftmyndasafn [skoðað 5.5.2020]

Lena Rut Kristjánsdóttir 2009. *Rauðhólafólkvangur, saga, verndun og nýting.* BS-ritgerð við Landbúnaðarháskóla Íslands. http://hdl.handle.net/1946/4541 [skoðað 5.11.2020]

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html [skoðað 20.10.2020]

Náttúrufræðistofnun Íslands 2017. *Sérstök vernd: kortasjá Náttúrufræðistofnun Íslands.* 1. útg. https://serstokvernd.ni.is [skoðað 19.10.2020]

Náttúrufræðistofnun Íslands 2019. *Jarðfræði Íslands: kortasjá Náttúrufræðistofnun Íslands*. 1. útg. https://jardfraedikort.ni.is [skoðað 28.10.2020]

Reykjavíkurborg 2020. *Rauðhólar: skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags.* Dags. 30. mars 2020. Reykjavík: Umhverfis- og skipulagssvið. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/raudholar_skipulagslysing.pdf [skoðað 5.11.2020]

Reykjavíkurborg 2013. *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030. A. Meginmarkmið og framtíðarsýn (bindandi stefna).* Uppfært 6. febrúar 2014. Reyjavík: Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið. https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/ar2010-2030_a-hluti_20140224.pdf [skoðað 5.11.2020]

Sigurður Þórarinsson 1950. Náttúruvernd. Erindi flutt á fundi Hins íslenzka náttúrufræðifélags 31. okt. 1949 er helgaður var 60 ára afmæli félagsins. *Náttúrufræðingurinn* 20(1): 1–12.

Sinton J., K. Grönvold og K. Sæmundsson 2005. Postglacial eruptive history of the Western Volcanic Zone, Iceland. *Geochemistry, Geophysics, Geosystems* 6(12): Q12009. DOI:10.1029/2005GC001021

Skógræktarfélag Reykjavíkur 2019. *Kort af Heiðmörk.* https://heidmork.is/kort/kort-af-heidmork/ [skoðað 30.10.2020]

von Komorowics M. 1912. *Vulkanologische Studien auf Einigen Inseln des Atlantischen Oceans.* Stuttgart: E. Schweizerbart‘sche Verlagsbuchhandlung. Nägele und Dr. Sproesser.

Þorvaldur Þórðarson 2013. Hraun. Í: Júlíus Sólnes, Freysteinn Sigmundsson og Bjarni Bessason ritstj. *Náttúruvá á Íslandi: eldgos og jarðskjálftar,* bls. 105–129. Reykjavík: Viðlagatrygging Íslands, Háskólaútgáfan.

Rauðhólar
Fornleifaskrá

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 217

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Rauðhólar

Fornleifaskrá

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 217

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:
Rauðhólaskálinn árið1935.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: BÖP 001 055 2-2. Ljósmyndari: Böðvar Pétursson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 217
Reykjavík 2021
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Efnisyfirlit

Formáli ... 3
1. Saga svæðisins ... 5
1.1 Staðhættir og örnefni ... 5
1.2 Í landi Elliðavatns, Hólms og Grafar ... 7
1.3 Jörðin Elliðavatn ... 8
1.4 Rauðhólar ... 9
1.5 Elliðavatnsengjar ... 12
1.6 Elliðavatnsstíflur ... 14
1.7 Baldurshagablettir ... 16
2 Almennt um verndun menningarminja ... 17
3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja ... 19
4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar ... 19
4.1 Fornleifaskrá fyrir Rauðhóla og nágrenni ... 21
Elliðavatn 214-37 Áveitugarðar ... 21
Elliðavatn 214-38 Stekkur ... 21
Elliðavatn 214-40 Gamli Elliðavatnsvegur ... 22
Elliðavatn 214-77 Camp Tinker ... 24
Elliðavatn 214-78 Vorboðinn ... 26
Elliðavatn 214-79 Grundarkot ... 28
Elliðavatn 214-91 Stóri-Rauðhóll, landamerki ... 30
Elliðavatn 214-92 Sumarhús ... 30
Elliðavatn 214-96 Garðlag ... 31
Elliðavatn 214-97 Vatnsveita ... 32
Elliðavatn 214-98 Rauðhólavegur, Tinker Road ... 33
Elliðavatn 214-101 Herminjar ... 34
Elliðavatn 214-102 Herminjar ... 35
Elliðavatn 214-103 Herminjar ... 36
Elliðavatn 214-104 Herminjar ... 37
Elliðavatn 214-105 Herminjar ... 38
Elliðavatn 214-106 Rúst-herminjar ... 39
Hólmur 213-9 Miðaftanshóll, eyktamark ... 40
Hólmur 213-44 Vegur ... 40
Hólmur 213-69 Borhola ... 40
Hólmur 213-70 Brú á Rauðhólavegi ... 41

Hólmur 213-76 Rauðhólavegur ... 42
Hólmur 213-124 Herminjar, vegir ... 42
Gröf 260-97 Stífla ... 43
Gröf 260-121 Klapparholtsvað ... 44
Gröf 260-154 Dísardalur ... 44
Gröf 260-155 Dísardalur, kartöflugeymsla ... 45
Gröf 260-156 Dísardalur, tóft ... 45
Gröf 260-157 Dísardalur, ræktunarreitir ... 46
Gröf 260-164 Dísardalur, ræktunarreitir ... 47
Gröf 260-165 Neðridalur ... 48
Gröf 260-167 Fagrabrekka ... 49
Gröf 260-168 Heiðarbær ... 50
Gröf 260-183 Brú ... 51
4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar ... 51
5 Heimildaskrá ... 53
Viðauki 1 ... 56
Minjatafla fyrir skráningarsvæðið ... 56
Viðauki 2 ... 57
Minjakort fyrir skráningarsvæðið ... 57

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á því svæði sem nefnt hefur verið „Rauðhólar“.[1] Afmörkun deiliskipulagssvæðisins, sjá mynd 1. Fornleifaskráningin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna deiliskipulagsgerðar í Rauðhólum.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar samkvæmt ákvæðum um skráningu menningarminja í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.[2]

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

Júlí 2021
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

[1] *Rauðhólar, deiliskipulag* á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Sótt 26.08.2021 af https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/raudholar-0
[2] Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

1 Saga svæðisins

Hér fer á eftir umfjöllun um deiliskipulagssvæði Rauðhóla. Það afmarkast af Bugðu að vestan og norðan, að norðaustan við Suðurlandsveg, eftir Hólmsengjum yfir Hellur að Suðurá. Frá Suðurá að Heiðmerkurvegi norðan við Helluvatn að Álnum þar sem brýrnar eru heim að Elliðavatni. Eftir Elliðavatni að Norðlingaholti þar sem Bugða rennur, sjá mynd 1.



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins með svartri brotalínu.[3]

1.1 Staðhættir og örnefni

Á svæðinu eru *Rauðhólar,* fjöldi gervigíga sem urðu til þegar Leitarhraun rann fyrir 5200 áum.[4] Austurhluti hólanna er illa farinn eftir námuvinnslu, en þar voru stórir gígar sem nefndust *Stóri Rauðhóll*, *Kastali* og *Miðaftanshóll,* sem var þá eyktarmark frá Hólmi. Norðan við Rauðhóla voru *Hólmsengjar*, það voru flæðiengjar, en vatni var áður fleytt úr Hólmsá á engjarnar. Norðan við Rauðhóla lá vegur (214-40) frá *Baldurshaga* að Elliðavatni. Þar voru *Dælur* og var *Stóradæla* þeirra stærst. Þetta voru vatnspyttir og stundum var erfitt að fara þar um og lá þá leiðin um bakka Bugðu.[5] Vestur af Rauðhólum var *Hólatagl.* Þar vestur af var gerð stífla (260-97) í Bugðu og vatni þannig veitt á *Sund* og *Elliðavatnsengjar*. Enn má sjá stíflugarða á þessu svæði (214-37). Aðrir stíflugarðar eru svo vestar, suður yfir Vatnsendakrók, sjá mynd 10. Syðst er svo *Stekkjarholt* eða *Sundholt*, en þar var stekkur (214-38) sem fór líklega á kaf þegar *Dimma* og *Bugða* voru stíflaðar á árunum 1923-28 vegna virkjanaframkvæmda. Þá stækkaði vatnið um helming og vötnin tvö sem áður voru *Vatnsendavatn* og *Vatnsvatn* urðu að *Elliðavatni*. Fyrri miðlunarstíflan fyrir *Elliðaárvirkjun* var jarðvegsstífla, en hún er

[3] Borgarvefsjá. Vefslóð: https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/
[4] Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson: *Rauðhólar í Heiðmörk*, skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands.
[5] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Hólms 181149-213 1-3.

nú friðuð ásamt öðrum mannvirkjum Elliðaárvirkjunar.[6] Önnur steypt stífla var síðan gerð 1978, aðeins sunnar.[7] Við stíflugerðina hækkaði yfirborð vatnsins og það stækkaði mikið. Þá fóru *Elliðavatnsengjar* undir vatn og vatnið gekk upp í *Sund* og *Kílinn* auk þess sem *Helluvatn* stækkaði. Helluvatn er kennt við *Helluvað*, slétta hraunklöpp, þar sem vað var á ánni og nú eru brýrnar.[8]

Við Suðurlandsveg í landi Grafar voru nýbýlin *Dísardalur, Neðridalur, Heiðarbær og Fagrabrekka*, en þetta svæði var byggt upp um og eftir 1935. Á tíma seinni heimsstyrjaldarinnar var Camp Tinker reistur í Rauðhólum. Á hæð einni var vatnstankur, þar var *Skotmannahóll*.[9]



Mynd 2. Elliðavatn og nágrenni 1909. Á kortinu eru vagnavegir merktir með tvöfaldri línu, en aðrar leiðir með einfaldri svartri línu. Þær eru mun fleiri og hafa vafalaust verið notaðar öldum saman. Á þessu korti er vatnið nefnt Elliðavatn, en víxlast hafa nöfnin á Helluvatni og Hrauntúnstjörn.[10]

---

[6] Stíflan er friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar, sjá heimasíðu Minjastofnunar. https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/807

[7] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 100 – Sumarliði R. Ísleifsson: *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921-1998*, myndatexti bls. 61.

[8] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Hólms 181149-213 1-2.

[9] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-1.

[10] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.



Mynd 3. Helstu örnefni við Rauðhóla.[11]

Samhliða túnaræktun heima við bæinn á Hólmi voru *Hólmsengjar* heyjaðar, en þær voru norðanvert við Rauðhóla, milli þeirra og Bugðu. Auk þess voru slægjublettir í hrauni, nyrst við veginn við Trippanef (Tangatanga).[12] Greina má gamla, uppþornaða farvegi á svæðinu frá Hólmi og norðvestur þar sem Hólmsengjar voru. Líklega hafa þeir verið hluti af áveitukerfi fyrir engjasvæðið.

Erfitt er að finna hin gömlu örnefni í Rauðhólum vegna malartöku. Stóri gígurinn norðaustast í Rauðhólum hét *Kastali*. Að honum liggur vegur þeirra sem tóku rauðamöl. Vestur af honum var *Stóri-Rauðhóll*, en hann er alveg horfinn. Þar suðaustur af var *Miðaftanshóll*, einnig horfinn eða óþekkjanlegur.[13]

Vegur (213-76) lá áður um *Trippanef* á brú (213-40) út í Rauðhóla. Þessi vegur var gerður 1926 en Heiðmerkurvegur leysti hann af um 1970. Frá Trippanefi lá líka vegur (213-75) austur að Hólmi. Sá vegur var notaður sem vetrar- og engjavegur frá Hólmi og í grunninn er þetta líklega gömul leið, en í núverandi mynd er hann líklega frá 1926. Nú er þessi vegur notaður sem akstursvegur heim að Hólmi. Vegur (213-77) lá frá Vegholti yfir Bugðu á brú (213-78) að Rauðhólavegi. Talið er að hann hafi verið gerður samhliða miklum malarflutningum frá Rauðhólum til Reykjavíkur vegna flugvallarframkvæmda,

1.2 Í landi Elliðavatns, Hólms og Grafar

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Það landsvæði sem skilgreint er sem deiliskipulag Rauðhóla tilheyrði áður þremur bújörðum, að mestu Elliðavatni, að austan Hólmi og lítill hluti Gröf, sjá mynd 4.

[11] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Hólms 181149-213 1-3 og Elliðavatns 1811501-2.
[12] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing, Hólmur 181149-213-1.
[13] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnaskrá, Hólmur 181149-213-2.



Mynd 4. Landamerki lögbýlanna Grafar, Hólms og Elliðavatns eins og þau voru árið 1703.[14]

1.3 Jörðin Elliðavatn

Elliðavatns er fyrst getið í máldagaskrá um eignir Maríukirkju og staðar í Viðey á dögum Þorvalds Gissurarsonar, sem sett er til ársins 1234. Þar segir um Elliðavatn: „hvn a oc Elliðavatz land hálft. oc allt land at vatzenda. með þeim veiðvm oc gæðvm er þeim hafa fylgt at fornv.“[15] Árið 1313 í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs segir: „At vatnne cc vorv ok iiij vætter miols.“[16] Árið 1395 var leiga Elliðavatns þrjú hundruð.“[17] En færum okkur nú nær í tíma. Elliðavatn var ein þeirra fjölmörgu jarða sem komust í konungseign með siðaskiptunum. Í Jarðabók Árna og Páls er því jarðardýrleikinn óviss en á jörðinni var þríbýli, búið á hálfri og tveimur fjórðungum. Landskuld var af allri jörðinni eitthundrað álnir. Leigukúgildi voru fjögur og skiptust á milli ábúenda eftir jarðaparti. Kvikfénaður ábúenda var sextán kýr, tvær veturgamlar kvígur, fjórir kálfar, tuttugu og fjórar ær, sextán sauðir, átján lömb, ein gimbur, tveir hestar, þrjú hross og tveir folar. Á jörðinni var hægt að fóðra tólf kýr. Alls voru heimilismenn á allri jörðinni sautján talsins.[18] Um miðja 18. öld var sett á stofn fjárræktarbú að Elliðavatni. Stjórnandi þess var sænskur maður, Hastfer barón. Árið 1761 voru fengnir enskir hrútar til kynbóta og með þeim barst fjárkláðinn illræmdi til landsins sem breiddist mjög hratt út og olli gífurlegu tjóni. Það var ekki fyrr en 1799 sem tókst að ráða niðurlögum hans. Fjárbúið á Elliðavatni lagði hins vegar upp laupana 1764.[19] Jörðin var seld 1815 en árið 1860 kaupir jörðina Benedikt Sveinsson yfirdómari og alþingismaður af ekkju Jóns Jónssonar, Guðrúnu Jónsdóttur.[20] Til stóð að

[14] Samsett kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Lögbýli í Rvk. 1703. Sótt 26. ágúst 2021. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.
[15] *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn,* I. bindi, bls. 507.
[16] *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn*, II. bindi, bls. 377.
[17] *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn*, III. bindi, bls. 598.
[18] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi, bls. 280-281.
[19] Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 125.
[20] *Þjóðólfur,* 25. júlí 1860, bls. 121.

gera Elliðavatn að stærstu bújörð á Íslandi og lét Benedikt reisa þar steinhús það sem enn stendur og voru umsvif hans töluverð.[21] Elliðavatn var áður tvö vötn, Vatnsendavatn og Vatnsvatn.[22] Þá voru Elliðavatnsengjar nýttar, vatni úr Bugðu var veitt á engjarnar til að auka heyfeng. Greina má enn varnargarða á nokkrum stöðum.

Eftir að Benedikt hafði flust frá Elliðavatni og selt jörðina gekk hún kaupum og sölum. Verulegur hluti var í eigu Þórðar Sveinssonar yfirlæknis á Kleppi og bæjarfulltrúa, en hann var mikill áhugamaður um búskap.[23]

Á árunum 1923-1928 eignaðist Rafmagnsveita Reykjavíkur jörðina og lét þá gera mikla miðlunarstíflu fyrir Elliðaárvirkjun. Sú stífla var jarðvegsstífla og lokaði hún farvegum Dimmu og Bugðu.[24] Yfirborð vatnsins var hækkað og við það stækkaði vatnið og Elliðavatnsengjar fóru undir vatn. Þessi gamla stífla er nú komin á kaf því önnur hærri var gerð 30-70 m norðar á árunum 1977-78. Um nokkurt árabil var á Elliðavatni rekið vistheimili fyrir geðsjúklinga og upptökuheimili fyrir börn. Búskap var hætt á Elliðavatni um 1940.[25] Árið 1963 var samið við Skógræktarfélag Reykjavíkur um að það skyldi fá jörðina til varðveislu og frá 1964 hafði starfsmaður félagsins sem hafði eftirlit með Heiðmörk aðsetur þar. Árið 2004 flutti Skógræktarfélagið alla starfsemi sína í Heiðmörk og er bærinn nú notaður undir skrifstofur félagsins og félagsstarfsemi ýmiss konar.[26]

1.4 Rauðhólar

Rauðhólar eru fjöldi gervigíga sem urðu til þegar Leitarhraun rann fyrir 5200 árum.[27] Rauðhólar eru bæði í landi Elliðavatns og Hólms og lágu landamerki jarðanna um svæðið að austanverðu, sjá mynd 4. Rauðhólar voru rannsakaðir og kortlagðir snemma á síðustu öld og út frá því korti er hægt að átta sig á því hvernig svæðið hefur litið út áður en því var raskað með námuvinnslu.[28]



Mynd 5. Kort af Rauðhólum snemma á 20. öld, (von Komorowicz 1912).[29]

[21] Gísli Sigurðsson: Lesbók Morgunblaðsins 19. febrúar 2000, bls. 10.
[22] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnaskrá Gröf 181179-2 Guðlaugur R. Guðmundsson.
[23] Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 126.
[24] Stíflan er friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar, sjá heimasíðu Minjastofnunar. https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/807.
[25] Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls.125-126.
[26] Heimasíða Skógræktarfélagsins: https://heidmork.is/heidmork/ellidavatnsbaer-og-jord/.
[27] Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson: *Rauðhólar í Heiðmörk*, bls. 8.
[28] Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson: *Rauðhólar í Heiðmörk*, bls. 11.
[29] Kortið hér tekið úr: *Rauðhólar í Heiðmörk*, bls. 11.

Rauðhólar voru vinsælt útivistarsvæði. Í blaðagrein frá 1933 skrifar Héðinn Valdimarsson að Rauðhólar séu skemmtistaður Alþýðusamtakanna. Í greininni lýsir hann áformum um hvernig megi nýta svæðið til útivistar. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna fékk afmarkað land í vesturhluta Rauðhóla á leigu.[30] Spildan er merkt inn á kort af Rauðhólum frá árinu 1937.[31] Inn á kortið er lóð merkt „Verkalýðsfjelögin", auk fleiri lóða. Á þeirra vegum og Alþýðuflokksins voru um nokkurra ára skeið haldnar útisamkomur á svæðinu á sumrin. Síðar afhenti Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna barnaheimilinu ***Vorboðanum*** leigulandið ásamt skála. Árið 1935 var stofnað þar sumardvalarheimili fyrir börn frá fátækum heimilum, sem rekið var um tíma af kvenfélögum í Reykjavík með styrk frá bænum. Árið 1982 var ákveðið að rífa barnaheimili Vorboðans (214-78) og fékkst þá leyfi til að flytja hluta þess, einlyftan skála með leikfimisal, á nýja lóð við Framnesveg 66 og endurbyggja þar sem íbúðarhús. Við endurbygginguna var skálinn styttur um nokkra metra, gerðir á hann gluggar og byggt ris með kvistum ofan á hann, en gólf og veggir héldu sér. Við þetta var notað efni úr þeim hluta barnaheimilisins sem var rifinn.[32]



Mynd 6. Hús Vorboðans í Rauðhólum um 1935.[33]

Malarnám hefur sett svip sinn á suðausturhluta Rauðhóla, en talið er að Ólafur Thors hafi fyrstur leyft mönnum að taka úr möl úr Rauðhólum.[34] Malarnámið jókst verulega upp úr 1940 þegar setuliðið fór að taka þar möl. Fyrst er að nefna allan flutninginn á rauðamöl úr hólunum í Reykjavíkurflugvöll. Til þess að tryggja að flutningar á rauðamöl gengju vel fyrir sig var byggð brú (213-78) yfir Bugðu við Fögrubrekku (260-167) sem nú horfin, ásamt vegi (213-77) sem í dag er notaður sem reiðvegur.

Talið er að um 95.000 rúmmetrar af rauðamöl hafi verið fluttir á flugvallarsvæðið í flug- og akstursbrautir, samkvæmt skýrslum breska hersins. Það segir þó ekkert um heildarmagnið sem tekið var úr námunum, því byggingarsveitir breska og bandaríska hersins ásamt Íslendingum tóku auk þess rauðamöl til vegagerðar, þó að flugvöllurinn hafi verið stærsta einstaka verkefnið.[35] Víða var notuð rauðamöl í götur borgarinnar og einnig í vegi og stíga í braggahverfum á Hólmsheiði eins og *Camp Phinney* og *Camp Swansea,* auk fleiri kampa eins og *Geitháls Dump*, *Camp White Heather*, *Camp Omskeyri* við Hólmsá og víðar á austanverðu höfuðborgarsvæðinu.

Almenna byggingafélagið hf., sem stofnað var árið 1941, lagði Hafravatnsleið fyrir breska herinn á sama tíma og flugvallargerðin stóð yfir. Félagið endurbætti síðan veginn að Vatnsenda, lagði

[30] *Alþýðublaðið,* 22. júní 1933, bls. 2.
[31] Kort frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.
[32] Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Grandavegur, Eiðsgrandi, Hringbraut, Framnesvegur*. Skýrsla nr. 114 í skýrsluröð Borgarsögusafns Reykjavíkur. Reykjavík 2004, bls. 18. – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Síðari hluti. Reykjavík 1994, bls. 144 og 388. – Símon Jóh. Ágústsson: "Barnavernd". *Félagsmál á Íslandi*. Ritröð: Saga Alþingis IV. Reykjavík 1942, bls. 183-198.
[33] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: BÖP 001 055 2-2, ljósmyndari Böðvar Pétursson.
[34] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Hólms 181149-213 1-2.
[35] Friðþór Eydal: *Efni til flugvallargerðar úr Rauðhólum*, 22. september 2017, bls. 1, óbirt.

nýjan veg þaðan og í stór bragga- og geymsluhverfi á Hörðuvöllum og Smáravöllum fyrir Bandaríkjaher og þaðan til Vífilsstaða og um Urriðakotsholt til Hafnarfjarðar. Víða á þessum leiðum er rauðamöl að sjá í vegastæðum og fyllingum. Eitthvað af henni gæti þó vel hafa komið úr öðrum gjallnámum.[36] Í maí 1941 var gerð sú nýbreytni að bera rauðamalarmulning í götur bæjarins í stað hins fíngerða ofaníburðar úr sandnámunni við Elliðaár. Við þetta urðu göturnar hreinlegri og hvarf rykið að mestu, en það hafði löngum verið versta plága Reykvíkinga. Nauðsynlegt var að mylja hraungrýtið og þjappa niður í göturnar, því að annars fór það illa með skó vegfarenda.[37]

Efnistaka úr Rauðhólum gat verið stórhættuleg eins og dæmin sanna. Víða háttar þannig til að ofan á malarstöflunum er allþykkt hraunlag og var sá háttur hafður á að grafa gjallið undan hrauninu og láta það síðan falla niður. Hlutust á stríðsárunum a.m.k. fjögur banaslys af þegar hermenn urðu fyrir fallandi hraunbjörgum. Þegar vinna við Reykjavíkurflugvöll stóð sem hæst, 20. apríl 1941, féll bjarg á tvo liðsmenn 687. byggingarsveitar breska hersins sem unnu við malartöku og létust þeir báðir. Tæpum tveimur árum síðar, eða 8. apríl 1943, urðu tveir bandarískir hermenn fyrir stórum steini sem féll úr hraunbrúninni og létust báðir.[38]

Mynd 7. Liðsmenn byggingarsveitar breska hersins kasta mæðinni, en efninu sem flutt var í Reykjavíkurflugvöll var handmokað á vörubílana í Rauðhólum. Bifreiðin á bak við hermennina er merkt góðgerðasamtökum YMCA sem færði þeim hressingu.[39]

Eins og fyrr greinir hófst stórfelld efnistaka úr Rauðhólum á styrjaldarárunum, einkum í þágu ýmissa hernaðarmannvirkja eða í þarfir hersins að öðru leyti. Þann 15. desember 1944 samþykkti bæjarráð að leggja bann við því að skerða fleiri gíga (hóla) á svæðinu og var bæjarverkfræðingi falið að sjá um að þessu banni yrði stranglega framfylgt.[40]

---

[36] Friðþór Eydal: *Efni til flugvallargerðar úr Rauðhólum*, 22. september 2017, bls. 1, óbirt.
[37] Friðþór Eydal: *Efni til flugvallargerðar úr Rauðhólum*, 22. september 2017, bls. 1, óbirt og *Morgunblaðið,* 21. maí 1941, bls.7.
[38] TNA: Dagbók (War Diary) 140 Company Pioneer Corps, Iceland Force, 20 april 1941; U.S. Air Force Historical Research Agency (AFHRA), örfilma nr A 3076: Iceland Base Command War Diary 1941-1945, hér tekið eftir Friðþór Eydal: *Efni til flugvallargerðar úr Rauðhólum*, 22. september 2017, bls. 1, óbirt, bls. 2.
[39] Mynd fengin hjá Friðþóri Eydal tekin úr C.F. Dunn and Frank Muscroft: *Garrison in Iceland*.
[40] *Þjóðviljinn,* 3. febrúar 1961, bls. 6-7.



Mynd 8. Suðurhluti Camp Tinker í Rauðhólum, myndin er tekin af Skotmannahól í suður, vinstra megin á myndinni eru braggar og vegir en hægra megin er afgirt tún eða lóð Vorboðans og í fjarska Elliðavatn.[41]

Mynd 9. Horft af Skotmannahól til suðurs yfir sumarhúsalóð, svæði þar sem voru mannvirki á tímum hersetunnar. Svipað sjónarhorn.

Bandarískar herbúðir, *Camp Tinker,* voru í Rauðhólum en þar var miðstöð ratsjáreftirlits flughersins. Herbúðirnar samanstóðu af um 70 herbröggum og fleiri mannvirkjum af öðrum gerðum.[42] Þessi bandaríska ratsjársveit var upphaflega staðsett til bráðabirgða á Reykjavíkurflugvelli árið 1941, við stjórnstöð breska flughersins. Síðar var hún færð í höfuðstöðvar bandarísku ratsjárstöðvarinnar í *Camp Hickam* í Ártúnsbrekku, en herbúðirnar voru nefndar í höfuðið á Horace Meek Hickam ofursta og frumkvöðli í flugmálum í Bandaríkjunum. Umsvif í ratsjáreftirliti jukust til mikilla muna árið 1942 eftir því sem ratsjársveitinni bárust fleiri tæki og meiri mannafli. Miðstöðin var því flutt árið 1943 í Rauðhóla en þaðan var loftvörnum stjórnað til ársins 1944, eða þar til öll starfsemi ratsjárstöðvarinnar fluttist til Keflavíkurflugvallar.[43] Í Rauðhólum eru því víða ummerki eftir umsvif hersins s.s. skotgrafir, braggar, steyptir grunnar og gólfplötur sem skráð er undir eitt og sama númer (21-77). Heillegustu mannvirkin eru aftur á móti skráð undir sérstakt númer: Vatnstankur og skotgröf (214-101) á Skotmannahól, tveir stórir djúpir grunnar (214-102 og103) sem hýstu loftvarnastjórnstöðina og loftskeyta- eða fjarskiptamiðstöðina, hleðsla efst á gervigíg (214-104) og steyptur grunnur (214-105). Vegir og slóðar sem herinn lagði eru notaðir ennþá og þá aðallega sem reiðstígar.

Árið 1986 var á svæðinu starfrækt útileikhús þar sem sett var á svið brot úr Njáls sögu.[44]

1.5 Elliðavatnsengjar

Benedikt Sveinsson, þá eigandi Elliðavatns, hugðist bæta Elliðavatnsengjarnar með áveitu og til þess fékk hann danskan áveitumeistara, Niels Jörgensen, árið 1869. Þá voru ráðnir 60 menn í vinnu við að hlaða kílómetra langan stíflugarð sem náði þvert yfir Dimmu og Bugðu sunnan við *Vatnsendakróka*,

[41] Friðþór Eydal: *Kampar í Kópavogi*. Ljósmyndari: Art Livergood liðsmaður ratsjárstöðvarinnar, bls. 32-33.
[42] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.
[43] Friðþór Eydal: *Kampar í Kópavogi*, bls. 33 – Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: *Erlend nöfn á Innnesjum. Arfur seinni heimsstyrjaldar í örnefnum á höfuðborgarsvæðinu,* bls. 199.
[44] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi. Reykjavík 1991, bls. 10.

sjá mynd 10. Með því vannst tvennt, hægt var að veita vatni á engjarnar og hafa vatnsrennslið í Elliðaánum á valdi sínu. Benedikt tókst að skrúfa fyrir nánast allt vatn til Elliðaánna, en það kom í veg fyrir að fiskur gengi í árnar þegar laxveiðitíminn átti að hefjast sumarið 1869. Áður en lögbanni hafði verið komið á hleypti Benedikt úr stíflunni og vatnsflóðið sópaði öllum laxakistum Thomsens í burtu.[45] Af þessu uppátæki Benedikts spruttu svonefnd Elliðaármál, sem var langvarandi málaþras.[46] Enn má sjá hluta af þessum görðum (214-37) ofan í vatninu sunnan við Elliðaárstífluna.

Mynd 10. Hluti af korti Benedikts Gröndal frá árinu 1880, sem sýnir vatnafar á svæðinu.[47] Kortið var lagt fram í hinum svonefndu Elliðaármálum og sýnir hvar Benedikt Sveinsson reisti jarðvegsstíflur sunnan við Vatnsendakrók og norðan við Elliðavatnsengjar, auk þess var önnur lítil stífla milli Kílsins og Bugðu.

[45] Gísli Sigurðsson: *Lesbók Morgunblaðsins,* 19. febrúar 2000, bls. 11.
[46] Gísli Sigurðsson: *Lesbók Morgunblaðsins,* 19. febrúar 2000, bls. 11.
[47] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.



Mynd 11. Uppdráttur frá 1902 af Klapparmóum eftir Steindór Björnsson (nú Norðlingaholt og nágrenni). „Gamli vegurinn", forveri Suðurlandsvegar, er merktur rauður. Vegurinn um Markargróf er grænn og Suðurlandsvegur svartur. Vegurinn um Klapparholt að Elliðavatni „Gamli Elliðavatnsvegur" er merktur blár, en hann lá frá Suðurlandsvegi framhjá fjárhúsinu við Klapparholt yfir Bugðu á Klapparvaði og Hólmsengjar. Neðarlega á kortinu, í hægra horninu, er merkt inn stífla í Bugðu, sjá (260-97).[48]

1.6 Elliðavatnsstíflur

Norðan við Elliðavatn var byggð miðlunarstífla, *Elliðavatnsstífla*, á árunum 1924-1928. Við byggingu hennar stækkaði Elliðavatn um helming og Elliðavatnsengjar fóru undir vatn ásamt hluta af farvegum ánna Dimmu og Bugðu, sjá myndir 12 og 13. Þessi fyrri stífla var jarðvegsstífla með grjótvörn vatnsmegin og lokum eða flóðgáttum á tveimur stöðum,[49] annars vegar í Dimmu, aðalkvísl Elliðaánna,

[48] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar 181179-260-3.
[49] Stíflan er friðuð samkvæmt lögum um menningaminjar, sjá heimasíðu Minjastofnunar. https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/807

og hins vegar í Bugðu. Á árunum 1977-1978 var byggð ný stífla í hennar stað og vatnsborðið þá hækkað aftur og stendur sú stífla enn.[50]



Mynd 12. Kort frá árinu 1909 sem sýnir vatnafar Hólmsár, Bugðu, Dimmu og Elliðaánna. Á þessu korti eru vagnavegir sýndir með tvöfaldri línu en reiðslóðar eða götur með einfaldri línu, eins og vegur að Elliðavatni og í Rauðhóla (213-44). Nöfnin á Hrauntúnstjörn og Helluvatni hafa víxlast á þessu korti. Stærð Elliðavatns er eins og áður en árnar voru stíflaðar.[51]

Mynd 13. Elliðavatn og nágrenni árið 1936. Á kortinu eru malarvegir merktir með tvöfaldri línu, eins og gamla leiðin heim að Elliðavatni hjá Baldurshaga (260-153). Aðrir gamlir slóðar eru merktir með einfaldri svartri línu. Þeir eru mun færri, en hafa verið notaðir öldum saman. Búið er að stífla árnar Dimmu og Bugðu og Elliðavatn hefur stækkað um nánast helming. [52]

---

[50] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 100 – Sumarliði R. Ísleifsson: *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921-1998*, myndatexti bls. 61.
[51] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.
[52] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.

1.7 Baldurshagablettir

Í landi Grafar var byggt upp Selásland vestan við Baldurshaga en *Baldurshagablettir* að austan og koma nokkrir þeirra hér við sögu. Þetta voru skikar sem byggt var á upp úr 1920. Um 1945 var komin þó nokkur byggð á þessu svæði. Með tímanum komu fleiri hús, sumarbústaðir, heilsársbústaðir og jafnframt allmörg hesthús og skúrar. Öll þessi byggð þurfti að víkja þegar Norðlingaholtshverfið var skipulagt og byggt á árunum 2003-2008. Eina húsið sem eftir stendur af þeim sem byggð voru á Baldurshagalandi er húsið *Sólnes*, sem stendur á tanga við ána Bugðu, skammt austan við núverandi Norðlingaholtshverfi. Það mun hafa verið endurbyggt um 1991 og lítið sem ekkert er eftir af upprunalega húsinu.[53] Sunnan þjóðvegar og norðan Bugðu eru skikar sem eru kenndir við Baldurshaga eins og fyrr segir, *Dísardalur, Neðridalur, Heiðarbær og Fagrabrekka*, en þessi byggð var að mestu frá árinu1935. Lítið er eftir af þessari byggð nema torfhús við Dísardal, sem trúlega hefur verið kartöflugeymsla, auk hesthúss við Neðridal. Síðustu árin hefur verið stunduð þar garðrækt og landið notað til beitar. Hluti af þessum blettum er innan deiliskipulags Rauðhóla.



Mynd 14. Kort yfir Baldurshagabletti frá 1971, lengst til hægri eru merktir inn Dísardalur og Neðridalur.[54]

[53] Byggt 1990 skv. Fasteignaskrá. Endurbyggt 1991, skv.: „Nefnd um bætta umgengni meðfram Suðurlandsvegi frá Lækjarbotnum að Breiðholtsbraut við Rauðavatn“. Skýrsla ásamt skrá Ágústs Jónssonar skrifst.stj. borgarverkfr. yfir hús á svæðinu, dags. í desember 1992. Óútgefin gögn. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um hús í Reykjavík, Suðurlandsvegur.

[54] Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík: Gröf-Grafarholt. „Baldurshagablettir, m. 1:2000“. Kort gert af Finni Kristinssyni 1971. Afrit.



Mynd 15. Baldurshagablettir við Baldurshaga árið 1957. Suðurlandsvegur liggur á ská yfir efri hluta myndarinnar. Við Baldurshaga liggur Gamli Elliðavatnsvegur (260-153) til suðurs að Bugðu. Austan við Baldurshaga birgðageymslan og braggahverfið Camp Columbus Dump, austar eru svo fleiri Baldurshagablettir en þar voru Dísardalur, Neðridalur, Heiðarbær og Fagrabrekka.[55]

2 Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[56]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér svöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

[55] Landmælingar Íslands loftmynd: LI233-L12-7770, 26-07-1958.
[56] Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b**. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> **f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> **i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2021) eru um 4.000 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu, dæmi: Ártún 263-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið ***2548***.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, *en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask*. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.[57]

Tafla 1. Aldursflokkun minja.

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1922-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar. Allar fornleifar og hluti af yngri minjum voru mældar inn með GPS tæki Minjastofnunar. Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap og er hnitsetningin tekin upp úr þeim grunni.

4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á því svæði sem nefnt hefur verið „Rauðhólar“.[58] Afmörkun deiliskipulagssvæðisins, sjá mynd 1.

Fornleifaskráning hefur farið fram á hluta af þessu svæði og kemur sú skráning fram í skýrslunni *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá*,

[57] Vefur Borgarvefsjáin. Vefslóð: http://borgarvefsja.is.
[58] Sjá: https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/raudholar-0

sem var gerð vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar á þessu svæði.[59]Vettvangsrannsókn fór fram 17. okt. 2020, 26. apríl og 15. júní 2021.



Mynd 16. Fornleifar, mannvirki og yngri minjar á deiliskipulagi Rauðhóla.[60]

[59] Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá.* Skýrsla nr. 207, 2021.
[60] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: http://borgarvefsja.reykjavik.is/

4.1 Fornleifaskrá fyrir Rauðhóla og nágrenni

Elliðavatn 214-37 Áveitugarðar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-37		Áveita	Garður	1850-1937	364895	401778		1	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Í örnefnalýsingu segir: „Þar í [við slægjulandið sem nefnt var Sund] sést votta fyrir áveitugörðum, torfgörðum, vestast. Veitt var á Sundið fram undir 1936-7, en það var slegið lengur.“ Áveitugarðar eru nokkrir á þessu svæði, áin Bugða var stífluð rétt fyrir neðan Hólatagl (260-97) og þaðan liggur garður hálfa leið að Kílnum, annar liggur svo þvert á hann og rétt norðan í Stekkjarholti. Ekki er ljóst hvort garður (214-96) sé líka áveitugarður eða undirhleðsla undir girðingu.
Lýsing: Garðar þessir er að hluta horfnir og óljósir, en greina má þá á loftmyndum og út frá gróðri.[61] Garðarnir hafa að mestu verið hlaðnir úr torfi, mjög blautt er á svæðinu og það er grasi gróið.

Mynd 17. Horft í norðvestur eftir áveitugarði norðan við Stekkjarholt

Elliðavatn 214-38 Stekkur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-38	Stekkjaholt	Stekkur	Heimild	1900	365093	401505	3	2,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Í örnefnalýsingu segir: „Við Kílinn voru gamlar grónar hleðslur, sem taldar voru eftir stekk, en Christian Zimsen veit ekki, hvort það er rétt. Holtið var oftast nefnt *Stekkjarholt* af heimamönnum á Elliðavatni, og það nafn er Christian Zimsen tamt. Tóftirnar fóru undir vatn, og Kíllinn.“[62] Miklar breytingar urðu á öllu vatnafari á svæðinu þegar *Elliðavatnsstíflan* (214-76) var byggð árið 1927 en sú stífla er friðlýst.[63] Ný stífla var síðan byggð 1978 og fór þá eldri stíflan á kaf. Stíflurnar höfðu þau áhrif að vatnsborð Elliðavatns hækkaði og *Elliðavatnsengjar* (214-94) fóru á kaf, auk annarra minja eins og *stekksins* (214-38) sem Stekkjarholt dregur nafn sitt af, en stekkurinn er hugsanlega á kafi í Kílnum. Stekkjarholt er líka nefnt *Sundholt*.
Lýsing: Tóftir stekkjarins eru líklega undir vatni í Kílnum, sjá örnefnaskrá. Möguleg staðsetning er fengin eftir loftmynd 2014.[64] Nákvæm staðsetning ekki þekkt.

[61] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): loftmyndir.
[62] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-2.
[63] Sjá: https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/807.
[64] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): loftmynd 2014.

Mynd 18. Kíllinn horft til suðausturs, Stekkjarholt (Sundholt) til vinstri og Elliðavatnsbærinn til hægri.

Elliðavatn 214-40 Gamli Elliðavatnsvegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-40	Gamli Elliðavatns-vegur	Vegur	Vegur	1860-1870	364994	402406	968	2	Slæmt	Nei

Staðhættir: Gamall vegur (260-153) lá frá Suðurlandsvegi að Klapparholti yfir Bugðu, fyrst á vaði, *Klapparholtsvaði* (260-121) [65] og síðar á brú (260-183).[66] Frá Bugðu á vaðinu/brúnni lá vegurinn áfram að Elliðavatni (214-40). Í örnefnaskrá segir frá þessum vegi: „Bakkar Bugðu voru hærri, valllendisgrundir. Þeir voru þurrir. Hægt var að aka bakkana, og var það gert, ef vegurinn að Elliðavatni (214-40), sem lá þá um Dælurnar, varð ófær. Sá vegur var gerður 1916, og var settur hlemmur á kíl, sem var rétt fyrir ofan *Taglið*. Við stíflugerðina við Taglið vildi fara vatn upp í Dælurnar líka, og fór þá vegurinn í kaf.“[67] Talið er að þegar Benedikt Sveinsson bjó á Elliðavatni á seinni hluta 19. aldar, hafi hann látið leggja þennan veg. Hugsanlega hefur þessi vegur verið lagður í eldri þjóðveg en vegurinn að vaðinu er merktur inn á kort frá árinu 1909 sem vagnavegur. Vegurinn liggur frá Bugðu yfir *Hólmsengjar* og um *Dælur* og að vesturjaðri *Rauðhóla*, *Hólatagli* og áfram yfir *Sund* að *Sundholti eða Stekkjarholti* og að *Helluvaði* eða að því brúarstæði sem nú er í notkun.
Lýsing: Vegurinn var um 470 m langur (NA - SV) frá Suðurlandsvegi að Bugðu (260-153). Breidd er um 4-5 m. Nyrst er hann horfinn undir íbúðabyggð í Norðlingaholti. Sunnar tekur við allgróinn kafli niður að Bugðu. Gróður eykst eftir því sem nær dregur ánni. Á vaðinu (260-121) á Bugðu má sjá leifar eftir brú (260-183 grjót - járnteinar). Þegar yfir ána er komið sveigir vegurinn eilítið til vesturs og hverfur að endingu í mýrina. Þó má sjá móta fyrir veginum alveg frá Bugðu þar sem hann liggur í suður í dálitlum sveig og tengist að lokum veginum að Elliðavatni í beygjunni rétt áður en hann fer yfir brýrnar á milli Helluvatns og Elliðavatns. Vegurinn er um 1 km á milli Bugðu og að Helluvatni. Hækkun á vatnsborði Elliðavatns hefur áhrif á að hluti vegarins við Sund er mjög blautur.

[65] Kort Steindórs Björnssonar frá 1902, kortasafn Borgarsögusafns.
[66] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-2.
[67] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-2.

Mynd 19. Brúarstæði (260-183) við Klapparholtsvað (260-121) á Bugðu og vegurinn í landi Grafar (260-153). Horft í átt að Norðlingaholti.

Mynd 20. Við Hólatagl, horft til suðurs að Stekkjarholti, þar sést vegurinn.

Mynd 21. Gamli Elliðavatnsvegurinn (214-40) frá Stekkjarholti út í Sundin.

Elliðavatn 214-77 Camp Tinker

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-77	Camp Tinker	Herbúðir, ratsjárstöð	Steyptir grunnar	1940	365386	402123			Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Bandarískar herbúðir, *Camp Tinker*, voru í Rauðhólum en þar var miðstöð ratsjáreftirlits flughersins. Búðirnar samanstóðu af um 70 herbröggum og fleiri mannvirkjum af öðrum gerðum.[68] Þessi bandaríska ratsjársveit var upphaflega staðsett til bráðabirgða á Reykjavíkurflugvelli árið 1941, við stjórnstöð breska flughersins. Síðar var hún færð í höfuðstöðvar bandarísku ratsjárstöðvarinnar í *Camp Hickam* í Ártúnsbrekku, en herbúðirnar voru nefndar í höfuðið á Horace Meek Hickam ofursta og frumkvöðli í flugmálum í Bandaríkjunum. Umsvif í ratsjáreftirliti jukust til mikilla muna árið 1942 eftir því sem ratsjársveitinni bárust fleiri tæki og meiri mannafli. Miðstöðin var því flutt árið 1943 í Rauðhóla en þaðan var loftvörnum stjórnað til ársins 1944 eða þar til öll starfsemi ratsjárstöðvarinnar fluttist til Keflavíkurflugvallar.[69]
Lýsing: Í Rauðhólum eru því víða ummerki eftir umsvif hersins s.s. skotgrafir, braggar, steyptir grunnar og gólfplötur sem eru skráð undir eitt og sama númer (214-77). Heillegustu mannvirkin eru hinsvegar skráð undir sérstök númer: Steyptur vatnstankur og skotgröf (214-101) á Skothól, tveir stórir djúpir grunnar (214-102 og103) sem hýstu loftvarnastjórnstöðina og loftskeyta- eða fjarskiptamiðstöðina, hleðsla efst á gervigíg (214-104) og steyptur grunnur (214-105). Vegir og slóðar sem herinn lagði eru notaðir ennþá og þá aðallega sem reiðstígar.

[68] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.
[69] Friðþór Eydal: *Kampar í Kópavogi*, bls. 33 – Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: *Erlend nöfn á Innnesjum. Arfur seinni heimsstyrjaldar í örnefnum á höfuðborgarsvæðinu,* bls. 199.

Mynd 22. Ummerki eftir herinn, vegir og ummerki eftir bragga um 100 m norðnorðvestur af Skotmannahól.

Mynd 23. Steinsteyptar gólfplötur frá tímum hersetunnar, horft til norðurs að Hólmavaði í Norðlingaholti.

Mynd 24. Horft af Skotmannahól til suðurs yfir sumarhúsalóð, svæði þar sem voru mannvirki á tímum hersetunnar.

Mynd 25. Horft til suðurs að Heiðmerkurvegi og bílastæði yfir svæði þar sem voru mannvirki á tímum hersetunnar, steyptar gólfplötur hanga á námubrúninni.

Elliðavatn 214-78 Vorboðinn

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-78	Vorboðinn	Barnaheimili	Heimild	1933-1942	365243	401952	32	20	Ómetið	Já



Mynd 26. Hús Vorboðans í Rauðhólum um 1935 .[70]

[70] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: BÖP 001 055 2-2, ljósmyndari Böðvar Pétursson.

Mynd 27. Grösugur stallar þar sem hús Vorboðans stóð, horft til austurs og fjær er Skotmannaholl.

Mynd 28. Svæðið þar sem hús Vorboðans stóð í Rauðhólum, reiðstígur liggur nú um svæðið þar sem húsið stóð. Suðaustan við er trébátur norðaustan við malarhól.

Staðhættir: Árið 1933 var Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík leigð spilda á vesturhluta Rauðhólasvæðisins. Spildan er merkt Verkalýðsfjelögin“ inn á kort af Rauðhólum frá árinu 1937.[71] Á þeirra vegum og Alþýðuflokksins voru um nokkurra ára skeið haldnar útisamkomur á svæðinu á sumrin. Síðar afhenti Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna barnaheimilinu Vorboðanum leigulandið ásamt skála. Árið 1935 var stofnað þar sumardvalarheimili fyrir börn frá fátækum heimilum, sem rekið var um tíma af kvenfélögum í Reykjavík með styrk frá bænum. Staðsetning hússins á kortinu frá árinu 1937 (214-78) er nokkuð vestar en síðar kemur fram á loftljósmyndum frá árunum 1954-1979, en um stóra byggingu er að ræða, sjá mynd 26. Árið 1982 var ákveðið að rífa hús Vorboðans og fékkst þá leyfi til að flytja hluta þess, einlyftan skála með leikfimisal, á nýja lóð við Framnesveg 66 og endurbyggja þar sem íbúðarhús. Við endurbygginguna var skálinn styttur um nokkra metra, gerðir á hann gluggar og byggt ris með kvistum, en gólf og veggir héldu sér. Við þetta var notað efni úr þeim

[71] Kort frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

hluta barnaheimilisins sem var rifinn.[72] Árið 1986 var á þessu svæði starfrækt útileikhús þar sem sett var á svið brot úr Njáls sögu.[73]
Lýsing: Greina má undirstöðu hússins sunnan við reiðstíg, upphlaðinn jarðvegur. Austast eru aðeins steypuleifar og glerbrot en það sem hefur verið fyrir framan húsið er grösugur, sléttaður stallur. Sunnan við má greina ummerki eftir minni mannvirki sem þar stóðu samkvæmt loftmyndum, steypu- og járnaleifar og leifar af leiðslum. Um 70 m þar suðaustur af, undir malarhól, er timburbátur sem gæti hafa verið notaður sem leiktæki.

Mynd 29. Graspallur, þar sem eitt af húsum Vorboðans stóð.

Mynd 30. Timburbátur suðaustan við Vorboðann sem gæti hafa verið notaður sem leiktæki, horft til norðvesturs.

Elliðavatn 214-79 Grundarkot

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93		Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-79	Grundarkot	Bústaður	Heimild	1900	365338	401680				Slæmt	Já

Staðhættir: Norðan við Heiðmerkurveg upp af Helluvatni, utan í einum gígnum, var líklega *Grundarkot*. Í örnefnalýsingu Elliðavatns segir: „Upp við Rauðhólana, ofanvert Sundið, var gamalt býli, sem hét Grundarkot. Það hefur líklega verið hjáleiga. Þar er mögulegt að vinnumenn frá Elliðavatni hafi búið. Þar voru tóftir, sem voru notaðar sem undirstaða undir skúr (vatnsveituskúr, sem var undir Norðlingaholti og var dreginn yfir Engjarnar á ís), sem Brynjólfur Björnsson tannlæknir og Lúðvík Kaaber notuðu síðan fyrir sumarbústað. Tvívegis var byggt við hann. Kristján Guðlaugsson og kona hans eignuðust hann og fluttu hann þá til (1984-1990), ofar, en hann stendur utan í hól eða gíg en stóð á grasbala fyrir framan Hvamminn, en svo er gígurinn sjálfur oft nefndur.“[74] Engin hjáleiga hét Grundarkot samkvæmt jarðabókinni.[75]
Lýsing: Þar sem sumarhúsið stóð áður, samkvæmt loftmyndum, á suðvesturbrún á stórum sporöskjulöguðum gervigíg, sem nefndur er „Hvammur“ í örnefnalýsingu, má nú grein hleðslur en ekki greinilegar tóftir sem gætu hafa raskast þegar skúrinn var settur niður á þær. Húsið var flutt á núverandi stað á tímabilinu 1984-1990 og nú er svæðið vaxið trjágróðri, grasi og sinu. Norðvestan við þar sem húsið stóð er greinilegt garðlag sem liggur í sveig með gígbarminum.

[72] Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Grandavegur, Eiðsgrandi, Hringbraut, Framnesvegur*. Skýrsla nr. 114 í skýrsluröð Borgarsögusafns Reykjavíkur. Reykjavík 2004, bls. 18. – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Síðari hluti. Reykjavík 1994, bls. 144 og 388. – Símon Jóh. Ágústsson: "Barnavernd". *Félagsmál á Íslandi*. Ritröð: Saga Alþingis IV. Reykjavík 1942, bls. 183-198.
[73] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi. Reykjavík 1991, bls. 10.
[74] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Loftmyndir. Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-2.
[75] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi.

Mynd 31. Horft til suðausturs yfir svæðið þar sem bústaðurinn stóð skv. loftmyndum, á tóftum Grundarkots.

Mynd 32. Hleðslur og til vinstri er garðlag sem liggur með gígbarminum, horft til vesturs.

Elliðavatn 214-91 Stóri-Rauðhóll, landamerki

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-91	Stóri-Rauðhóll	Landamerki	Heimild	1881	365970	402043			Slæmt	Að mestu

Staðhættir: „Stóri-Rauðhóll var landamerki samkvæmt landamerkjalýsingu frá árinu 1881 og svo upp eftir sem Bugða ræður. Þar til kemur í beina stefnu frá norðri til suðurs í *Stóra-Rauðhól* og þaðan í sömu stefnu í *Réttarklif*, og svo í Markhól.“[76] Í örnefnalýsingu segir Eggert Guðmundsson Norðdahl að mörg forn örnefni hafi verið í Rauðhólum en öllu hafi verið rótað með rauðamalartekju. „Norðaustast í þeim var stór og merkilegur gígur sem hét *Kastali*, er skemmdur. Þar vestur af var *Stóri-Rauðhóll*, af honum sést ekki urmull. Þar suðaustur af var Miðaftanshóll, nú óþekkjanlegur.“[77]
Lýsing: Ekki nákvæm staðsetning þar sem hóllinn er að mestu horfinn.

Elliðavatn 214-92 Sumarhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-92		Sumarhús	Heimild	1937	365329	401680	12	6	Gott	Nei

Staðhættir: Samkvæmt örnefnalýsingum Elliðavatns var gamalt býli sem hét Grundarkot við Helluvatn.[78] Tóftir þess voru síðar notaðar „sem undirstaða undir skúr (vatnsveituskúr, sem var undir Norðlingaholti og var dreginn yfir Engjarnar á ís), sem Brynjólfur Björnsson tannlæknir og Lúðvík Kaaber notuðu síðan sem sumarbústað. Tvívegis var byggt við hann. Kristján Guðlaugsson og kona hans eignuðust hann og fluttu hann þá til, ofar, en hann stendur utan í hól eða gíg, en stóð á grasbala fyrir framan Hvamminn, en svo er gígurinn sjálfur oft nefndur.“[79] Staðsetning sumarhússins sést á korti frá árinu 1937 og loftmynd frá 1954.
Lýsing: Sumarhúsið stendur enn og samkvæmt loftmyndum hefur það verið flutt austar á lóðina á árunum 1984-1990. Kringum húsið var lóðin sléttuð og trjám plantað.[80]

Mynd 33. Sumarhúsið á loftmynd frá 1954 þar sem það stóð áður á suðvesturbrún gervigígs sem nefndur er Hvammur, sunnan og vestan við er vatnsáll sem hefur líklega verið hluti af Helluvatni áður en vegurinn var lagður.[81]

[76] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-1.
[77] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Hólms 181149-213-1, bls. 2, 181149-213-2, bls. 3.
[78] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-1 og 2.
[79] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-1 og 2.
[80] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Loftmyndir.
[81] LMÍ: Loftmynd LI204-L12-0237 fluglína Elliðavatn – Hliðnes.

Mynd 34. Loftmynd frá árinu 2020. Á myndinni má sjá núverandi staðsetningu hússins en fyrri er merkt með gulri punktalínu þar sem talið er að tóftir Grundarkots hafi verið.

Elliðavatn 214-96 Garðlag

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-96		Garðlag	Hleðsla	1900	365079	401783			Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Í vestanverðum Rauðhólum. Suðvestan við malbikaðan stíg sem er samsíða malarvegi er garðlag sem gæti hafa verið horn á girðingu, í framhaldi gengur garðurinn til austurs. Ekki er ljóst hvort þetta hefur verið girðing eða áveitugarðar, sjá mynd 35.
Lýsing: Mosavaxinn, grjóthlaðinn garður sunnan og vestan við lágan gervigíg. Liggur frá stígnum 27 m til vesturs og síðan hornrétt um 11 m til norðurs. Ekki er hægt að greina að garðurinn hafi legið lengra til norðurs, en á loftmyndum má greina áframhald í mýri austan við veginn.

Mynd 35. Grjóthlaðið garðlag (214-96), horft til austurs.

Elliðavatn 214-97 Vatnsveita

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-97		Vatnsveita	Leiðsla	1907-1908	365034	401664			Ómetið	Nei

Staðhættir: Vatnsleiðsla var lögð frá Gvendarbrunnum til Reykjavíkur á árunum 1908-1909. Leiðslan lá frá *Gvendarbrunnum* austan og norðan við *Hrauntúnstjörn* að *Helluvatni*, með austur- og norðurströnd *Helluvatns.* Vestur með *Heiðmerkurvegi*, yfir *Engjarnar/Sund*, sunnan við *Norðlingaholt* og gamla farveg Bugðu, austan og norðan við *Skyggni*, yfir *Vatnsendaengjar* og áfram niður Elliðaárdal að vatnsgeymunum í Rauðarárholti.
Lýsing: Greina má á loftmyndum hvar leiðslan er. Að hluta liggur gamla vatnsleiðslan á kafi í Helluvatni. Þar sem ekki var hægt að grafa leiðslurnar niður, eða erfitt að sprengja, lágu þær ofanjarðar. Þar mynda leiðslurnar hálfgerða garða þar sem hlaðið er að þeim.[82]

Mynd 36. Kort sem sýnir Rauðhóla og nágrenni árið 1937. Inn á það eru merktar lóðir, sumarhús og vatnsleiðslan (214-97) frá Gvendarbrunnum.[83]

[82] Klemens Jónsson: S*aga Reykjavíkur*, bls. 211-214.
[83] Kort frá 1937. Kortasafn Borgarsögusafns.

Mynd 37. Lagning vatnsveitunnar 1908 eða 1909. Yfirverkfræðingur framkvæmdanna, H. A. Hansen, stendur við skurðinn, en við hlið hans situr Knud Zimsen, þáverandi bæjarverkfræðingur Reykjavíkur. Í baksýn sjást Rauðhólar og Vífilsfell.[84]

Elliðavatn 214-98 Rauðhólavegur, Tinker Road

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-	Tinker Road	Vegur	Vegur	1920-40	365643	401747		5	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Vegur frá Trippanefi inn að Rauðhólum fyrir vestan Helluvatn og áfram yfir að Stekkjarholti-Sundholti að Elliðavatni. Hluti af veginum er inni á korti frá 1936, en þá lá hann að sumarhúsum sem eru norðan við Helluvatn (líklega rangt merktur inn á kortið). Á korti frá hernum 1943 er vegurinn nefndur *Tinker Road*,[85] en þá hefur hann verið lagður áfram með Helluvatni að norðan og að gamla Elliðavatnsveginum (214-40), sem lá frá Bugðu að Stekkjarholti. Er líklegt að þessi spotti með Helluvatni að norðan sé eftir herinn.
Lýsing: Vegstæðið er notað ennþá að hluta, malarborið og nefnist þá Heiðmerkurvegur.



Mynd 38. Kort frá árinu 1936. Líklega er villa í kortinu en vegurinn var lagður frá Trippanefi eins og blýantsteikningin á kortinu sýnir. Kortið til hægri er frá árinu 1943 og sýnir veginn eftir að herinn hefur framlengt hann að gamla Elliðavatnsvegi 214-40. Hrauntúnstjörn á kortum á að vera Helluvatn.

[84] Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-1749. Ljósmyndari Pétur Brynjólfsson. Upplýsingar um myndefni: Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 95.
[85] Army map service. U.S. Army. Washington D.C. 103863. 10-43. A.M.S. C861. First Edition 1943. Reykjavík, Iceland.

Elliðavatn 214-101 Herminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-101	Skotmanna-hóll	Grunnur Skotgröf	Steinsteypa	1940	365446	402012	7	7	Gott	Nei

Staðhættir: Uppi á Skotmannahól í Rauðhólum er steinsteyptur grunnur, líklega vatnstankur sem tilheyrði „Camp Tinker“ og ofan við hann efst uppi á hólnum eru leifar af mannvirki, sennilega skotgröf. Í lægð austan við er stór, djúpur, steinsteyptur grunnur (214-102).
Lýsing: Steinsteyptur, ferhyrndur grunnur, 7x7 m, fylltur möl. Upp úr veggjunum standa járnteinar með ákveðnu millibili. Grunnurinn er nokkuð heillegur en byrjað að molna utan af honum. Leifar af mannvirki, sennilega skotgröf, eru 6 m ofan og norðan við grunninn og eru járnleifar í jarðveginum.

Mynd 39. Vatnstankur (214-101), horft til suðurs.

Mynd 40. Skotgröf efst á Skotmannahól og steinsteyptur grunnur (214-101), horft til suðausturs.

Mynd 41. Leifar af mannvirki, sennilega skotgröf, efst á Skotmannahól, horft til norðurs að Hólmavaði.

Mynd 42. Leifar af mannvirki, sennilega skotgröf, efst á Skotmannahól, horft til austurs að Vífilsfelli.

Mynd 43. Leifar af mannvirki, sennilega skotgröf, efst á Skotmannahól, horft til norðurs.

Elliðavatn 214-102 Herminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-102		Grunnur	Steinsteypa	1943	365476	402034	31	12,5	Gott	Nei

Mynd 44. Steinsteyptur grunnur (214-102), horft til suðvesturs að Skotmannahól en efst á honum má sjá leifar af skotgröf.

Staðhættir: Austan við Skotmannahól er stór grunnur frá tímum hersetunnar. Grunnurinn er um 23 m vestur af steyptum grunni (214-101) á Skotmannahól, og er annar af tveimur djúpum braggagrunnum á svæðinu sem hýsti loftvarnastjórnstöðina og loftskeyta- eða fjarskiptamiðstöðina.
Lýsing: Stór og djúpur steinsteyptur grunnur. Grunnurinn hefur verið niðurgrafinn um 2 m. Steypa í veggjum er heilleg með fínpússningu sem hefur víða dottið af. Steypustyrktarjárn ganga upp úr með ákveðnu millibili, mögulega festingar. Gólfið, sem hefur verið steypt í einingum, er mosa- og grasivaxið og trjágróður hefur stungið sér niður í einu horninu. Við norðurgafl er lítill, ferhyrndur, steyptur kassi með þremur stútum á tveimur hliðum.

Mynd 45. Steinsteyptur grunnur (214-102), horft til norðurs að Hólmavaði í Norðlingaholti.

Mynd 46. Steyptur kassi við norðurgafl (214-102), horft til suðurs.

Elliðavatn 214-103 Herminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-103		Grunnur	Steinsteypa	1940			31	12,5	Gott	Nei

Staðhættir: Norðaustan við Skotmannahól í Rauðhólum er stór grunnur frá tímum hersetunnar, um 78 m norðaustur af öðrum (214-102) sem er austan við hólinn. Þetta er annar af tveimur djúpum braggagrunnum á svæðinu sem hýstu loftvarnastjórnstöðina og loftskeyta- eða fjarskiptamiðstöðina.
Lýsing: Stór og djúpur steinsteyptur grunnur. Grunnurinn hefur verið niðurgrafinn um 2 m. Steypa í veggjum er heilleg, nema á gafli við suðausturhorn, með fínpússningu sem hefur víða dottið af. Steypustyrktarjárn ganga upp úr með ákveðnu millibili, mögulega festingar. Gólfið hefur verið steypt í einingum, er mosa- og grasivaxið og trjágróður hefur stungið sér niður víða í grunninum.

Mynd 47. Steinsteyptur, djúpur grunnur (214-103) frá tímum hersetunnar, horft til norðurs.

Mynd 48. Steinsteyptur, djúpur grunnur (214-103) frá tímum hersetunnar, horft til vesturs.

Elliðavatn 214-104 Herminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-104		Varðstöð	Hleðsla	1940	365106	401930	3	3	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Hóll á vestanverðu Rauðhólasvæðinu, við Hólatagl sunnan við malarborinn reiðstíg.
Lýsing: Keilulaga hóll að mestu gróinn grasi, mosa og lyngi. Efst á honum er grjóthleðsla með járnröri. Hefur sennilega verið varðstöð á tímum hersetunnar.

Mynd 49. Hóllinn Einbúi á vestanverðu Rauðhólasvæðinu. Efst á honum er hleðsla með járnröri (214-104). Horft til vesturs að Elliðavatni.

Mynd 50. Einbúi, horft til norðurs.

Mynd 51. Hleðsla með járnröri efst á hól, horft til norðurs.

Mynd 52. Hleðsla með járnröri efst á hól, horft til norðvesturs.

Elliðavatn 214-105 Herminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-105		Grunnur	Steinsteypa	1940	365582	402024	21,5	7,1	Gott	Nei

Staðhættir: Um 112 m austur af Skotmannahól í Rauðhólum, við lágan malarhól, er grunnur frá tímum hersetunnar.
Lýsing: Heillegur steinsteyptur grunnur, lítillega niðurgrafinn. Steypa í veggjum er heilleg, aðeins mosa- og grasivaxið. Gólf hefur verið steypt í einingum.

Mynd 53. Grunnur (214-105) í Rauðhólum, horft til vesturs að Skotmannahól.

Mynd 54. Grunnur (214-105) í Rauðhólum, horft til austurs, í fjarska er Fjárborg.

Elliðavatn 214-106 Rúst-herminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-106		Útihús Herminjar	Rúst	1850	365409	402002	25	7,5	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Um 30 m suðvestur undir Skotmannahól í Rauðhólum, á grasigrónu svæði. Torkennileg rúst sem gæti í upphafi hafa verið útihús frá Elliðavatni og seinna hafi herinn grafið skurð upp úr henni miðri og nýtt sem skotgröf. Ómar Smári Ármannsson fornleifafræðingur telur að þetta geti verið skáli eins og kemur fram á vefsíðu Ferlis..[86] Nauðsynlegt er að fornleifarannsókn fari fram til að skera úr um það.
Lýsing: Rústin er ílöng og liggur NV-SA, líklega dyr í NV. Hægt er að greina tvö hólf og er nyrðra hólfið 13 m en það syðra um 7 m að lengd. Veggir eru um 2 m breiðir og grónir, ekki sér í steina. Hugsanlegt er að veggir séu bogadregnir. Svæðið er allt mjög grasi gróið.

Mynd 55. Rúst (214-106) suðvestan undir Skotmannahól, horft til suðvesturs.

[86] Af síðu Ferlis, þar sem þetta er talinn vera skáli, https://ferlir.is/raudholar-tilurd-vorbodinn-utiskemmtanir-og-skali/. Fórum og hittum Ómar Smára Ármannsson fornleifafræðing á staðnum og skoðuðum staðinn 9.6. 2021, en áður hafði hann verið skráður sem herminjar.



Mynd 56. Til vinstri er horft eftir rúst í suðaustur, til hægri er sýnd staðsetning rústarinnar vestan undir Skotmannahól og útlínur hennar.

Hólmur 213-9 Miðaftanshóll, eyktamark

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-9	Miðaftans-hóll	Eyktamark	Heimild		366084	401904			Slæmt	Nei

Staðhættir: Rauðhólar eru fjöldi gervigíga sem urðu til þegar Leitarhraun rann fyrir 5200 árum.[87] Malarnám hefur sett svip sinn á suðausturhluta Rauðhóla, en talið er að Ólafur Thors hafi fyrstur leyft mönnum að taka úr möl úr Rauðhólum.[88] Síðar, eða við gerð Reykjavíkurflugvallar, hófst mikil efnistaka í Rauðhólum. Erfitt er að finna hin gömlu örnefni í Rauðhólum vegna skemmda. Stóri gígurinn norðaustast í Rauðhólum hét Kastali. Að honum liggur vegur þeirra sem tóku rauðamöl. Vestur af honum var Stóri-Rauðhóll, en hann er alveg horfinn. Þar suðaustur af var Miðaftanshóll, einnig horfinn eða óþekkjanlegur.[89] Miðaftanshóll var eyktamark frá Hólmi.
Lýsing: Hóllinn er mikið laskaður.

Hólmur 213-44 Vegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-44		Vegur	Heimild		366213	401648			Ómetið	Já

Staðhættir: Austan við Fossnes er vað (213-43) á Hólmsá. Á korti frá 1909[90] sem sýnir Suðurlandsveg er teiknaður inn gamall slóði að Elliðavatni (heil einföld lína), sjá mynd 12.
Lýsing: Horfinn.

Hólmur 213-69 Borhola

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-69		Borhola	Steypa	1950	366165	402059	3,5	1,5	Gott	Nei

Staðhættir: Borhola við austanverða Rauðhóla, 32 m norðvestur af reiðvegi sem áður var gamli Rauðhólavegur. Norðan og vestan við eru þrjár ryðgaðar tunnur með steypu í.
Lýsing: Borholustúturinn er í steyptum stalli við norðvesturendann á steyptum, ílöngum stöpli sem er um 30 cm hærri. Fyrir framan stallinn er viðarborð og framan við það er járnrör. Steypan er heil, aðeins mosavaxin og ryð er utan á stútnum.

---

[87] Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson: *Rauðhólar í Heiðmörk*, bls. 6.
[88] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Hólms 181149-213-2.
[89] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Hólms 181149-213-2.
[90] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.

Mynd 57. Borhola (213-69) austan við Rauðhóla, horft til austurs.

Hólmur 213-70 Brú á Rauðhólavegi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-70	Rauðhóla-vegur	Brú	Heimild	1926-2013	366211	402048	6	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Timburbrú (213-70) var á gamla Rauðhólaveginum (213-76). Rauðhólavegur lá frá gamla Suðurlandsveginum (213-34) um Trippanef, yfir Hólmsá/Bugðu og áfram að Rauðhólum. Brúin sést á loftmyndum til 2013.
Lýsing: Brúin er horfin, en þar er nú ræsi úr járni.

Mynd 58. Brúarstæðið (213-70) við Rauðhóla, á gamla veginum (213-76). Þar er nú ræsi úr járni. Horft til austurs.

Hólmur 213-76 Rauðhólavegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-76	Rauðhólavegur	Vegur	Vegur	1926-1970	366244	402059	308	5	Gott	Nei

Staðhættir: Gamli vegurinn (213-76) liggur aðeins vestar en núverandi vegur að Rauðhólum, sem nefndur er Heiðmerkurvegur. Hann lá frá gamla Suðurlandsveginum (213-34) um Trippanef, á brú (213-40) yfir Bugðu/Hólmsá og áfram að Rauðhólum og þaðan í vestur sunnan í hólunum. Vegagerðin lagði veginn árið 1926.[91] Meðfram veginum að sunnanverðu er lágt garðlag, sem gæti hafa tilheyrt fyrrum áveitu á þessu svæði.
Lýsing: Vegurinn er enn notaður sem reiðvegur frá Trippanefi að Rauðhólum og er hann malarborinn. Trébrú (213-70) var á einhverjum tíma við Rauðhóla en eftir 2013 var sett járnrör sem er þar enn í dag, farvegurinn er nú þurr. Engar leifar sjást af brúnni (213-40) yfir Bugðu/Hólmsá yfir í Trippanef. Á Trippanefi er vegurinn að mestu horfinn í gróður, lúpínu og tré, en hægt að greina mun á jarðvegi.

Mynd 59. Rauðhólavegur (213-76) vestan við Trippanef að Rauðhólum.

Mynd 60. Ræsi í árfarvegi á gömlu brúarstæði (213-70), horft til austurs.

Mynd 61. Garðlag sunnan við veginn (213-76).

Mynd 62. Grjót beggja vegna við veginn.

Hólmur 213-124 Herminjar, vegir

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-124		Vegur	Vegur Heimild	1940	366054	402087			Slæmt	Að mestu

Staðhættir: Í Rauðhólum var malartekja á vegum hersins. Þá voru lagðir vegir víða um hólana sem ekki eru í notkun lengur.[92] Efnið var aðallega notað í Reykjavíkurflugvöll og víða í götur herkampa.
Lýsing: Flestir þessara slóða eru horfnir, en nýrri teknir við.

[91] *Ísafold*, 12. júlí 1924, bls. 1, og Þórarinn Ólafsson, samtal.
[92] Kort frá Mælingadeildinni, 1962, Borgarsögusafn Reykjavíkur, kortasafn.

Gröf 260-97 Stífla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-97		Stífla	Heimild	1850	364764	401750			Ómetið	Já

Staðhættir: Inn á uppdrátt eftir Steindór Björnsson frá 1902 er merkt stífla á þeim stað sem nú er austan við húsið Sólbrekku (Selásblett 31), sjá mynd 63.[93] Talið er að stífla þessi hafi verið á móts við áveitugarð sem liggur frá Bugðu í átt að Kílnum. Í Örnefnaskrá segir: „Við stíflugerðina við Taglið vildi fara vatn upp í Dælurnar líka, og fór þá vegurinn í kaf. Við Hólataglið var gerð stífla (úr timburplönkum) til að ná vatni í áveitur á Sundið og Engjarnar."[94]
Lýsing: Engar minjar fundust á staðnum, en áveitugarður 214-37 er í austur frá líklegri staðsetningu.



Mynd 63. Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson af Klapparmóum (nú Norðlingaholti og nágrenni). „Gamli vegurinn", forveri Suðurlandsvegar, er merktur rauður. Vegurinn um Markargróf er grænn og Suðurlandsvegur svartur. Vegurinn um Klapparholt að Elliðavatni „Gamli Elliðavatnsvegur" er merktur blár. Neðarlega á kortinu, í hægra horninu, er merkt inn stífla í Bugðu, sjá 260-97.[95]

[93] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar 181179-260-3.
[94] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-2.
[95] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar 181179-260-3.

Gröf 260-121 Klapparholtsvað

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-121	Klapparholts-vað	Vað	Vað	1000-1902	365073	402513	6	2	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á uppdrætti Steindórs Björnssonar frá árinu 1902 er merkt inn Klapparholtsvað á Bugðu, sjá mynd 63.[96] Vaðið er á ánni þar sem gamli vegurinn að Elliðavatni (260-153) liggur niður að Bugðu. Síðar var reist brú á svipuðum stað og eru leifar hennar þarna við ána. Vaðið er um 116 m suður af Hólavaði 75.
Lýsing: Vaðið er nokkuð djúpt.

Gröf 260-154 Dísardalur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-154	Dísardalur	Íbúðarhús	Heimild	1935-1987	365864	402497	8,6	7,4	Ómetið	Já

Staðhættir: Sunnan við Suðurlandsveg, norðan við Bugðu og suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1930 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Húsið Dísardalur var byggt 1935 (260-154).[97] Dísardalur (Dísadalur) var sunnan við Suðurlandsveg norðan við Bugðu, næsti blettur austan við Sólnes. Samkvæmt brunavirðingu var íbúðarhúsið byggt 1935 úr bindingi og klætt að utan með borðum, pappalistum og járni á veggjum og þaki. Í því voru þrjú herbergi, eldhús, anddyri og geymsla. Steinsteyptur kjallari var undir húsinu að hluta og þar voru miðstöðvarherbergi og geymslur.[98] Í Dísardal var landsímastöð til 12. júlí 1961, en þá var stöðin lögð niður.[99] Flutt var úr húsinu 1987[100] og í kjölfarið var það rifið.
Lýsing: Húsið er horfið. Á blettinum eru allnokkur ummerki eftir búsetu. Afleggjari frá Suðurlandsvegi að húsinu er greinilegur og fyrir ofan bæjarstæðið er stölluð brekka. Einnig ræktunarreitir, kartöflugeymsla og tóft.

Mynd 64. Dísardalur, bæjarstæði (260-154), horft til norðausturs.

[96] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar 181179-260-3.
[97] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.
[98] Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Bók 01-07-143 til 10-05-1945 Aðfnr. 749. Brunabótanúmer. 4351. Brunabótavirðing dags. 16.10.1943, bls. 117.
[99] *Póst- og símatíðindi* 1.9.1961, bls. 4.
[100] Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur, http://archive.ph/Xzmet, sótt 30.11.2020.

Mynd 65. Dísardalur, bæjarstæði (260-154), horft til austurs.

Gröf 260-155 Dísardalur, kartöflugeymsla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-155	Dísardalur	Kartöflu-geymsla	Tóft	1935-1987	365829	402530	10	6,5	Sæmilegt	Nei

Mynd 66. Kartöflukofi (260-155), horft til austurs.

Mynd 67. Kartöflukofi (260-155), horft til suðvesturs.

Staðhættir: Sunnan við Suðurlandsveg, norðan við Bugðu og suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1935 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Húsið Dísardalur var byggt 1935 (260-154).[101] Kartöflukofinn er norðvestan við bæjarstæðið.
Lýsing: Húsið er um 10x6,5 m að utanmáli og um 5x3 m að innanmáli. Hlaðið úr torfi og grjóti, torf og járn á þaki, sem nú er hrunið. Dyraumbúnaður stendur enn í suðvesturgafli.

Gröf 260-156 Dísardalur, tóft

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-156	Dísardalur	Óþekkt	Tóft	1935-1950	365886	402488	10	9	Sæmilegt	Nei

[101] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.

Staðhættir: Sunnan við Suðurlandsveg, norðan við Hólmsá og suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1935 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Húsið Dísardalur var byggt 1935 (260-154).[102] Tóftin er suðaustan við bæjarstæðið.
Lýsing: Tóftin er grafin inn í brekkuna og snýr í norðaustur-suðvestur. Gólfið er niðurgrafið í miðju og með langhliðum eru pallar. Inni í tóftinni er gamall pottofn. Líklega hefur aldrei verið reist þak yfir þessa tóft.

Mynd 68. Tóft (260-156) við bæjarstæði Dísardals, horft til suðurs.

Gröf 260-157 Dísardalur, ræktunarreitir

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-157		Ræktunarreitir	Garðlög	1935-1987	365937	402453	50	46	Gott	Nei

Staðhættir: Sunnan við Suðurlandsveg, við Bugðu á lóð Dísardals, eru ræktunarreitir.
Lýsing: Ræktunarreitirnir eru á um 50x46 m svæði og eru afmarkaðir með garðlögum úr grjóti. Austast, á lóðamörkum, er voldug garðhleðsla um ílangt svæði þar sem nú er nokkuð af trjágróðri. Á svæðinu vestan við eru afmarkaðir minni reitir og neðst eru leifar af girðingu. Inni á miðju svæðinu er lítill timburkofi. Sjá mynd við skráningu (260-154).

[102] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.

Mynd 69. Ræktunarreitir (260-157), horft til suðurs.

Mynd 70. Ræktunarreitir (260-157), horft til norðurs. Fyrir miðju í trjáþykkni er lítill kofi. Til hægri er ílangur reitur, afmarkaður með voldugum grjóthleðslum.

Gröf 260-164 Dísardalur, ræktunarreitir

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-154	Dísardalur	Ræktunarreitur	Garðlag	1935-1987	365812	402564	34	7	Gott	Nei

Staðhættir: Sunnan við Suðurlandsveg norðan við Bugðu, suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1940 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Húsið Dísardalur var byggt 1935.[103] Ræktunarreitur er norðvestan við bæjarstæðið.
Lýsing: Ræktunarreiturinn er um 34x7 m og liggur í norðvestur-suðaustur. Reiturinn er afmarkaður og skiptist upp í fimm hólf með garðlögum. Sunnan við ræktunarreitinn er vegarslóði, um 50x5 m.

Mynd 71. Ræktunarreitir (260-164) við Dísardal, horft til suðurs.

[103] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.

Gröf 260-165 Neðridalur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-165	Neðridalur	Íbúðarhús	Heimild	1935-1990	366032	402406	10	11	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið Neðridalur var byggt á einum af Baldurshagablettum árið 1935, en búið var í því til 1990.[104] Húsið var um 10x11 m að stærð og stóð suður af hesthúsi sem enn stendur á lóðinni (byggt eftir 1970). Vestar á lóðinni voru tvö stór útihús.[105]
Lýsing: Á skikanum eru töluverð ummerki eftir búsetu. Engin ummerki eru eftir íbúðarhúsið og annað hús sem stóð vestan við það á sléttuðum malarflötum. Efst norðvestan við hesthúsið er grasigróinn, steinsteyptur húsgrunnur og fyrir neðan það er sólbaðsskeifa og nokkur tré. Fyrir neðan er stallur sem á stóð hús og framan í kantinum er stór steinn og tunnur sem fylltar hafa verið af jarðvegi, steypuleifar, holsteinn, timbur o.fl. Fyrir neðan stallinn er ræktunarreitur. Fyrir neðan bæjarstæðið eru ræktunarreitir og suðaustur af því eru ummerki eftir lítil hús sem stóðu þar um tíma.

Mynd 72. Bæjarstæði Neðridals, horft til norðausturs.

Mynd 73. Steinsteyptur húsgrunnur norðvestan við hesthús, horft til suðausturs.

Mynd 74. Sólbaðsskeifa og trjálundur, horft til vesturs.

Mynd 75. Stallur sem hefur verið gerður fyrir hús, horft til suðausturs.

Mynd 76. Kantur fyrir framan stallinn, horft til norðvesturs.

[104] Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur, http://archive.ph/Xzmet, sótt 30.11.2020.
[105] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR), loftmynd 1971.

Mynd 77. Ræktunarreitir ofan við Hólmsá, horft til suðurs.

Mynd 78. Ummerki eftir lítil hús við árbakkann, horft til norðvesturs.

Gröf 260-167 Fagrabrekka

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-167	Fagrabrekka	Íbúðarhús	Steypt plata	1935-1971	366141	402347	10	11	Sæmilegt	Nei

Mynd 79. Fagrabrekka eftir brunann 1971.[106]

Staðhættir: Sunnan við Suðurlandsveg norðan við Bugðu, suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1940 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Fagridalur, áður Vetrarbraut, var byggt 1935.[107] Á bæjarstæðinu stóðu tvö hús sem brunnu 1971.[108] Eystra húsið var eldra og stóð um 10 m norður og upp af Bugðu. Í brunavirðingu frá 1943 kemur fram að húsið var steinsteypt með pappaþaki á borðsúð. Það var allt þiljað innan og málað. Í húsinu voru fjögur herbergi, eldhús og anddyri. Steinsteyptar tröppur voru við húsið og steyptur pallur með handriði fram með annarri hlið þess.[109] Annað hús var reist vestan við en ekki er ljóst hvenær það var byggt.

Lýsing: Á skikanum, sem er stallaður niður að Bugðu, eru allnokkur ummerki eftir búsetu. Við veginn (213-77) eru leifar af girðingu og annar af tveimur hliðstólpum stendur, en hinn er fallinn og liggur fyrir neðan bæjarstæðið. Þar eru tveir steinsteyptir húsgrunnar. Sá eystri, sem eldra húsið stóð á, er lúpínu- og grasi gróinn að mestu leyti og við suðurhlið eru tröppur niður á lægri flöt. Vestan við grunninn eru mosavaxnir, steinsteyptir sökklar yngra hússins, og í brekkunni vestan við hann eru steinsteyptar tröppur upp á aðra flöt. Ummerki eru eftir ræktunarreiti bæði fyrir ofan og neðan

[106] *Vísir*, 21. maí 1971, bls. 9.
[107] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.
[108] *Vísir* 21.5.1971, bls. 9 og Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur, http://archive.ph/Xzmet, sótt 30.11.2020.
[109] Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Bók 01-07-143 til 10-05-1945 Aðfnr. 749. Brunabótanúmer. 4351. Brunabótavirðing dags. 16.10.1943, bls. 118.

bæjarstæðið. Fyrir neðan húsið eru tvö garðlög sem hafa afmarkað ræktunarreiti og greinileg beð í öðrum.

Mynd 80. Bæjarstæði Fögrubrekku/Vetrarbrautar (260-167), horft til austurs. Næst eru steyptir sökklar yngra hússins, fjær þar sem rafmagnsstaurinn stendur er grunnur eldra hússins og stendur enn hliðstólpi.

Mynd 81. Mosa- og gróðurvaxnar steintröppur við suðurhlið húsgrunns eldra hússins, horft til norðurs.

Mynd 82. Bæjarstæði Fagradals, horft til norðvesturs. Yst hægra megin er vegur (213-77), þá hliðstólpinn og bæjarstæðið og vestar eru garðlög.

Gröf 260-168 Heiðarbær

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-168	Heiðarbær	Hús	Heimild	1943-1971	366100	402341	8,6	5,5	Slæmt	Nei

Staðhættir: Sunnan við Suðurlandsveg norðan við Bugðu, suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1935 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Heiðarbær var byggður 1935.[110] Íbúðarhúsið stóð um 20 m upp og austur af Bugðu, vestan við Fögrubrekku (260-167). Það var byggt úr bindingi, klætt utan með borðum á veggjum og með þaki úr báruasbesti á pappa og borðasúð. Steinsteyptur grunnur var undir húsinu. Í húsinu voru fjögur

[110] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.

herbergi, eldhús og forstofa, allt þiljað innan ýmist með panel eða krossviði og olíuborið. Veggsvalir voru út frá húsinu.[111]
Lýsing: Á spildunni eru lítil ummerki eftir búsetu. Í kanti við brún á stalli sem íbúðarhúsið stóð á eru steypuklumpar sem hafa líklega verið grunnur hússins sem hefur sennilega verið rutt út.

Mynd 83. Bæjarstæði Heiðarbæjar (260-168), Neðridals og Fögrubrekku, horft til norðausturs.

Mynd 84. Kantur við stall með grjóti og steypuklumpunum úr húsgrunni Heiðarbæjar, sem stóð þar, fyrir miðri mynd.

Gröf 260-183 Brú

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
260-183		Brú	Heimild	1906-1971	366100	402341	8,6	5,5	Slæmt	Nei

Staðhættir: Brú yfir Bugðu í framhaldi af vegi (260-153) sem lá frá Suðurlandsvegi í suðvestur að Bugðu. Hinum megin við ána er vegur (214 -40) sem lá að Elliðavatni. Hlið var á brúnni samkvæmt örnefnaskrá fyrir Elliðavatn efir Christian Zimsen.[112] Brúin sést á loftmynd frá árinu 1971. Sjá ljósmynd af brúarstæði við skráningu (214-40).
Lýsing: Horfin.

4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Á deiluskipulagsreit Rauðhóla eru skráðar minjar flokkaðar eftir aldri sem var áætlaður út frá útliti þeirra og heimildum sem vísað er til (sjá fornleifaskrár hér fyrir framan). Heildarfjöldi og aldursflokkun minja á svæðinu er sýndur í töflu 2. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára og eldri, í *rauðum flokki*. Þær eru friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði, þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar voru flokkaðar í tvo flokka. Í *gulum flokki* eru minjar sem teljast ekki til friðaðra fornleifa en verða friðaðar fornleifar á næstu átta árum. Í *grænum flokki* eru yngri minjar frá því eftir 1930. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit.* Þær eru frá árunum 1940-45 en sérstaklega er nú gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar á Reykjavíkursvæðinu. Á Rauðhólasvæðinu eru þrettán minjastaðir sem teljast til friðaðra fornleifa, þ.e. minjar 100 ára og eldri,

[111] Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Bók 01-07-143 til 10-05-1945 Aðfnr. 749. Brunabótanúmer. 4351. Brunabótavirðing dags. 16.10.1943, bls. 117.
[112] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-1.

en af þeim eru sex taldar horfnar eða mjög laskaðar. Helstu minjarnar eru áveitugarðar og vegir, auk laskaðrar rústar (214-106) sem ekki er ljóst hvaða hlutverk hafði, en hugsast getur að þar sé meintur skáli, en en ítarlegri fornleifarannsóknir þarf til að komast að því.. Yngri minjar eru fjórtán í Rauðhólum og er helst að nefna þær minjar sem tilheyrðu *barnaheimili Vorboðans* (214-78). Auk þess teljast til þessa flokks minjar frá litlum kotum, *Dísardal, Neðridal*, *Fögrubrekku* og *Heiðarbæ* sem eru á svæði norðan við Bugðu. Herminjar eru skráðar sjö, á svæðinu var Camp Tinker, þar sem voru um 70 braggar og önnur mannvirki. Einungis steyptar leifar fengu sérstök númer í þessari skráningu, svo sem steypt gólf sem hýstu loftvarnastjórnstöð og loftskeyta- eða fjarskiptamiðstöðina. Ummerki eftir mannvirki hersins er að finna víða á stóru svæði í Rauðhólum og er þetta svæði eitt af merkilegri herminjasvæðum í Reykjavík á eftir Reykjavíkurflugvelli og nágrenni hans. Nauðsynlegt er að koma upp menningarmerkingum í Rauðhólum og segja sögu setuliðins á svæðinu. *Mikilvægt er að reyna að koma í veg fyrir að skógur og lúpína vaxi upp í Rauðhólum því þessi gróður eyðir ummerkjum um minjarnar.*

Tafla 2. Aldursflokkun minja.

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks	Fjöldi minja
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	● Rauður	13
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur	3
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn	11
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	7
	Samtals		34

Þó að fornleifaskráning hafi farið fram er það ekki trygging fyrir því að áður óþekktar fornleifar séu ekki á skráningarsvæðinu. Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

5 Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarskjalasafn Reykjavíkur:

Brunabótavirðingar. Bók 01-07-143 til 10-05-1945 Aðfnr. 749. Brunabótanúmer. 4351.
Brunabótavirðing dags. 16.10.1943, bls. 117. Aðfnr. 749. Brunavirðingabók 1942-1943.

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).
- Gagnasafn um hús í Reykjavík.
- Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.
- Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík.
- Kortasafn.
  - Ýmis kort og uppdrættir.
- Skjalasafn um fornleifar.
- Rafræn gögn.
  - Ljósmyndir teknar við vettvangskönnun.
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
  - Ljósmyndir úr safneign.

Friðþór Eydal: Efni til flugvallargerðar úr Rauðhólum, 22. september 2017, óbirt.

Landmælingar Íslands:
- Loftmyndasafn.
- Kortasafn.

Skjalasafn Reykjavíkurborgar:
- Skipulagsuppdrættir.
- Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík.
- Kortasafn Mælingadeildar Reykjavíkur.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:
- Örnefnasafn.
- Örnefnalýsing Elliðavatns 1811501-1-3.
- Örnefnaskrá Grafar 181179-1-3.
- Örnefnalýsing Hólms 181149-213 1-3.
- Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.

Þjóðminjasafn Íslands:
- Ljósmyndir úr safneign.

Þjóðskjalasafn Íslands:
- Skjalaskrá. Túnakort.
- Manntöl.

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Alþýðublaðið, 22. júní 1933.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá*. Skýrsla nr. 207, 2021.

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, *Gullbringu- og Kjósarsýsla*, 2. útg. [ljósprentun]. Hið íslenzka fræðafélag. Kaupmannahöfn 1923–1924.

Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur.* Land og saga.

C.F. Dunn and Frank Muscroft: *Garrison in Iceland*.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Skýrsla nr. 183. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Reykjavík 2017.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 4. bindi - *Lykilbók*. Örn og Örlygur. Reykjavík 1989.

Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur. Ritstj. Guðmundur Daníelsson. Reykjavík 1968.

Friðþór Eydal: *Kampar í Kópavogi. Herbúðir bandamanna í landi Kópavogsbæjar og næsta nágrenni í síðari heimsstyrjöld,* Smárit Sögufélags Kópavogs og Héraðskjalasafns Kópavogs II, Kópavogur 2013.

Gísli Sigurðsson: Lesbók Morgunblaðsins 19. febrúar 2000.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: Erlend nöfn á Innnesjum. Arfur seinni heimsstyrjaldar í örnefnum á höfuðborgarsvæðinu. Orð og tunga.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Síðari hluti. Reykjavík 1994.

Ísafold, 12. júlí 1924.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn, I.–XV. bindi. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857–1950.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Steindór Gunnarsson. Reykjavík 1929.

Komorowics, Maurice: Vulkanologische Studien auf Einigen Inseln des Atlantischen Oceans. Stuttgart: E. Schweizerbart'sche Verlagsbuchhandlung. Nägele und Dr. Sproesser. 1912.

Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson: *Rauðhólar í Heiðmörk*, skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands NÍ, 20009 Garðabær 2020.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Morgunblaðið, 21. maí 1941.

Páll Líndal: *Reykjavík*: *Sögustaður við Sund.* 1. bindi. Örn og Örlygur. Reykjavík 1987.

Páll Líndal: *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 2. bindi. Örn og Örlygur. Reykjavík 1987.

Páll Líndal: *Reykjavík: Sögustaður við Sund.* 3. bindi. Örn og Örlygur. Reykjavík 1989.

Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Grandavegur, Eiðsgrandi, Hringbraut, Framnesvegur*. Skýrsla nr. 114 í skýrsluröð Borgarsögusafns Reykjavíkur. Reykjavík 2004.

Póst- og símatíðindi 1.9.1961.

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019. Stjórnartíðindi. B-deild - Útgáfudagur: 1. júlí 2019.

Símon Jóh. Ágústsson: "Barnavernd". Félagsmál á Íslandi. Ritröð: Saga Alþingis IV. Reykjavík 1942.

Sumarliði R. Ísleifsson: *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921-1998.*

Vísir, 21. maí 1971.

Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*. Vaka-Helgafell. Reykjavík 2002.

Þjóðólfur: 25. júlí 1860.

Þjóðviljinn: 3. febrúar 1961.

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Rauðhólar, skiplag í kynningu, sótt 1. júlí 2021
https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/raudholar-0

Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sótt 1. apríl 2021
https://reykjavik.is/thjonusta/landupplysingar-lukr

Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur, Borgarvefsjá. Sótt 1. apríl 2021
http://arcgis.reykjavik.is/borgarvefsja/.

Sarpur, menningarsögulegur gagnagrunnur, http://www.sarpur.is/

Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur: Sótt 5. apríl. 2021 af http://archive.ph/Xzmet

Vefur Minjastofnunar Íslands: https://www.minjastofnun.is/

Skráningarstaðlar fornleifa. 2013.

Skil á fornleifaskráningargögnum, Landsupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn.

Lög um menningarminjar 80/2012.

https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html

Lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000.

https://www.althingi.is/lagas/nuna/2000106.html

Viðmælendur

Þórarinn Ólafsson, samtal.

Viðauki 1

Minjatafla fyrir skráningarsvæðið

Elliðavatn 181150-214

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
214-37		Áveita	Garður	●1850-1937	364895	401778		1	Sæmilegt	Nei
214-38		Stekkur	Heimild	●1800	365093	401505	3	2,5	Ómetið	Já
214-40	Gamli Elliðavatnsvegur	Vegur	Vegur	●1860-1870	364994	402406	968	2	Slæmt	Nei
214-77	Camp Tinker	Herbúðir, Ratsjárstöð	Steyptur grunnur	●1940	365431	402162			Sæmilegt	Nei
214-78	Vorboðinn	Barnaheimili	Heimild	●1933-1942	365135	401975	32	20	Ómetið	Já
214-79	Grundarkot	Bústaður	Heimild	●1900	365338	401680			Slæmt	Já
214-91	Stóri-Rauðhóll	Landamerki	Heimild	●1800	365970	402043			Ómetið	Að hluta
214-92	Br. Björnsson sumarhús	Sumarhús	Heimild	●1937	365329	401680	12	6	Gott	Nei
214-96		Garður	Hleðsla	●1900	365079	401783			Sæmilegt	Nei
214-97		Vatnsveita	Vatnsrör	●1907-1908	365034	401664			Ómetið	Nei
214-98	Rauðhólavegur, Tinker Road	Vegur	Vegur	●1920-1945	365643	401747			Gott	Nei
214-101	Skotmannahól	Skotgröf	Steinsteypa	●1940	365446	402012	7	7	Gott	Nei
214-102		Herminjar	Steinsteypa	●1940	365476	402034	31	12,5	Gott	Nei
214-103		Herminjar	Steinsteypa	●1940	365529	402128	31	12,5	Gott	Nei
214-104		Varðstöð	Hleðsla	●1940	365106	401930	3	3	Sæmilegt	Nei
214-105		Herminjar	Steinsteypa	●1940	365582	402024	21,5	7,1	Gott	Nei
214-106		Útihús	Rúst	●1850	365409	402002			Sæmilegt	Nei
213-9	Miðaftanshóll	Eyktarmark	Heimild	●1800	366084	401904			Ómetið	
213-70	Rauðhólavegur	Brú	Heimild	●1926-1990	366211	402048	6	5	Ómetið	Já
213-76	Gamli Rauðhólavegur	Vegur	Vegur	●1926	366354	402158	380	5	Gott	Nei
213-44		Gata	Heimild	●1850	366213	401648			Ómetið	Já
213-69		Borhola	Steypa	●1950	366165	402059	3,5	1,5	Gott	Nei
213-124		Vegur	Heimild	●1940	366054	402087			Slæmt	Að mestu
260-97		Stífla	Heimild	●1900	364764	401750			Ómetið	Já
260-121	Klapparholtsvað	Vað	Vegur	●1800-1900	365073	402513	6		Sæmilegt	Nei
260-155	Dísardalur	Kartöflugeymsla	Tóft	●1935-1987	365829	402530	10	6,5	Sæmilegt	Nei
260-156	Dísardalur	Óþekkt	Tóft	●1935-1987	365886	402488	10	9	Gott	Nei
260-157	Dísardalur	Ræktunarreitur	Garðlag	●1935-1987	365937	402453	50	46	Sæmilegt	Nei
260-164	Dísardalur	Ræktunarreitur	Garðlag, Matjurtagarður	●1935-1987	365812	402564	34	7	Gott	Nei
260-165	Neðridalur	Íbúðarhús	Heimild	●1935-1990	366032	402406	11	10	Ómetið	Já
260-167	Fagrabrekka	Íbúðarhús	Steypt plata	●1933-1971	366141	402347	10	11	Ómetið	Nei
260-168	Heiðarbær	Hús	Heimild	●1943-1971	366100	402341	8,6	5,5	Slæmt	Nei
260-183		Brú	Heimild	●1906-1954	365073	402513			Ómetið	Já

Viðauki 2

Minjakort fyrir skráningarsvæðið[113]



[113] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

162 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur.* Rvk. 2013.

163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.

164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.

165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.

166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.

167 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.

168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.

169 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.

170 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.

171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.

172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.

173 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.

174 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.

175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.

176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi.* Rvk. 2016.

177 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.

178 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.

179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016.* Rvk. 2017.

180 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning.* Rvk. 2017.

181 María Gísladóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2017.

182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Elliðaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.

183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.

184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitur. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.

185 Anna María Bogadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2017.

186 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.

187 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals.* Rvk. 2017.

188 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes.* Rvk. 2018.

189 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsá að Hvalfirði.* Rvk. 2018.

190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017.* Rvk. 2018.

191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi.* Rvk. 2018.

192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði.* Rvk. 2018.

193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut.* Rvk. 2018.

194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli.* Rvk. 2018.

195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár.* Rvk. 2019.

196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019.

197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018.* Rvk. 2019.

198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.

199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða.* Rvk. 2019.

200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019

201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags.* Rvk. 2019.

202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019.* Rvk. 2020.

203 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Elliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2020.

204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2020.

205 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.

206 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

207 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir:. *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

210 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*. Fornleifaskrá. Rvk. 2021.

211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

212 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir*: Ártúnshöfði. Fornleifaskrá.* Rvk. 2021.

213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir*: Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021.* Rvk. 2021.

214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.

215 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu.* Rvk. 2021.

216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.

USK Skipulag

Frá: Unnsteinn Gíslason - SLS <Unnsteinn.Gislason@skipulag.is>
Sent: þriðjudagur, 6. júlí 2021 09:54
Til: USK Skipulag
Efni: Deiliskipulag fyrir Rauðhóla

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Til viðkomandi.

Skipulagsstofnun hefur borist tillaga að deiliskipulagi Rauðhóla til skoðunar.
Ekki er gerð athugasemd við tillöguna.

Kveðja,

Unnsteinn Gíslason
sérfræðingur, svið deiliskipulags / Specialist, Neighbourhood and Site Planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Unnsteinn.Gislason@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

USK Skipulag

Frá: Sveinbjörn Guðjohnsen [redacted]
Sent: miðvikudagur, 7. júlí 2021 19:21
Til: USK Skipulag
Afrit: sveinbjorn@heimsnet.is
Efni: Deilskipulag v. Rauðhólar
Viðhengi: fr_20170219_056488[1] - Copy.jpg; 20210626_172537_resized.jpg; 20181118_140132-min.jpg; 20181118_153737-min.jpg

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Góðan daginn

Hluti af skipulagi Rauðhóla er brúin yfir Bugðu neðst við Elliðavatn. Brúin er of lítil. (sjá mynd)
Áin stíflast v/ krapa og eða mikillar úrkomu, næstum á hverju ári og stundum oftar en einu sinni hverju ári, Þetta er vatnasvæði sem nær undir Rauðhólana.
Reiðleiðin í gegnum Rauðhólana fer á kaf í vatni verður ófær og hættuleg.
Eftir þessi flóð er reiðvegurinn illa farinn og hættulegur vegan sprungna og sink hola, þar sem hestar sökkva skyndilega. Kostnaður fylgir þessum lagfæringum.

Brúin er of litil aðeins 5 metrar a milli veggja sem annar engan vegin því vatni sem þarf að renna þar um.
Trúlega þyrfti brúin að vera 3 til 4 sinnum stærri til að anna mestu flóðunum.
Báðum megin árinnar við þessa brú eru hólar með(brunnum) fyrir vatn frá Gvendarbrunnum sem hindra að vatn komist áfram.

Þegar þessi flóð eru þá ná þau upp að veginum sem fer frá Suðurlandsvegi inní Rauðhóla og svæðið verður umflotið. Einnig fara göngustígar í Norðlingaholti á flot og hættulega nærri húsum í Norðlingaholti. (hvað gerist þegar 50 eða 100 ára flóðin kom næst)
Voru síðast 1978 eða 1979.
Meðan á flóðum stendur synda seiði þ.e. Urriði ,Bleikja, Silungur og laxaseiði árinnar út á engjarnar Dælur og Hólmsengjar.
Þar drepast þau í pollum þegar flóðið rénar, Þetta veldur lélegum stofnum fiska bæði í Bugðu Hólmsá og Elliðarám.
Misjafnt er hvað þetta þornar upp á vorin. Sem eyðleggur fyrir fuglavarpi.
Vaðfuglar og Gæs verpa þarna með misjöfnum árangri.

Myndir sem fylgja eru eftir smá rigningar (sjá viðhengi)
Svo er einnig vídjó sem sýnir hvernig þetta safnast:
https://www.youtube.com/watch?v=nBAcVrZvYTA

Hvað verður gert í framtíðinni varðandi þessi mál?

Óska eftir svari

_____
Kv. Sveinbjörn Guðjohnsen
Formaður Fjáreigendafélags Reykjavíkur

Og í Reiðveganefnd Fáks

Reykjavík 07.07.2021

Deiliskipulag Rauhóla

Um leið og við fögnum deiliskipulagi Rauðhóla og mörgum góðum tillögum í því skipulagi, þá eru nokkur atriði sem okkur langar að benda á að þurfi að lagfæra.

1. Það þarf að bæta við einni tengingu þannig að það hægt sé að ríða stærri hring um hólana.
   Í tillögunni er búið að taka núverandi reiðslóða norðan við hólana undir gönguleið, en tveir litlir hringir lagði fyrir ríðandi umferð í staðinn. Við leggjum til að lögð verði leið sem tengir þessa minni hringi saman þannig að einn stór hringur verði líka til. Sjá teiknað með rauðu á meðfylgjandi PDF skjal.

2. Ég myndi líka vilja benda á að það sem kallað er gönguleið í greinargerðinni hefur í raun alltaf verið notuð sem reiðleið og skapar hringinn sem við erum vön að ríða. Þess vegna er mikilvægt að við höldum stórri hringleið, þó gönguleiðin fái að mestu leiti leiðina sem við höfum notað.

3. Við fögnum því að malbikuð leið sé lögð utan við hólana og ekki í gegnum þá. En við höfum efasemdir um að hægt sé að koma fyrir meðfram núverandi vegi, bæði hjólaleið og reiðleið, þar sem mjög þröngt er akkúrat á þeim kafla þar sem það á að fara saman.
   Við leggjum því til að reiðleiðatengingin verði færð vestur fyrir lóðina sem þrengir að veginum á þessum stað og valin leið þar sem hægt er að sneiða hjá núverandi votlendi -sjá mynd fyrir neðan.

4. Það þarf að bæta við einni áningu hestamanna að austanverðu í hólunum í stað þeirrar sem núna er út við veg og var tekin út.

5. Við erum mjög ánægð með tillöguna um nýja reiðleið að Heiðmörk nær Elliðavatni, en bendum á að hún þarf að færast aðeins fjær núverandi vegi.
   með því að sleppa leiðinni meðfram bílveginum og tengjast leiðinni sem við leggjum til að vestanverðu myndi þetta leysast vel.
   Sjá meðfylgjandi mynd.

6. Það hefði verið fróðlegt að sjá hvernig ný brú verður leyst inn í Heiðmörk þar sem allir ferðamátar sameinast um að nota.
   Í athugasemdum okkar við skipulagslýsinguna bentum við á möguleika að gera nýja brú fyrir gangandi/hjólandi- og ríðandi umferð, sem okkur skildist að hefði verið skoðuð en horfið frá. Setjum hér að gamni með fyrri tillögu sem við sendum með þeim athugasemdum.

7. Sveinbjörn Guðjohnsen hefur bent á að núverandi göngubrú við vaðið á Bugðu þrengi of mikið að rennsli árinna að Elliðavatni og valdi flóðum alla leið að Suðurlandsvegi. Þetta er kannski eitthvað sem vert væri að skoða betur.

Reiðveganefnd Fáks vill sérstaklega þakka fyrir ánægjulegt samstarf í þessu mikilvæga verkefni og vonum við að þessir punktar sem við sendum hér nái inn í tillöguna þegar farið verður yfir athugasemdir.

Fyrir hönd Fáks
formamaður reiðveganefndar

Dagný Bjarnadóttir



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Fólkvangur
- Vegur
- Heimreið (til skýringar)
- Stofnstígur
- Útivistarstígur
- Náttúrustígur
- Reiðleið
- Bílastæði
- Áningarstaður
- Áningarstaður hestamanna
- Útsýnisstað
- Fornleifar 100 ára og eldri
- Fornleifar 1920-1930
- Fornleifar <1930
- Fornleifar <1940
- Endurgerð brúar yfir Helluvatn (byggingarreitur)
- Brunnsvæði vatnsverndar
- Fjarsvæði B
- Brú

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____

þann _____ 202__ og í

_____

þann _____ 202__.

Tillagan var auglýst frá _____ 202__ með athugasemdafresti til _____ 202__ . Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 202__.

_____.

RAUÐHÓLAR

LANDMÓTUN

RAUÐHÓLAR-FÓLKVANGUR

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAG

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRÁTTUR

01

Tillaga að legu reiðleiðar í stað þeirrar sem sýnd var meðfram bílvegi.

Eldri tillaga sem send var með athugasemdum við skipulagslýsingu, hér er sérstaklega bent á tillögu að nýrri brú fyrir gangandi/hjólandi- og ríðandi umferð.
Það má líka benda á að í þessari tillögu fær núverandi hringleið fyrir ríðandi umferð að halda sér, en gangandi fá að ferðast um ósnortnu sprengigígana á mjóum gönguslóða.

USK Skipulag

Frá: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: 15. júlí 2021 08:55
Til: USK Skipulag
Efni: Re: Rauðhólar, auglýsing

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202106-0019 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar dags. 9. júní 2021, þar sem auglýst er tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhólafólkvang. Náttúrufræðistofnun Íslands veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulagsins þann 26. maí 2020. Þar kom fram að Náttúrufræðistofnun fagnaði vinnu við nýtt deiliskipulag á svæðinu en einnig var bent á að mikilvægt væri að vinna jarðfræðiúttekt á svæðinu og að meta verndargildi jarðminja áður en ákvarðanir um t.d. útivistarinnviði væru festar í sessi með nýju deiliskipulagi.

Í kjölfarið gerði Reykjavíkurborg samning við Náttúrufræðistofnun um að framkvæma jarðfræðiúttekt og mat á verndargildi jarðminja í Rauðhólum. Niðurstaða þeirrar vinnu má finna í skýrslunni „Rauðhólar í Heiðmörk“ eftir Lovísu Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atla Sigurðsson jarðfræðinga Náttúrufræðistofnunar, en skýrslan var gefin út á heimasíðu stofnunarinnar í nóvember 2020. Í skýrslunni koma fram auk úttektar á jarðfræði svæðisins, kortlagning á svæðum innan fólkvangsins þar sem verndargildi jarðminja er hæst, en mikið raskaðir gervigígar vegna efnistöku einkenna svæðið. Einnig koma fram ýmsar tillögur og ábendingar fyrir deiliskipulagsvinnuna.

Í greinargerð með auglýstri deiliskipulagstillögu er vel gert grein fyrir náttúrufari svæðisins og verndargildi náttúruminja, bæði gróðurlenda og jarðminja. Sett er fram tillaga að nýju stígakerfi, þar sem fjölbreyttar göngu- og reiðleiðir eru skilgreindar og leiðir teknar út sem ekki eru ákjósanlegar. Ábendingum Náttúrufræðistofnunar um að beina helstu stígum frá minnst röskuðustu gervigígunum á norður- og vesturhlutasvæðisins hefur verið fylgt en meginhluti stígakerfisins er skilgreindur innan þess svæðis þar sem gígarnir eru mest raskaðir og einnig er ónauðsynlegum stígum lokað. Staðsetning áningarstaða og bílastæðis er skynsamleg og ætti að beina umferð fólks á svæði innan fólkvangsins sem þola mest álag. Fjallað er um ábendingar Náttúrufræðistofnunar er varða gróður t.d. að halda lúpínu í skefjum og ekki planta hávöxnum trjám. Stjórnar- og verndunaráætlun sem er í smíðum hjá Umhverfisstofnun verður þó meginvettvangur fyrir slíkar aðgerðir er tengjast viðhaldi.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi og lýsir yfir ánægju með útkomuna og að ábendingum stofnunarinnar hafi verið vel tekið og þær innleiddar í skipulagið ásamt upplýsingum um náttúrufar og verndargildi sem stofnunin reiddi fram.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "USK Skipulag" <skipulag@reykjavik.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Minjavarsla" <minjavarsla@reykjavik.is>; "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>; "kristin.loa.olafsdottir@reykjavik.is" <kristin.loa.olafsdottir@reykjavik.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "fakur@fakur.is" <fakur@fakur.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "helgi@skograekt.is" <helgi@skograekt.is>
CC:
Subject: Rauðhólar, auglýsing
Date: 9.6.2021 10:24:33

Góðan dag,
Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla, birtist í Fréttablaðinu 4. júní sl. Tillagan er í kynningu frá 4. júní 2021 til og með 16. júlí 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð: https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/raudholar-0

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. Um er að ræða Rauðhóla sem hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974, ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúnna að Helluvatni. Í tillögunni eru aðalleiðir gangandi og ríðandi um svæðið fest inn á skipulagsáætlun. Er það gert til að auka upplifun ólíkra útivistarhópa í sátt við náttúruna, auk þess sem náttúru- og útivistarstígar eru skilgreindir á uppdrætti. Jafnframt er nýtt bílastæðahólf skilgreint sem jafnframt er þá upphafsstaður fyrir aðkomu inn í Rauðhólana fyrir þá sem koma akandi að svæðinu. Búið er að kortleggja helstu jarðminjar og vistgerðir auk fornleifapunkta. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **4. júní 2021 til og með 16. júlí 2021.** Einnig má sjá tillöguna á vefnum, **www.reykjavik.is, skipulag í kynningu.** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 16. júlí 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
_____
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

_____
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
b.t. Björns Inga Edvardssonar
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. júlí 2021
Tilvísun: 2021060143/10.3

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. HER hefur farið yfir gögn málsins og gefur eftirfarandi umsögn.

Almennt:
HER vill byrja á að taka fram að laga þarf umfjöllun um vatnsverndarsvæðið í tillögunni. Skv. samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015 þá liggur skipulagssvæðið á öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn, öryggissvæði fyrir grunnvatn og á grannsvæði vatnsverndar og því mikilvægt að sú stefna sem tekin er með þróun og notkun svæðisins sé alltaf miðuð við að tryggja vatnsvernd. Vísað er í eldri svæðaskiptingar vatnsverndarsvæðisins þó birtur sé nýi uppdrátturinn frá 2015 í greinargerð og á deiliskipulagsuppdrætti er einnig röng svæðaskipting teiknuð inn. Fjalla þarf skýrar um þær kröfur sem gerðar eru til framkvæmda og uppbyggingar á svæðinu í samræmi við ákvæði samþykktarinnar og meta hvaða áhrif skipulagið getur haft á framkvæmd vatnsverndar. Skýrari vísun þarf að vera til þess að sjónarmið vatnsverndar takmarka það sem heimilt er að gera á svæðinu. Athuga þarf að kröfur eru mismunandi eftir því hvaða gerð svæðis er um að ræða og fjalla ætti sérstaklega um hvert svæði innan deiliskipulagsins miðað við það. Vatnsvernd ætti að vera leiðandi stef í skipulagsgerðinni og öll stefnumörkun varðandi notkun svæðisins að taka mið af því. Koma þarf fram að samráð þurfi við HER um athafnir á skipulagssvæðinu og sækja um leyfi fyrir slíku skv. vatnsverndarsamþykkt.

Hvað varðar fyrirhugað bílaplan vill HER benda á að huga þarf sérstaklega að því að takmarkanir eru á efnisnotkun við uppbyggingu slíks plans vegna vatnsverndar. HER hefur talað fyrir því að hafa safnstæði fyrir bifreiðar utan vatnsverndarsvæðisins og láta fólk fara inn á svæðið með umhverfisvænum ferðamáta s.s. gangandi, á skíðum eða hjólum og því mætti athuga hvort koma mætti fyrir plani annars staðar, í jaðri svæðisins.

HER vill einnig benda á að æskilegast væri að horfa heildstætt á Heiðmerkursvæðið í stað þess að taka út hluta svæðisins eins og hér er gert. Taka þyrfti aftur upp vinnu við heildarskipulag svæðisins. Nauðsynlegt er að marka stefnu varðandi framtíðarnotkun svæðisins, fyrirkomulag útivistar og ekki síst vegamál. Ein helsta ógnin við vatnsvernd er hættan á mengun vegna umferðaróhappa en fjöldi óhappa hefur orðið þegar fólk fer inn á svæðið á vetrartíma í mikilli hálku. Það er mjög mikilvægt að ljúka þessari vinnu svo unnt sé að tryggja öryggi neysluvatns íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartún 12–14
105 Reykjavík

Athugasemdir við einstaka atriði:

- Lagfæra þarf deiliskipulagsuppdrátt í samræmi við svæðaskiptingu vatnsverndarsvæðisins á uppdrætti frá 2015.
- Í kafla 2.3.6. í greinargerð segir að Rauðhólar séu á skilgreindu öryggissvæði B skv. vatnsverndarsamþykkt. Öryggissvæði B er ekki flokkur sem til er í vatnsverndarsamþykkt en eins og segir í greinargerðinni skiptast öryggissvæði í öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn og öryggissvæði fyrir grunnvatn. Það vantar að taka fram að hluti skipulagssvæðisins er einnig inni á grannsvæði vatnsverndar skv. samþykktinni.
- Í kafla 3.2 í greinargerð er tilgreint að ef aðkallandi umferð sé að ræða um stígakerfi vegna sérstakra aðstæðna, viðhalds eða atburða, sé hægt að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar (UST) og Reykjavíkurborgar. Þar er einnig vísað í kafla 3.2.7. þar sem aðrar athafnir, umferð eða viðburðir en áður er nefnt skuli era í samræmi við stjórnunar og verndaráætlun Rauðhólasvæðisins og samstarf og samráð þurfi við UST og Reykjavíkurborg um hvort leyfi þurfi. HER bendir á framkvæmdir, viðhald, umferð og viðburðir eru háðir leyfi HER auk þess sem slíkt þarf einnig í sumum tilvikum að leggja fyrir framkvæmdastjórn um vatnsvernd. Mikilvægt er að taka það fram að leyfi HER sé krafist og að fyrirhugaðar framkvæmdir og annað séu háð því að vatnsverndarsamþykkt heimili slíkt á því svæði.
- Í kafla 3.2.8. í greinargerð segir að Rauðhólar séu að stærstum hluta innan öryggissvæðis B skv. vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, HER ítrekar fyrri athugasemd varðandi þetta atriði. Í sama kafla er talað um upplýsingaskilti á áningarstöðum varðandi lokanir, umferðarhraða og almennar upplýsingar um vatnsvernd og vísað til þess að mikilvægt sé að horfa til hönnunarleiðbeininga UST varðandi skilti. HER bendir á að samráð þurfi við Veitur ohf. og HER varðandi gerð slíkra skilta. Þá er einnig tilgreint að þar sem vegir liggja um brunnsvæði verði settar olíugildrur og jarðvegsdúkar. HER bendir á að enginn hluti skipulagssvæðisins er inni á brunnsvæði.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartún 12–14
105 Reykjavík

UMHVERFIS
STOFNUN

Reykjavíkurborg
Björn Ingi Edvardsson
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. júlí 2021
UST202106-138/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Rauðhólar í Reykjavík

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 9. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fólkvanginn Rauðhóla í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að helstu markmið og viðfangsefni skipulagsins eru að hlúa að svæðinu og stuðla að vernd með því að skilgreina og afmarka svæði og leiðir sem lúta að því að tryggja að umhirða, rekstur og framkvæmdir séu í anda skilgreindra markmiða. Auk þess kemur fram að að skipulagssvæðið er um 145 ha að stærð og nær yfir allan fólkvanginn og lítillega út fyrir jaðar hans. Tillagan gerir ráð fyrir göngu- og hjólaleiðum, útivistarstígum, reiðleiðum og hestaáningu, áninga- og fræðslustöðum og bílastæðum.

Forsendur og gestir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi gesta sem mun heimsækja Rauðhóla. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis og áningarstaða og umfang stíga.

Reiðleiðir um fólkvanginn

Umhverfisstofnun vísar til fyrri samráðsfunda og afstöðu stofnunarinnar, landeiganda og Orkuveitu Reykjavíkur (OR) varðandi tillögur að göngu- og reiðstígum innan marka fólkvangsins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þeir útivistarhópar sem nýti fólkvanginn geti gert það án þess að verndarmarkmið svæðisins séu skert og án þess að árekstrar ólíkra hópa eigi sér stað. Umhverfisstofnun telur að sú vinna sem fram hefur farið, hvað varðar það að finna leiðir til að fólkvangurinn geti nýst ólíkum útivistarhópum án þess verndargildi hans sé ógnað, hafi verið góð og telur að nýjar reiðleiðir sem ekki var fjallað um á áðurnefndum samráðsfundum samræmist ekki þeim rökum sem fram hafa komið í þeirri vinnu. Umhverfisstofnun gerir ekki ráð fyrir að leyfi verði veitt fyrir þeim reiðleiðum sem bætt hefur verið við tillöguna án samráðs með vísan í tillögu og rökstuðning sem stofnunin, landeigandi og OR lagði fram í samráðsferli og er í viðhengi við umsögnina. Í rökstuðningi kemur fram að svæðið sé of viðkvæmt fyrir umferð hesta og þolir ekki það álag, en miklar gróðurskemmdir hafa nú þegar orðið á svæðinu vegna umferð hesta.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin er leyfisveitandi fyrir öllum framkvæmdum innan hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu nr. 185/1974 um fólkvang í Rauðhólum.

Aðgerðaáætlun

Í kafla greinargerðarinnar um ***Úrbætur*** kemur fram að með stjórnunar- og verndaráætlun fylgi aðgerðaáætlun til fimm ára um forgangsröðun aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu árum fyrir fólkvanginn. Þá kemur einnig fram að Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili fyrir aðgerðum en að Reykjavíkurborg fylgi einnig áætluninni. Umhverfisstofnun bendir á að í 83. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að sveitarfélög sem standa að stofnun fólkvangs annast umsjón hans og rekstur og bera af því allan kostnað að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði. Þegar um fólkvanga er að ræða er það því á ábyrgð sveitarfélaga að vinna aðgerðaáætlun og eru þau ábyrgðaraðilar að þeim.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði. Í stjórnunar- og verndaráætlun er lögð fram stefnumótun til næstu ára ásamt aðgerðum til að viðhalda verndargildi svæðisins. Þar skal m.a. fjallað um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks. Ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun skal auglýsa opinberlega og skulu athugasemdir við hana hafa borist innan sex vikna frá birtingu auglýsingarinnar. Áætlunin er háð staðfestingu ráðherra og skal staðfesting og gildistaka áætlunarinnar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar, landeigenda, Reykjavíkurborgar og hagsmunaaðila vinna nú að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Rauðhóla og hafa samráðsáætlun og verk- og tímaáætlun verið birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Elliðavatn

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind.

Stofnunin vill benda á að skipulagstillagan nær til Elliðavatns sem er á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og er tilnefnt vegna ferskvatnsvistgerðar.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar um Elliðavatn til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-

hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Fuglar

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er ríkt fuglalíf. Á vorin verpa ýmsar fuglategundir á votlendinu við ána Bugðu. Nefndir eru hrossagaukar, þúfutittlingar, endur, heiðlóur, spóar, stelkar, maríuerlur, gæsir, jaðrakanar og kríur. Reglulega sést til rjúpna í Rauðhólum en einnig hefur orðið vart við smyril og fálka.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allar framkvæmdir eigi sér stað utan varptíma og að allt rask á vistgerðum með hátt verndargildi, sem m.a. fuglar nýta sér til varps, verði haldið í lágmarki.

Sérstök vernd

Fram kemur í greinargerð að innan deiliskipulagssvæðisins megi finna votlendi sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í greininni er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir eru ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn" lögð áhersla á að einungis ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að stígar verði innan þess svæðis sem er mikið raskað líkt og fram kemur í greinargerð. Stofnunin ítrekar mikilvægi þess að votlendinu verði ekki raskað.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en kynning á fyrstu vatnaáætlun Íslands var kynnt í maí sl. og áætlað er að hún taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Innan fyrirhugaðs deiliskipulagssvæðis rennur áin Bugða sem hefur straumvatnshlotanúmerið 104-934-R og nefnist Hólmsá/Suðurá. Að auki nær skipulagssvæðið að hluta til til Elliðavatns sem hefur vatnshlotanúmerið 104-303-L. Samkvæmt markmiðum laga og reglugerðar um stjórn vatnamála skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Í drögum vatnaáætlunar hafa gæðaþættir ástandsflokkunar verið skilgreindir auk krafa sem vatnshlot þurfa að uppfylla til að standast umhverfismarkmið sín.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða

UMHVERFIS
STOFNUN

breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsd.
Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur

Ábendingar og athugasemdir varðandi tillögu um nýjan reiðstíg í fólkvanginum Rauðhólum

Unnið af fulltrúum Umhverfisstofnunar og landeiganda, Orkuveitu Reykjavíkur

Á fundi samstarfshóps með fulltrúum Fáks þann 27. janúar sl. um deiliskipulag fyrir Rauðhóla, komu fram sjónarmið og óskir Fáks um að fá reiðstíg til viðbótar við þann sem er fyrir í Rauðhólum.

Reykjavíkurborg sendi Umhverfisstofnun nýja tillögu að reiðstíg (blálituð).



Í kjölfar nýrrar tillögu fóru fulltrúar Umhverfisstofnunar og fulltrúi landeiganda, Orkuveita Reykjavíkur í vettvangsferð þann 4. febrúar sl. Einnig var skoðuð tillaga að nýrri hestaáningu. Hér fyrir neðan er að finna ábendingar og athugasemdir við þessar tvær tillögur sem hafa verið lagðar fram, auk hugleiðinga almennt um svæðið og stígaskipulag innan þess.

Vettvangsferð 4. febrúar , 10:30-12:15

René Biasone – fulltrúi Umhverfisstofnunar

Þórdís Björt Sigþórsdóttir – fulltrúi Umhverfisstofnunar

Belinda Eir Engilbertsdóttir– fulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur

Ásta Kristín Davíðsdóttir– fulltrúi Umhverfisstofnunar og landvörður á svæðinu

Um tillögurnar tvær

a) Viðbótar reiðleið í Rauðhólum.

Skoðuð var ný tillaga (blá línan) og athugað hvort hægt væri að leggja reiðstíg á þessum slóðum. Við nánari skoðun kom í ljós að:

1. Hluti viðbótar reiðstígs er á votlendisvæði sem UST og OR eru sammála um að sé of viðkvæmt fyrir umferð hesta (nr. 2 og 3 á korti) og þolir ekki það álag, en miklar gróðurskemmdir hafa nú þegar orðið á svæðinu vegna umferð hesta.
2. Til að þetta gangi upp þá þarf að færa göngu- og hjólastíg inn á ósnortið svæði.
3. UST og OR meta sem svo að hagsunir þess að fá nýjan reiðstíg nái ekki yfir hagsmuni þess að halda svæðinu í góðu ásigkomulagi og telja að taka þurfi tillit til náttúrunnar vegna viðkvæmni hennar á þessum slóðum.

Fulltrúar UST og OR skoðuðu aðra möguleika á reiðstíg og leggja til, til að koma til móts við óskir hestamanna, að merktur verði reiðstígshringur (sjá 1 á kortinu sem hér fylgir) austan megin við Stóra Rauðhól. Þetta er mjög fallegt svæði sem myndi bæta við auka hring á skemmtilegu svæði og þar sem óþarfi er að byggja upp stærri reiðstíg, þessi leið væri til að fara einhesta.

b) Hestaáning

Á samráðsfundinum með fulltrúum Fáks kom fram ósk að hafa hestaáningu innan svæðisins í lítilli laut (sjá n. 4. Í kortinu, rétt hjá útsýnistað norðan við bílastæði). Eins komu fram sjónarmið um að það væri ef til vill óhentugt að hafa hestagerði nálægt bílastæði. UST og OR eru sammála um að þetta gæti verið góð lausn og fallegur áningarstaður fyrir hestamenn, fulltúrar leggja því til að hestagerði verði sett á þennan stað en verði ekki lengur við bílastæði. Aðkomu að hestagerði verði frá núverandi reiðstíg.

Aðrar hugleiðingar

a) **Göngu- og hjólastígur frá bílastæði til vesturs.**

Á samráðsfundinum komu einnig fram áhyggjur varðandi það að hafa reiðstíg nálægt vegi. En þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir að hafa hestagerði við bílastæði telja fulltrúar UST og OR ekki lengur þörf fyrir þennan reiðstíg. UST og OR leggja til að göngu-og hjólastígur verði lagður þar í staðinn (sjá nr. 5 á kortinu) til að tengja betur samgöngukerfi innan Rauðhóla við Heiðmörk. Þessi tenging myndi beina gangandi og hjólandi vegfarendum sem koma frá Heiðmörk við bílastæðið, þar sem er gert ráð fyrir að setja upp upplýsinga og fræðsluskilti, þetta myndi bæta upplýsingaveitu fyrir gesti sem heimsækja Rauðhóla og mun hafa jákvæð áhrif á umgengni þeirra.

b) **Göngu- og hjólastígur austan megin við bílastæði**

Sérfræðingar UST og OR skoðuðu betur göngu- og hjólastíg sem gert er ráð fyrir að leggja austan mengin við bílastæði. Við nánari skoðun kom í ljós að laga mætti á kortinu legu þessa stígs þannig að hann falli betur að umhverfinu (sjá nr. 6 á kortinu og viðbótar skjáskot). Mætti einnig tengja þennan stíg við náttúrustíga sem eru þar nálægt (norðan megin).

c) **Útsýnisstaðir aðgengilegir fyrir hreyfihamlaða**

Tillögur Reykjavíkurborgar á útsýnisstöðum voru skoðaðar og voru fulltrúar Umhverfisstofnunar og Orkuveitu Reykjavíkur sammála um að þær væru góðar. Lagt er til að útsýnisstaður norðan megin við nýja bílastæðið sé einnig aðgengilegur fyrir hreyfihamlaða. Skoða mætti einnig möguleika á að bæta aðgengi niðri í tjörnina sem er við bílastæðið.

d) **Bílastæði**

Í vettvangsferðinni voru einnig skoðaðar tillögur að nýju bílastæði og voru allir sammála um að staðsetningin væri góð bæði með tilliti til öryggis og upplifunar gesta. Fulltrúar Umhverfisstofnunar og OR leggja til að við bílastæðið verði sett fræðslu- og upplýsingaskilti með korti af samgöngukerfi í fólkvanginum. Skilti leiðbeina gestum og þar er hægt að fara yfir umgengisreglur sem bæta upplifun gesta og samskipti milli ólíkra notendahópa. Þá er hægt að veita upplýsingar sem vernda náttúruna og auka öryggi, t.d. að upplýsa hjólandi og fótgangandi að af öryggisástæðum þá sé óheimilt að fara um skilgreinda reiðstíga og og þá sé mælt með því að nota ekki höfuðljós og passa sig að taka tillit til hestamanna við þveranir við reisðtíga. Með því að beina allri umferð akandi á einn stað auðveldar það alla upplýsingagjöf og stýringu um svæðið. Eins er mikilvægt að merkja vel alla stíga svo hestafólk og aðrir hópar séu meðvitaðir um á hvaða stígum þeir mega vera.

e) Aðkomuleið frá Norðlingaholt

Á samráðsfundinum kom einnig fram að aðskilja þarf betur reiðstíg og göngu- og hjólastíga við aðkomuleið að fólkvangingum frá Norðlingaholti (sjá nr 8 á kortinu). Mikilvægt væri einnig að bæta fræðslu- og upplýsingaskilti (með umgengisreglum) við Bugðu við þessa aðkomuleið.

Lokaorð

Ofangreindar tillögur fela í sér ákveðna uppbyggingu á svæðinu þar með talið stígagerð, merkingar og upplýsingagjöf, og gerð nýs bílastæðis. Umhverfisstofnun og OR benda einnig á að hægt er að sækja fjármagn, meðal annars, í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir svæði eins og þetta. UST og OR sendu til Reykjavíkurborgar um miðjan janúar ýtarleg rökstuðning um afmörkun reiðstígs, hjóla-og göngustígs og svo kallaða náttúrustíga um Rauðhóla og um aðskilnað reiðstígs frá öðrum göngu- og hjólastígum. UST og OR fagna því að Reykjavíkurborg hafi tekið tillit til þess að aðskilja reiðstíg frá göngu-og hjólastíg. Í þessari úttekt er ekki endurtekin þau rök sem áður hafa komið fram og er hér vísað til þessa skjals sem lýsir vel afstöðu UST og OR í uppbyggingu samgöngukerfis í fólkvanginum og stýringu mismunandi notendahópa.

Að mati UST og OR er í þessari tillögu sem hér er lögð fram (sjá neðar), reynt að koma til móts við óskir fulltrúa Fáks. Bætt hefur verið viðbótar reiðleið á fallegu svæði í fólkvanginum og tekið hefur verið tillit til óska þeirra um hvað varðar staðsetning á hestaáningu innan svæðisins.


Norðlingaholt
Bugða
Suðurlandsvegur
Fjárborg
Rauðhólar
Stóri-Rauðhóll
Hólmsá
Helluvatn
Elliðavatn
Hrauntúnstjörn
Kirkjuhólmatjörn
Oddgeróisnes
Heiðmerkurvegur
1
2
3
4
5
6
7
8
0
250m
500m
Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.
SKÝRINGAR
SAMGÖNGUR
Vegir
Heimreið (til skýringar)
Stofnstígar
Útivistarstígar
Náttúrustígar
Reiðleiðir
Bílastæði
ÁNINGARSVÆÐI-ISTAÐIR
Áningarstaði
Áningarstaði hestamanna
Útsýnisstaður
Fornleifar 100 ára og eldri
Fólkvangur
Deiliskipulagsmörk
Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt í
þann _____ 202__ og í
þann _____ 202__.
Tillagan var auglýst frá _____ 202__
með athugasemdafresti til _____ 202__ .
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 202__.
STAÐUR SKIPULAGS
LANDMÓTUN
RAUÐHÓLAR
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI
00

UMHVERFIS STOFNUN

borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/#

Apps | Acer | Phone | Géoportail SITNyon | Regionyon | Parc Jura vaudois -... | Nos réserves - Pro... | SiteWatch | Search Global Rese... | Home | Il tuo carrello (13) -...

Borgarvefsjá | Vefsjár | Hliðra | Leita | Þysja | Mæla | Teikna | Prenta | Meira | Eigindaleit | Tengill | Teikningar | GPS | Prófíll | Skýringar | Tímavél | Götusýn



Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjavörður Reykjaness

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 14
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. ágúst 2021
*MÍ*202106-0050/ 6.10 / Þ.H.

Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness
thor@minjastofnun.is

Efni: Rauðhólar - tillaga að deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur borist erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar með tölvubréfi dagsett 9. júní 2021, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi. Fylgiskjöl voru skipulagsuppdráttur dagsettur 22. 3. 2021 ásamt greinargerð. Deiliskipulagssvæðið er um 145 ha og er hluti af jörðinni Elliðavatni. Stærsti hluti svæðisins er friðlýstur fólkvangur, en samhliða skipulagsvinnunni verður unnin stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Markmið skipulagsins er m.a. að tryggja að framkvæmdir og uppbygging innviða á svæðinu verði til að stuðla að vernd þess.

Í greinargerðinni er gefið yfirlit yfir minjar á skipulagsreitnum (bls. 21-22) og eru þar taldar upp 60 minjar, að lang mestu herminjar og síðari tíma minjar, sem sannarlega geta haft varðveislugildi þótt þær falli ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar. Sex minjar hafa náð 100 ára aldri og flokkast þar með til fornleifa. Fornleifar, 100 ára og eldri eru friðaðar, sbr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og er óheimilt að raska þeim eða spilla á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands. Engin uppistandandi hús eru á skipulagssvæðinu sem falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar.

Í 16. gr. laga um menningarminjar segir: *Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig...* Á deiliskipulagsuppdrættinum eru fornleifarnar staðsettar með punktum. Fyrir deiliskipulag dugar hins vegar ekki að minjarnar séu aðeins hnitsettar, heldur þurfa þær að vera uppmældar á kortagrunni þannig að umfang þeirra komi skýrt fram og ljóst sé hver áhrif hugsanlegra framkvæmda munu hafa á þær, sbr. Reglur um

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, 4. gr. þar sem segir: *Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.*

Skráningu minja skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar um fornleifa- og húsaskráningu og nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar, www.minjastofnun.is Samkvæmt þeim skulu sýnilegar fornleifar innan deiliskipulagssvæðis mældar upp og færðar á kortagrunn og útlínur skráðra fornleifa jafnframt færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Til þess að Minjastofnun geti veitt endanlega umsögn sína um skipulagið þurfa gögn þessi að liggja fyrir. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest skrána. Skal landupplýsningagögnum og skýrslum skilað á rafrænu formi til stofnunarinnar ásamt tveimur útprentuðum eintökum af skýrslum.

Markmið skipulagsins fyrir Rauðhóla snýst fyrst og fremst um að tryggja vernd svæðisins og að bæta aðgengi fólks til útivistar og að styrkja þá innviði sem þegar eru til staðar á reitnum. Þar gefst því gott tækifæri til að vernda og kynna þær minjar sem eru á svæðinu og taka þær með markvissum hætti inn í skipulagið. Markmið fornleifaskráningar er ekki aðeins að leitast við að tryggja varðveislu minja við skipulagsgerð heldur einnig að það sé skoðað hvaða möguleikar eru á nýtingu þeirra til hagbóta fyrir samfélagið. Þannig má í skipulagi leggja drög að því að gera áhugaverðar fornleifar og minjastaði aðgengilegar og skiljanlegar almenningi. Þótt meirihluti minjanna á Rauðhólareitnum falli ekki undir verndarákvæði laganna, m.a. mikill fjöldi herminja, þá hvetur Minjastofnun til þess að leitast verði við að tryggja varðveislu þeirra við skipulagsgerð og í verndaráætlun fyrir fólkvanginn.

Ef spurningar vakna um efni bréfs þessa má snúa sér með þær til undirritaðs.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.
henny@minjastofnun.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi.

Borgartún 12-14
105 Reykjavik

Reykjavík 15. september 2021
MÍ202106-0050/ 6.09 / 6275

Efni: Rauðhólar - tillaga að deiliskipulagi

Með tölvupósti dagsett 10. september 2021 barst Minjastofnun Íslands uppfærð skipulagsgögn vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. Meðfylgjandi var skipulagsuppdráttur og greinargerð unnin af Landmótun dagsett 01.09.2021.

Minjastofnun hefur áður veitt umsögn vegna málsins dagsett 9. ágúst 2021. Var þar farið fram á fornleifaskráningu sbr. 16. gr. laga um menningarminjar. Einnig var bent á, að með vinnu að deiliskipulagi gæfist tækifæri til að vernda og kynna þær minjar sem eru á svæðinu fyrir almenningi hvort heldur sem um er að ræða minjar sem falla undir lög um menningarminjar eða yngri minjar eins og t.d. herminjar sem mikið er af á svæðinu.

Minjastofnun barst fornleifaskráning fyrir svæðið þann 30. ágúst 2021, skýrsla nr. 217, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur og er hún í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og telst hún fullnægjandi fyrir afgreiðslu þessa skipulags. Skráðar eru 13 minjar sem náð hafa 100 ára aldri og flokkast þar með til fornleifa. Fornleifar 100 ára og eldri eru friðaðar, sbr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og óheimilt er að raska þeim eða spilla á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Eitt af markmiðum skráningar menningarminja er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Skipulagsvæðið er að einhverju leiti raskað nú þegar þar sem fyrir eru fjölmargar göngu- og reiðleiðir, vegir, bílastæði ofl. Eitt af markmiðum þessa nýja deiliskipulags er að bæta skilgreiningar stígakerfis og leiðir teknar út sem ekki þykja ákjósanlegar. Skipulagið og hið nýja stígakerfi þess mun byggja á núverandi stígakerfi, en tekið er fram í skipulagsgögnum að lega stíganna á skipulagsuppdrætti sé leiðbeinandi og að nákvæmari lega verði valin við nánari hönnun.

Nú þegar útlínur skráðra fornleifa hafa verið færðar inn á skipulagsuppdráttinn má sjá að einhverjir stígar og vegir munu lenda innan 15 metra friðhelgunarsvæðis fornleifanna sbr. 22. gr. laga um menningarminjar. Þar sem þetta á við, telur stofnun að vænlegra sé að nýta núverandi stíga og vegi í stað þess að færa þá út fyrir 15 metra helgunarsvæðið, og raska þar með landinu meira en

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

nú þegar er. Ef aftur á móti er um að ræða nýja framkvæmd (veg, stíg, bílastæði, áningarstað ofl.) fer stofnun fram á að friðhelgunarsvæði fornleifanna verði virt og skipulaginu breytt í samræmi við það. Í þessu samhengi vill stofnunin benda sérstaklega á eftirfarandi fornleifar sem eru í mikilli nálægð við fyrirhugaðar framkvæmdir:

- 214-97 Vatnslögn – Samkvæmt fornleifaskráningunni er hluti leiðslunnar ofan jarðar og myndar hálfgerða garða þar sem hlaðið er að þeim. Stofnunin telur mikilvægt að þessum hleðslum verði ekki raskað. Kanna þarf nánar staðsetningu þeirra og möguleika á að leggja stíga þannig að kynna mætti þessar minjar fyrir almenningi.
- 214-96 Garðlag – Á loftmynd má sjá að garðlagið hefur verið rofið af núverandi stígum. Á skipulagsuppdrætti er áætlað að hér verði stofnstígur. Stofnunin telur mikilvægt að þessu garðlagi verði ekki raskað við þær framkvæmdir. Kanna mætti möguleika á að kynna þessar minjar fyrir almenningi.

Minjastofnun fagnar þeim breytingum sem hafa verið gerðar á kafla 2.5 um nauðsyn þess að koma upp menningarmerkingum og segja sögu setuliðsins á svæðinu ásamt því að forðast að ágengur gróður eyði ummerkjum um minjarnar. Að öðru leyti bendir stofnunin á eftirfarandi úr greinargerð:

- Kafli 1.1 – Þar sem *„Markmið deiliskipulagsins er að hlúa að svæðinu og stuðla að vernd [...]"*, telur stofnunin að bæta þurfi við í lista, hvernig hlúið verði að menningarminjum.
- Kafli 2.3.1 – *„[...]Heimilt er að reisa innan græna trefilsins byggingar og mannvirki sem tengjast skipulagðri útivistar og frístundaiðju. Skýrt skilyrði er að ekki verði tekið land undir slíka starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfinu.[...]"*
  Þar sem ekki eru skilgreindar byggingarlóðir á deiliskipulaginu (fyrir utan eina brú) þurfa áætlanir um byggingar á svæðinu að koma til umsagnar Minjastofnunar svo stofnunin geti metið áhrif mannvirkja á minjar á svæðinu.
- Kafli 3.1 – Varðandi byggingar og framkvæmdir telur stofnunin að bæta þurfi við textann, að allar framkvæmdir á svæðinu eru einnig háðar leyfi Minjastofnunar Íslands vegna menningarminja.

Vill Minjastofnun nota tækifærið og benda á nýútkomnar leiðbeiningar um náttúrustíga og merkingar sem finna á má vefslóðinni: https://godarleidir.is/ Hafa skal samráð við Minjastofnun um gerð upplýsingaskilta varðandi menningarminjar.

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið en minnir á 15 metra friðhelgunarsvæðis fornleifanna sbr. 22. gr. laga um menningarminjar. Þetta á sérstaklega við þar sem tekið var fram í skipulagsgögnum að lega stíganna á skipulagsuppdrætti sé leiðbeinandi og að nákvæmari lega verði valin við nánari hönnun.
Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal

Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík skipulag@reykjavik.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 22. apríl 2022

Varðar: Rauðhólar, **nýtt deiliskipulag.**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 22. mars 2021, að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. Um er að ræða Rauðhóla sem hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974, ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúnna að Helluvatni. Í tillögunni eru aðalleiðir gangandi og ríðandi um svæðið fest inn á skipulagsáætlun. Er það gert til að auka upplifun ólíkra útivistarhópa í sátt við náttúruna, auk þess sem náttúru- og útivistarstígar eru skilgreindir á uppdrætti. Jafnframt er nýtt bílastæðahólf skilgreint sem jafnframt er þá upphafsstaður fyrir aðkomu inn í Rauðhólana fyrir þá sem koma akandi að svæðinu. Búið er að kortleggja helstu jarðminjar og vistgerðir auk fornleifapunkta. Einnig er lögð fram skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. í nóvember 2020 og fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 217. Tillagan var auglýst frá 4. júní 2021 til og með 16. júlí 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsagnir:

1) Skipulagsstofnun dags. 6. júlí 2021, 2) Sveinbjörn Guðjonsen dags. 7. júlí 2021,
3) Dagný Bjarnadóttir f.h. Fáks dags. 7. júlí 2021, 4) Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 15. júlí 2021,
5) Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 15. júlí 2021, 6) Umhverfisstofnun dags. 16. júlí 2021,
7) Minjastofnun Íslands dags. 9. ágúst og 15. september 2021



Auglýst tillaga.

Yfirferða athugasemda og svör við þeim.

1) *Skipulagsstofnun dags. 6. júlí 2021*

Athugasemd: Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna.
Svar: Ekki er talin þörf á viðbrögðum vegna athugasemdar.

2) Sveinbjörn Guðjonsen dags. 7. júlí 2021

Athugasemd: Um er að ræða ábendingar varðandi allskonar, sett upp á samhengislausan hátt og með nokkrum ljósmyndum. Ábendingar varða til að mynda umgegngni, skiltun,verndun, gróður, umbætur o.fl.
Svar: Þakkað er fyrir ábendingarnar en þær varða skipulagstillöguna að litlu leyti og ekki er þörf á viðbrögðum vegna þeirra inn í tillögugerðina.

3) *Dagný Bjarnadóttir f.h. Fáks dags. 7. júlí 2021*

Athugasemd: Fákur fagnar fyrirhuguðu deiliskipulagi og mörgum góðum tillögum í auglýstu skipulagi en benda á nokkur sem félaginu finnst að mætti betur fara t.a.m. stærri hringleið um hólanna sbr. innsend teikning sýnir og finnst mikilvægt að halda stærri hringleið. Fákur benda á önnur atriði til athugunar í athugasemd sinni t.a.m. er varðar áningu, færslu á reiðleiðinni að Heiðmörk o.fl.



Svar: Þakkað er fyrir nokkrar góðar ábendingar og samráð og samstarf við Fák í skipulagsvinnunni sem var öllum til hagsbótar en haldnir voru nokkrir vinnufundur með Fáki ásamt UST til að reyna finna góða sátt um notkun á svæðið fyrir mismunandi hópa. Vissulega er það þannig að ekki er hægt að koma til móts við allar ábendingar og athugasemdir og á það til að mynda varðandi fjölda reiðleiða um svæðið og þá stærri hringleið sem Fákur leggur til en er ekki talinn henta svæðinu sbr. UST bendir á. Hins vegar voru gerðar breytingar á reiðleiðum innan svæðisins og tveimur einhesta hringleiðum bætt við í vestur- og austurhluta deiliskipulagssvæðisins til að koma til móts við athugasemdir hestamanna á svæðinu.

Ennfremur voru gerðar lagfæringar á legu á reið- og gönguleiða sem liggja frá Heiðmerkurvegi í áttina að skilgreindu bílastæði sem og meginreiðleiðinni sem liggur um Rauðhóla.

4) *Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) dags. 15. júlí 2021*

Athugasemd: Fram kemur að NÍ fagnar vinnu við nýtt skipulag auk þess sem orðið var við eldri tillögu þeirra um að vinna jarðfræðiúttekt á svæðinu til að hægt sé að meta verndargildi þeirra. Sú vinna var framkvæmda af hálfu NÍ og niðurstaða þeirrar vinnu má finna í skýrslunni „Rauðhólar í Heiðmörk“ eftir Lovísu Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atla Sigurðsson jarðfræðinga NÍ, en skýrslan var gefin út í nóvember 2020. Í skýrslunni koma fram auk úttektar á jarðfræði svæðisins, kortlagning á svæðum innan fólkvangsins þar sem verndargildi jarðminja er hæst, en mikið raskaðir gervigígar vegna efnistöku einkenna svæðið. Í greinargerð með auglýstri deiliskipulagstillögu er vel gert grein fyrir náttúrufari svæðisins og verndargildi náttúruminja, bæði gróðurlenda og jarðminja. Sett er fram tillaga að nýju stígakerfi, þar sem fjölbreyttar göngu- og reiðleiðir eru skilgreindar og leiðir teknar út sem ekki eru ákjósanlegar. Ábendingum NÍ um að beina helstu stígum frá minnst röskuðustu gervigígunum á norður- og vesturhlutasvæðisins hefur verið fylgt en meginhluti stígakerfisins er skilgreindur innan þess svæðis þar sem gígarnir eru mest raskaðir og einnig er ónauðsynlegum stígum lokað. Staðsetning áningarstaða og bílastæðis er skynsamleg og ætti að beina umferð fólks á svæði innan fólkvangsins sem þola mest álag. Fjallað er um ábendingar NÍ er varða gróður t.d. að halda lúpínu í skefjum og ekki planta hávöxnum trjám. NÍ gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi og lýsir yfir ánægju með útkomuna og að ábendingum stofnunarinnar hafi verið vel tekið og þær innleiddar í skipulagið ásamt upplýsingum um náttúrufar og verndargildi sem stofnunin reiddi fram.
Svar: Í ljósi ábendinga NÍ þá er ekki þörf á frekari viðbrögðum inn í skipulagstillöguna enda var mikil forvinna unnin í samráði við NÍ áður en skipulagstillagan var auglýst sbr. kemur fram að ofan.

5) *Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) dags. 15. júlí 2021*

Athugasemd: Í umsögn HER kemur fram að laga þarf umfjöllun um vatnsverndarsvæðið í tillögunni en skipulagssvæðið er á öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn, öryggissvæði fyrir grunnvatn og á grannsvæði vatnsverndar og því mikilvægt að sú stefna sem tekin er með þróun og notkun svæðisins sé alltaf miðuð við að tryggja vatnsvernd. Lagfæra þarf svæðaskiptingar á teikningum og greinargerð. Jafnframt þarf að fjalla skýrar um þær kröfur sem gerðar er util framkvæmda og uppbyggingar á svæðinu í samræmi við fyrrnefnd ákvæði samþykktar um vatnsvernd og meta hvaða árhif skipulagið getur haft á framkvæmd vatnsverndar o.fl. Varðandi fyrirhugað bílastæðaplan skv. tillögu þá þarf að huga að takmörkunum á efnisnotkun við uppbyggingu á slíku plani vegna vatnsverndar og/ eða koma fyrir stæðunum annars staðar t.d. í jaðri svæðisins. Æskilegt væri að mati HER að horfa heildstætt á Heiðmerkursvæðið í stað þess að skipuleggja hluta þess eins og hér er gert varðandi Rauðhólana og taka ætti upp vinnu við heildarskipulag svæðisins aftur sem fyrst til að marka heildarstefnu varðandi framtíðarnotkun þess, fyrirkomulag útivistar og vegamál/ stígamál enda ein helsta ógnin við vatnsvernd er hætta mengun vegna umferðaróhappa. Sjá jafnframt lista í umsögn á bls. 2 varðandi athugasemdir við eintaka atriði.

Svar: Í samræmi við athugasemdir og ábendingar HER þá voru gerðar breytingar á skipulagsgögnum og til að mynda var kaflinn (í greinargerð ka. 2.3.6) um vatnsvernd lagaður m.t.t. umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þar sem umfjöllun um vatnsvernd var lagfærð en vísað var í eldri svæðisskiptingu vatnsverndar og afmörkun á uppdrætti var lagfærð.

6) *Umhverfisstofnun (UST) dags. 16. júlí 2021*

Athugasemd: UST visa til fyrri funda og afstöðu stofnunnarinnar og landeigenda (OR) varðandi tillögur að göngu og reiðleiðum innan fólkvagnsins og telur UST mikilvægt að þeir útivistarhópar sem nýti fólkvagninn geti gert það án þess að verndarmarkmið svæðisins séu skert og án þess að árekstrar ólíkra hópa eigi sér stað. UST fagnar þessari vinnu við skipulagið sem hefur átt sér stað og telur t.a.m. að nýjar reiðleiðir sem ekki voru ræddar á frumstigum skipulagsins samræmist ekki og henti ekki svæðinu. UST finnst að svæðið sé of viðkvæmt fyrir umferð hesta og bendir á töluverðar gróðurskemmdir þess efnis sem svæðið líður fyrir. Önnur atriði í umsögn varða t.a.m. göngu og stígakerfið, fuglalífið, stjórnunar- og verndaráætlun o.fl. Rétt er að benda á fulltrúar skipulagsins við vinnuna ásamt UST hafa átt í góðu samráði í vinnunni og allir aðilar sammála um mikilvægi þess að klára skipulagsvinnunna þannig að hægt sé að fylgja því síðan eftir með aðgerðaráætlun o.fl. í stjórnunar- og verndaráætlun en sú vinna er yfirstandandi og mun halda áfram eftir gildistöku deiliskipulags Rauðhóla.
Svar: Samráðsfundir að loknu kynningarferli hafa verið haldnir með fulltrúum UST þar sem rætt voru helstu atriðin er varðaði reiðleiðir og voru aðilar sáttir með þá niðurstöðu sem hefur náðst með þeim breytingum sem voru gerðar núna áður en tillagan er samþykkt á ný til endanlegrar staðfestingar. Til að mynda þá var lagfærð umfjöllun að beiðni UST um vatnsvernd en vísað var í eldri svæðisskiptingu vatnsverndar og afmörkun á uppdrætti var lagfærð. Bætt var við umfjöllun um stjórn vatnamála í kafla 2.3.6 um vatnsvernd m.t.t. umsagnar UST. Varðandi reiðleiðir innan svæðis þá sbr. við athugasemd Fáks voru gerðar breytingar á reiðleiðum og endanleg tillaga var rædd á vinnufundi með UST þar sem aðilar eru sammála um þessar málalyktir sem endanleg tillaga sýnir um reiðleiðir og þær lagfæringar sem gerðar voru í lokin. Reykjavíkurborg þakkar UST fyrir mjög gott samstarf við skipulagsvinnuna við Rauðhóla, bæði á upphafsstigum skipulagsins og allan ferlinn og það vonandi heldur áfram við endanlega gerð stjórnunar og verndaráætlunar fyrir svæðið undir forystu UST.

7) *Minjastofnun Íslands (MÍ) dags. 9. ágúst og 15. september 2021*

Athugasemd: Í eldri umsögn MÍ frá águst 2021 þá kom fram að fornleifar staðsettar með punctum á uppdrætti væri ekki fullnægjandi skráning fyrir deiliskipulag, heldur þurfa þær að vera uppfmældar á kortagrunni (fornleifaskráning) þannig að umfangið komi skýrt fram og ljóst þannig hver áhrif hugsanlegra framkvæmda munu hafa áhrif á þær. Í seinni umsögn MÍ frá september 2021 þá í millitíðinni bárust stofnunni uppfærð gögn og fornleifaskráning skýrsla nr. 217 unnin af Borgarsögusafni sem er í samræmi við lög um menningarminjar og telst hún fullnægjandi fyrir afgreiðslu skipulagsins. Kemur þar fram að skráðar eru 13 minjar sem náð hafa 100 ára aldri og flokkast þar með til fornleifa, friðaðar og er óheimilt að raska þeim eða spilla á nokkrn hátt án leyfis MÍ. Með skráningunni er verið að reyna að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Í ljósi gagnanna þá fer MÍ fram á

að nýframkvæmdir og þannig friðhelgunarsvæði fornleifanna verði virt og skipulaginu breytt í samræmi við það og bendir sérstaklega á nokkrar fornleifar sem eru í mikilli nálægð við fyrirhugaðar framkvæmdir, og eru merktar nr. 214-97 vatnslögn, og 214-96 garðlag. MÍ fagnar þeim breytingum sem gerðar voru á kafla 2.5 um nauðsyn þess að koma upp menningarmerkingum og segja sögu svæðisins, ásamt því að forðast að ágengur gróður eyði ummerkjum um minjarnar.

Svar: Í samræmi við ábendingar og athugasemdir MÍ þá var umfjöllun um fornleifar og uppdráttur uppfærður með tillit til nýrrar fornleifaskráningar frá Borgarsögusafni, sjá kafla 2.5 í greinargerð skipulagsins.

Niðurstaða

Lagt er til að auglýst tillaga fyrir skiplagið verði samþykkt með vísan til þeirra svara og breytinga sem koma fram hér í umsögn skipulagsfulltrúa. Breytingar eru gerðar á auglýstri tillögu er varðar:

Gerðar voru breytingar á skipulagsgögnum í samræmi við umsagnir sem bárust. Til að mynda var kafli um vatnsvernd lagaður m.t.t. umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þar sem umfjöllun um vatnsvernd var lagfærð en vísað var í eldri svæðisskiptingu vatnsverndar og afmörkun á uppdrætti var lagfærð. Bætt var við umfjöllun um stjórn vatnamála í kafla 2.3.6 um vatnsvernd m.t.t. umsagnar Umhverfisstofnunar og umfjöllun um fornleifar og uppdráttur var uppfærður m.t.t. nýrrar fornleifaskráningar.

Gerðar voru einnig breytingar á reiðleiðum innan svæðisins og tveimur einhesta hringleiðum bætt við í vestur- og austurhluta deiliskipulagssvæðisins til að koma til móts við athugasemdir hestamanna á svæðinu. Ennfremur voru gerðar lagfæringar á legu á reið- og gönguleiða sem liggja frá Heiðmerkurvegi í áttina að skilgreindu bílastæði sem og meginreiðleiðinni sem liggur um Rauðhóla.

Frá auglýsingu deiliskipulags Rauðhóla hefur tekið í gildi nýtt aðalskipulag Reykjavíkur með gildistíma til ársins 2040. Áfram gildir umfjöllun í greinargerð þar sem ekki var gerð nein breyting á stefnu svæðisins en skipt var út mynd af aðalskipulagi Reykjavíkur á uppdrætti og sett inn hlutamynd af aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð hefur verið uppfært í samræmi við það og fær breytingardags. 20. apríl 2022.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, **/Björn I. Edvardsson**



Lagfærð tillaga, dags. 20. apríl 2022.